FRÉTTABLAÐIÐ
236. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 6. OKTÓBER 2016

# Ungar stúlkur þjást af kvíða og þunglyndi

**Kvíði og þunglyndi er vaxandi vandamál meðal stelpna í 8. til 10. bekk. Ástæðan rakin til mikillar notkunar samfélagsmiðla. Dæmi um stelpur sem sofa með síma sína og vakna reglulega við þá.**

**SAMFÉLAG** Greina má vaxandi einkenni kvíða og þunglyndis hjá stelpum á landinu öllu í 8. til 10. bekk. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skýrslu Rannsókna og greiningar, um lýðheilsu ungs fólks.

Fylgni er á milli mikils kvíða og þunglyndis og mikillar notkunar á samskiptamiðlum. „Þegar við horfum á breytingar á meðaltölum yfir kvíða sjáum við ekki mikið vera að gerast. Aftur á móti þegar við skoðum stúlkur, sérstaklega þær sem eru hvað verst settar gagnvart kvíða og þunglyndi, kemur í ljós að sá hópur hefur stækkað verulega á örfáum árum,“ segir Inga Dóra Sigfúsdóttir, stofnandi Rannsókna og greiningar. Skýrslan hefur verið kynnt bæjarfélögum en rannsóknirnar eru framkvæmdar meðal allra barna í grunnskólum landsins á nokkurra ára fresti.

Ingibjörg Eva Þórisdóttir, doktorsnemi í sálfræði, vinnur að doktorsverkefni um þetta vandamál. Að sögn Ingu Dóru sér Ingibjörg mjög skýrt í tölfræðinni í skýrslunni að sterk tengsl séu milli mikillar notkunar á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum og kvíða og þunglyndis. „Jafnvel er það þannig að stelpur sem eru í erfiðri stöðu varðandi efnahag og annað, Facebook virðist magna upp vanda og auka líkur á kvíða. Ég hef ákveðnar kenningar um að það tengist samanburði. Ung stúlka sagði við mig ekki alls fyrir löngu að þetta snerist allt um að fá like. Ef það eru ekki komin nógu mörg like þá ertu annaðhvort ekki nógu falleg eða vinirnir eru of fáir.“

> Ung stúlka sagði við mig ekki alls fyrir löngu að þetta snerist allt um að fá like.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, stofnandi Rannsókna og greiningar og prófessor við Háskólann í Reykjavík



Einnig kom í ljós að svefn nemenda er of lítill. Um 30-40% nemenda sofa um sjö klukkustundir eða minna á sólarhring. Til eru dæmi um stelpur sem sofa jafnvel með símann við hliðina á sér og vakna við hverja tilkynningu sem Facebook sendir. – **bbh**



Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Finnum á Laugardalsvellinum í kvöld í undankeppninni fyrir HM í knattspyrnu. Liðið æfði í roki og grenjandi rigningu í gær. Fremstur fór fyrirliðinn, Aron Einar Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Rektorar lýsa þungum áhyggjum

**MENNTAMÁL** Rektorar allra háskóla á Íslandi lýsa þungum áhyggjum sínum af málefnum háskóla landsins. Þeir segja fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2017 til 2021 gera ráð fyrir heildarútgjaldaaukningu til uppbyggingar ýmissa innviða samfélagsins en skilja háskólana eftir. Þetta kemur fram í áskorun sem þeir birta í Fréttablaðinu í dag.

Rektorarnir segja úttektir OECD sýna að íslenskir háskólar séu undirfjármagnaðir og fái helmingi lægra framlag á hvern nemanda en háskólar annarra Norðurlanda.

„Við óbreytt ástand geta háskólarnir ekki starfað áfram með eðlilegum hætti. Háskólastarfi á landinu er stefnt í hættu. Við skorum því á stjórnmálamenn, sem nú bjóða sig fram til Alþingis, að láta verkin tala. Fjárfesting í háskólum er fjárfesting í velsæld, atvinnutækifærum og í framtíðinni,“ segir í áskoruninni. – **þea**

## 350 milljónir í heilsugæslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Ákveðið hefur verið að veita 350 milljónir króna af fjáraukalögum til að styrkja heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra kynnti tillögu þessa efnis á ríkisstjórnarfundi í gær. Hefur hún jafnframt verið samþykkt af fjárlaganefnd.

Alþingi samþykkti í byrjun júní frumvarp heilbrigðisráðherra um lækkun á kostnaði sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Lögin koma til framkvæmda 1. febrúar á næsta ári.

Við umfjöllun velferðarnefndar Alþingis um lagabreytinguna var það samdóma álit heilbrigðisráðherra og nefndarmanna að nauðsynlegt væri að undirbúa heilsugæsluna fyrir breytingarnar vegna aukinna verkefna sem þeim fylgja með auknu fjármagni. – **jhh**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Elín Björg Jónsdóttir skrifar um samkomulagið um lífeyriskerfið. 24

**SPORT** Finnar fengu sinn Lars frá Lars. 38

**MENNING** Fulltrúar feðraveldisins frumsýna helst til of stóra sýningu í Borgarleikhúsinu. 48

**LÍFIÐ** Russell Crowe greindi frá því að hryðjuverkasamtökin al-Kaída hefðu ráðgert að ræna honum. Frægt fólk er oft skotmark glæpamanna. 62



**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Suðaustan 5-13 í dag og rigning suðaustanlands, en annars lítil úrkoma og yfirleitt þurrt fyrir norðan. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast norðanlands. SJÁ SÍÐU 44



Diane James hætti og Nigel Farage er tekinn við aftur, í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Farage getur ekki hætt

**BRETLAND** Nigel Farage ætlar að vera bráðabirgðaformaður breska UKIP-flokksins þangað til nýr leiðtogi verður kosinn.

Hann sagði af sér í sumar eftir að hafa náð fram helsta baráttumáli sínu, þegar Bretar höfðu samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að segja sig úr Evrópusambandinu.

Diane James var kosin leiðtogi í staðinn, en hún sagði óvænt af sér í gær eftir að hafa verið aðeins átján daga í embættinu.

Hún sagðist ekki njóta nægilegs trausts innan flokksins til að gera þær breytingar á honum, sem hún hafði lofað að gera.

„Ég er alltaf að reyna að sleppa,“ sagði Farage í gær, „en áður en ég er alveg laus þá toga þau mig til baka.“ – gb

> Ég er alltaf að reyna að sleppa, en áður en ég er alveg laus þá toga þau mig til baka.
>
> Nigel Farage, formaður UKIP


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


# Illviðri í Reykjavík



Starfsmenn Faxaflóahafna uppgötvuðu um klukkan sex í gærkvöldi að víkingaskipið Vésteinn var að fyllast af sjó þar sem það lá við bryggju við Norðurbugt á Granda. Skipið sökk við bryggjuna eftir að sjór skvettist um borð í rokinu. Ketill Magnússon, eigandi skipsins, segir að lensidæla hafi líklega slegið út. Vésteinn hefur verið notaður í siglingar með ferðamenn en siglingum hafði verið hætt fyrir veturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ki-Moon ræðir leiðtogafundinn

**UTANRÍKISMÁL** Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, heldur erindi á fundi sem haldinn verður í Háskóla Íslands á laugardaginn.

Fundurinn er um arfleifð og áhrif leiðtogafundarins í Höfða sem fór fram fyrir þrjátíu árum. Sá fundur þeirra Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíls Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, er af mörgum talinn hafa markað upphafið að endalokum kalda stríðsins.

Opnunarávörp flytja Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. – jhh



Ban Ki-moon

# Matvörurnar bornar heim í Nirvana-bol

Verkefnið Plastpokalaus Hornafjörður snýst um að útrýma plastpokanotkun í sveitarfélaginu. Í stað þess að raða vörunum í plastpoka raða bæjarbúar nú í taupoka sem saumaðir eru á staðnum úr gömlum Nirvana- og Decode-bolum.

**SAMFÉLAG** „Þetta verkefni fæddist nú bara á kaffistofum og í spjalli. Ástæðan fyrir því að flestir nota ekki taupoka er að fólk gleymir honum annaðhvort heima hjá sér eða úti í bíl. Þá kom þessi hugmynd að hafa körfu í búðinni og bolapokarnir yrðu geymdir þar,“ segir Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, verkefnastjóri Nýheima á Höfn í Hornafirði.

Guðrún setti af stað verkefni sem gengur út á að losa Hornafjörð undan notkun plastpoka og fékk sveitarfélagið með sér í lið. Matvörubúðin á Höfn, Nettó, tók einnig vel í hugmyndina og við innganginn í búðinni stendur karfa með saumuðum bolapokum. „Við gerðum áætlun um að við þyrftum um 5.000 bolapoka til að það sé alltaf nóg í körfunni við innganginn. Við settum hópavinnu af stað og hittumst reglulega og saumum poka úr gömlum bolum og efnum sem fólk hefur gefið okkur. Það hafa komið alls konar skemmtileg gardínuefni, gamlir nærbolir og flott efni. Við klippum ermarnar og hálsmálið og þetta er allt þvegið vel og vandlega þannig að matvælin eru sett í hreina og fallega poka.“

Saumakonurnar hittast í saumastofu sem sveitarfélagið lánar þeim einu sinni í mánuði. Fólkið hefur tekið verkefninu vel og má sjá unga sem aldna ganga út úr Nettó með vörur í Nirvana-, Iron Maiden-, Decode- eða Simpson-bolum með bros á vör. „Verkefnið gengur vel þótt ekki séu allir meðvitaðir um að það sé komið í gang. Fólk þarf að átta sig á því að þetta er verkefnið okkar en ekki bara mitt. Fólk heldur stundum að ég eigi að sauma alla pokana en ég get það ekki þó að ég væri gjarnan til í það. Þetta hefur gengið vel og það eru yfirleitt alltaf pokar í körfunni. Bókasafnið hér í Hornafirði er byrjað á þessu og ég held að það sé alveg hætt að útdeila plastpokum,“ segir hún en ein kona frá Búðardal sem heimsótti Höfn í sumar byrjaði á svipuðu verkefni. Guðrún segir að það sé mikil stemning fyrir átakinu í bænum. „Þetta er töff. Það er miklu skemmtilegra að fara heim með vörurnar í flottum taupoka en í plastpoka. Ungt fólk hér hefur tekið þessu vel og það var ein ung stelpa sem kallaði á eftir mér að þetta verkefni væri geggjað. Þá varð ég stolt,“ segir hún en markmiðið er að dreifa verkefninu um allt Suðurland og svo um landið allt.

benediktboas@frettabladid.is



Saumasnillingarnir frá Höfn. Fremst í hvítu er Matthildur Ásmundsdóttir, svo Ragnhildur Hrafnkelsdóttir, Ástríður Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Sturlaugsdóttir, Ólafía Gísladóttir, Berglind Steinþórsdóttir og Helga Árnadóttir. MYND/SIGRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

> Þetta er töff. Það er miklu skemmtilegra að fara heim með vörurnar í flottum taupoka en í plastpoka. Ungt fólk hér hefur tekið þessu vel og það var ein ung stelpa sem kallaði á eftir mér að þetta verkefni væri geggjað. Þá varð ég stolt.
>
> Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, verkefnastjóri Nýheima á Höfn




Þjáist þú af mígreni?




Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana




Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# Miðbæjarhótel tryggja sig í Aðalstræti

**VIÐSKIPTI** „Við erum að tryggja okkar rekstur til framtíðar,“ segir Kristófer Oliversson, eigandi Miðbæjarhótela, sem samið hafa um kaup á hluta af Aðalstræti 6 og 8 í Reykjavík.

Kaupverðið er tæpir 2,5 milljarðar króna að því er segir í tilkynningu frá seljandanum, fasteignafélaginu Reitum. Viðskiptin snúast um Aðalstræti 8 að frátalinni efstu hæðinni þar sem Félagsbústaðir Reykjavíkur eiga íbúðir og Aðalstræti 6 utan tveggja hæða sem ekki eru í eigu Reita.

Fyrir kaupin leigðu Miðbæjarhótel stærstan hluta eignarparts Reita í byggingunum tveimur undir hótelið Centerhotel Plaza. „Við erum í þessum rekstri til frambúðar og teljum rétt að gera þetta frekar en að þurfa að endurnýja leigusamning eftir fá ár. Leigusamningur við okkur sjálfa rennur ekki út,“ segir Kristófer.

Aðalstræti 6 hýsti til áratuga starfsemi Morgunblaðsins og var við það kennt. Kvikmyndahúsið Fjalakötturinn stóð áður þar sem núverandi bygging í Aðalstræti 8 stendur. – gar

> Leigusamningur við okkur sjálfa rennur ekki út.
>
> Kristófer Oliversson, eigandi Miðbæjarhótela



Aðalstræti 8 til vinstri og Aðalstræti 6 fyrir miðri mynd eru áberandi byggingar við Ingólfstorg. Aðalstræti 6 er oft kallað Morgunblaðshúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Solberg segir Norðmenn þurfa að gera ráð fyrir minni tekjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Tíu mögur ár fram undan

**NOREGUR** Eftir 20 ára góðæristímabil í Noregi stefnir nú í að minnsta kosti tíu mögur ár, að því er Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, greinir frá. Hún segir marga einstaklinga mega gera ráð fyrir minni tekjum.

Á viðskiptavefnum e24.no er vitnað í viðtal Solberg í Bergens Tidende þar sem hún segir að leggja eigi áherslu á tæknivæðingu í velferðarmálum þannig að færri starfsmenn verði á hvern sjúkling. Jafnframt verði lögð áhersla á þekkingu og menntun.

Hjálpa þurfi fleiri börnum þar sem flóttamönnum í landinu hafi fjölgað. Þekkingarsamfélagið skeri úr um hvort breytingarnar takist. – ibs

## Gekk tvívegis í skrokk á konu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir endurteknar líkamsárásir á fyrrverandi sambýliskonu sína árið 2012 og 2013.

Hann var ákærður fyrir líkamsárásir í lok nóvember 2013 fyrir að hafa ráðist á konuna með höggum og spörkum í andlitið þannig að hún féll á járnhlið, tekið hana kverkataki og troðið fingrum í augu hennar og munn með þeim afleiðingum að hún hlaut meðal annars glóðarauga á báðum augum.

Hins vegar fyrir að hafa í maí 2012 slegið konuna með kertastjaka þannig að hún rifbeinsbrotnaði. – jhh

# Hert á heimildum til hlerana

Ábyrgð ríkissaksóknara við eftirlit með símhlerunum eykst samkvæmt lagabreytingu. Hæstaréttarlögmaður fagnar breytingunum. Dómstólar veittu lögreglu 726 sinnum heimild til hlerana á árunum 2009 til 2013.

**DÓMSMÁL** Lögreglunni verður gert erfiðara fyrir að stunda símhleranir í rannsóknarskyni samkvæmt nýjum ákvæðum í sakamálalögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok september og taka gildi um næstu áramót. Lagabreytingarnar fela í sér að þrengt hefur verið að skilyrðum sem þarf að uppfylla til að fá heimild til símhlerunar. Þannig verður sakborningi skipaður talsmaður sem gætir hagsmuna hans fyrir héraðsdómi og ábyrgð ríkissaksóknara við eftirlit með framkvæmd símhlerana verður meiri en áður var.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður fagnar breytingunum. „Ég tel að þetta sé til mikilla bóta, það liggur fyrir að þetta hefur á köflum verið eins og villta vestrið, þar sem nánast allar kröfur sem komið hafa frá lögreglunni hafa verið samþykktar og stimplaðar af Héraðsdómi eftirlitslaust. Það hefur enginn verið til staðar til að gæta hagsmuna þess sem er hleraður. Þess vegna er augljós réttarbót í þessum lögum og því ber að fagna lagasetningunni,“ segir Vilhjálmur.

Lögregla og dómstólar hafa í gegnum tíðina verið harðlega gagnrýnd fyrir framkvæmd símhlerana. Felst sú gagnrýni helst í því hve gjarnir dómstólar eru á að úrskurða heimildir og hve lítið eftirlit er haft með framkvæmd símhlerunarinnar og eftirmálum hennar. Á árunum 2009 til 2013 veittu héraðsdómstólar á Íslandi lögreglu 726 sinnum heimild til símhlerana en í eingöngu fjögur skipti var kröfu lögreglu hafnað. Dómstólar urðu því við kröfum lögreglu á þessu tímabili í rúmlega 99,5 prósentum tilfella.

Símhlerun er íþyngjandi rannsóknarúrræði lögreglunnar og er því mikilvægt að þeim sem hleraðir hafa verið sé tilkynnt um það þegar aðgerð lýkur. Vilhjálmur segist þekkja mörg dæmi þess að lögreglan sinni ekki þessari tilkynningarskyldu. Hann hafi sent fyrirspurn á héraðssaksóknara til þess að fá upplýst hvaða rannsóknaraðgerðum einn umbjóðandi hans hefði sætt. Héraðssaksóknari svaraði því til að umbjóðandi Vilhjálms hefði aðeins verið til rannsóknar í því máli sem til meðferðar var. Vilhjálmur sendi því sömu fyrirspurn til ríkissaksóknara en samkvæmt svari hans hafði umbjóðandi Vilhjálms sætt símhlerun í eldra máli. Það mál var til lykta leitt í Hæstarétti og samkvæmt skráningu lögreglu hafði ekki verið tilkynnt um hlerunina.

Sakamálalögum hefur nú verið breytt á þann veg að ríkissaksóknara ber að tryggja að sá sem hefur verið hleraður fái vitneskju um það innan tólf mánaða frá því aðgerð lögreglu lauk. thorgeirh@frettabladid.is



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu við rannsóknarstörf. Hert verður á heimildum lögreglu til þess að hlera. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það hefur enginn verið til staðar til að gæta hagsmuna þess sem er hleraður.
>
> Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður



KIA Ábyrgð fylgir!

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is



**Kia Sorento EX Premium**
Árgerð 5/2014, ekinn 92 þús. km, dísil, 2.200cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.
**5.990.000 kr.**
49.200 kr. á mánuði*
5 ár eftir af ábyrgð



**Kia Sportage EX 4WD**
Árgerð 9/2014, ekinn 86 þús. km, dísil, 2.000 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,2 l/100 km.
**3.990.000 kr.**
33.200 kr. á mánuði*
5 ár eftir af ábyrgð



**Kia cee'd LX**
Árgerð 9/2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.400 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn, eyðsla 4,2 l/100 km.
**2.690.000 kr.**
22.300 kr. á mánuði*
6 ár eftir af ábyrgð



**Kia Optima EX Premium**
Árgerð 3/2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 1.700 cc, 136 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, eyðsla 4,6 l/100 km.
**3.990.000 kr.**
33.200 kr. á mánuði*
5 ár eftir af ábyrgð

* Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%.
Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT




## Glímt við fárviðrið



Fellibylurinn Matteus hefur gert mikinn usla á Haítí og Kúbu og stefndi í gær til Flórída, þar sem íbúar búa sig undir átök þótt eitthvað verði krafturinn orðinn minni í honum þá. Þarna eru íbúar skammt suður af Port-au-Prince á Haítí að reyna að fara yfir ána Rouyonne, sem venjulega er frekar lítilfjörleg. NORDICPHOTOS/AFP

# Gagnrýna vinnubrögð við vindorkugarð

**Íbúar í Þykkvabænum eru langþreyttir á hugmyndum Biokraft um að reisa þrettán vindmyllur nærri þéttbýlinu. Vindmyllurnar eru á hæð við tvo Hallgrímskirkjuturna. Lög um rammaáætlun ná ekki yfir vindorkugarða.**

**RAFORKA** Íbúar í Þykkvabænum gagnrýna harðlega hugmyndir fyrirtækisins Biokraft um uppbyggingu vindmyllugarðs á svæðinu. Um er að ræða 13 vindmyllur sem allar verða 150 metrar á hæð, tvöföld hæð Hallgrímskirkjuturns. Íbúi segir forsvarsmann fyrirtækisins hafa reynt að fá sig á band fyrirtækisins með landaskiptum og lægra rafmagnsverði.

„Hann gaf mér vel undir fótinn með að við gætum haft hag af því að hafa landaskipti og bætti því við að ég myndi hafa mikinn hag af því. Einnig bauð hann mér miklu lægra rafmagnsverð, yrði vindmyllugarðurinn að veruleika,“ segir Jón Þórarinn Magnússon, íbúi á Bala í Þykkvabæ. Hann segist hafa gagnrýnt áformin á opnum fundi með íbúum þar sem hann hafi átt land sem þurfti að kaupa. „Steingrímur sagði undir rós að það gæti kannski verið mér í hag og ég haft kláran ávinning umfram aðra ef ég hætti að gagnrýna uppsetninguna.“

Biokraft hefur sent tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Engin lög eru til um vindorkubú sem þessi og þurfa framkvæmdirnar ekki að fara í gegnum umfjöllun í rammaáætlun. Það er álit Orkustofnunar að vindorka falli ekki undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Undir þau lög falla aðeins jarðhiti og fallvötn.

Íbúar í Þykkvabænum hafa mótmælt harðlega áformum fyrirtækisins. Hafa íbúar safnað undirskriftum og haldið fundi um vindorkugarðinn.

Gyða Árný Helgadóttir, íbúi í Þykkvabæ, segir fyrirhugaðar framkvæmdir rýra lífsgæði íbúanna sem og lækka verð fasteigna þeirra. „Það er of mikið í húfi hér en ávinningur sveitarfélagsins er ekki mikill. Það er enginn fjöldi sem mun vinna við þessar vindmyllur. Einnig er bæði hljóð- og sjónmengun af þessu. Hér eru mikil víðerni og langt í næstu fjallgarða og því munu 150 metra háar vindmyllur breyta ásýnd þessa ferðamannasvæðis gríðarlega,“ segir Gyða Árný.

sveinn@frettabladid.is

### Vindmylla norðan Þykkvabæjar

Turn vindmyllanna er hærri en Hallgrímskirkja




**13** vindmyllur eiga að rísa í vindmyllugarðinum í Þykkvabænum.

**»** Íbúi á svæðinu segir fyrirhugaðar framkvæmdir rýra lífsgæði íbúanna og lækka verð fasteigna.



AMERÍSKIR DAGAR
6.-16. OKTÓBER
NÝTT
ATLANTA CHEESECAKE
Hágæða ostakökur beint frá USA.
Kíktu á úrvalið!
KYNNINGAR:
Garðabær: Fimmtudaginn 6. október kl. 15-19
Spöng: Föstudaginn 7. október kl. 15-19
Kringlan: Föstudaginn 7. október kl. 15-19
Skeifan: Laugardaginn 8. október kl. 15-19
BEINT FRÁ USA
Eggo vöfflur
Eins og úr annari vídd
T.G.I. Friday´s
Þú þarft ekki einu sinni að panta borð!
Brookside
Þurrkuð ber hjúpuð dökku súkkulaði
Amerískt gos
Svalaðu þorstanum
Lender´s beyglur
America´s Favorite Bagel
Pop tarts
Rista og njóta
NÝTT
Panda Express sósur
3 tegundir af frábærum sósum frá einum besta kínverska veitingastað í heiminum
NÝTT
Jif hnetusmjör og duft
Gómsætt á brauðið, í baksturinn og í smoothie
Gildir til 16. október á meðan birgðir endast.
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Stjórnvöld dragbítur á eðlilega þróun

**Stjórnvöld verða að gyrða sig í brók og marka stefnu í uppbyggingu ferðaþjónustu til lengri tíma. Spár um fjölgun ferðamanna hafa einkennst af skammsýni sem gæti reynst dýrkeypt. Gríðarleg uppbygging er í farvatninu hjá WOW air, fullyrðir forstjórinn.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Vöntun á framsýni og skilningsleysi stjórnvalda á þróun ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið dragbítur á nauðsynlega uppbyggingu. Stefnumörkun til lengri tíma og framkvæmdir verða að koma til. Stærsti flöskuhálsinn er Keflavíkurflugvöllur sem er löngu sprunginn, og á sama tíma og útflutningstekjur af ferðaþjónustu eru 500 milljarðar er rifist um smáaura við einstakar framkvæmdir.

Þetta kom meðal annars fram í máli Skúla Mogensen, forstjóra WOW air, í erindi hans á ráðstefnu Íslenska sjávarklasans í gær undir heitinu Flutningalandið Ísland, en þetta er þriðja árið í röð sem staðið er fyrir ráðstefnu undir þessu heiti og er hún haldin að frumkvæði flutninga- og hafnahóps Sjávarklasans sem samanstendur af 20 fyrirtækjum.

### Áætlanir of varlegar

„Það vantar áþreifanlega heildstæða stefnu og skilning. Því miður hefur stærsta vandamál okkar hér á Íslandi verið að allar áætlanir og spár um komur farþega til Íslands hafa verið allt of varlegar. Þetta er mjög alvarlegt ástand og á þetta við um greiningardeildir, hið opinbera eða Isavia þar sem spár hafa gert ráð fyrir mun minni vexti en raunin varð og skuldbindingar okkar til dæmis gerðu ráð fyrir. Sem betur fer hefur orðið vakning að undanförnu hvað þetta varðar, og vonandi erum við komin á þann stað að trúa því að mikill vöxtur á næstu árum er staðreynd,“ sagði Skúli.



Skúli Mogensen spáir því að níu milljónir farþega fari um Keflavíkurflugvöll á næsta ári – stöðug uppbygging síðustu ára hefur engan veginn dugað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tvöföldun í farþegafjölda

**1,6 MILLJÓNIR** – Farþegar WOW air verða **1,6 milljónir** á þessu ári og áætlanir gera ráð fyrir þremur milljónum farþega strax á næsta ári – sem er nálægt tvöföldun.

Starfsmannafjöldinn er um **700** manns en fer yfir þúsund á næsta ári.

**11** – WOW er með **ellefu þotur** í loftinu nú þegar og þeim verður fjölgað í sautján áður en næsta ár verður liðið.

Velta félagsins verður um **36 milljarðar** árið 2016 og er áætluð á milli **50** og **60 milljarðar** á því næsta.

| 2016 | 2017 |
|---|---|
| 36 MILLJARÐAR | 50-60 MILLJARÐAR |

Framtíðarsýnin er að fjölga vélum félagsins í **30** til **40** innan ekki langs tíma. 40/30

### Þúsund milljarðar

Skúli trúir því að útflutningstekjur af ferðaþjónustu verði brátt þúsund milljarðar á sama tíma og aðrir máttarstólpar efnahagslífsins, stóriðja og sjávarútvegur, vaxi ekki. Þessi vöxtur ferðaþjónustunnar sé hins vegar svo sannarlega ekki kominn til vegna langtíma stefnumörkunar stjórnvalda heldur byggist fyrst og síðast á einkaframtaki – framkvæmdagleði og nýsköpun fólks um allt land. Áhrifa þessa gæti út um allt samfélagið, hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þó þess sé ekki að finna stað í hagtölum.

Skúli sagði Suðurnesin nærtækasta dæmið um gjörbreytt ástand. Þar sem fyrir skemmstu streymdi fólk til Reykjavíkur til að sækja vinnu hefur dæmið nú snúist við. Strax á næsta ári þurfi að manna 1.500 stöður í tengslum við Keflavíkurflugvöll og ekki fljótséð hvernig það verður gert. Það eru því „krítísk mál“ sem þarf að leysa vegna þess vaxtar sem er fyrirséður næstu árin – þó aðstaða og mönnun sleppi væntanlega til á næsta ári.

### Tækifærið að glatast?

„En árið 2018 og árin þar á eftir erum við að lenda á vegg mjög víða, og það verður ekki leyst nema að það verði allsherjar viðhorfs- og stefnubreyting. Sem hefst hjá stjórnvöldum,“ sagði Skúli.

Annað dæmi – ekki eins nærtækt – nefndi Skúli og fjallaði um uppbyggingu alþjóðaflugvallarins í Dúbaí sem var byggður í miðri eyðimörk en er í dag sá stærsti í heimi og tekur á móti 78 milljónum farþega á ári, og flestir sem koma þar við vegna tengiflugs annað. Ekki er um tilviljun að ræða heldur niðurstöðu af stefnumörkun til 20 ára. Af þessu geta Íslendingar lært, segir Skúli og nauðsynlegt að vera stórhuga ef tækifærið á ekki að glatast til að ná þeim viðskiptum sem eru í seilingarfjarlægð. Staðsetning landsins er nefnilega betri en Dúbaí – en í okkar tilfelli með tilliti til flugs til Norður-Ameríku og Evrópu.

> **Við erum að lenda á vegg mjög víða, og það verður ekki leyst nema að það verði allsherjar viðhorfs- og stefnubreyting.**
>
> Skúli Mogensen, forstjóri WOW air



### Asía

„Bætum svo Asíu við, og það er ekkert leyndarmál að ég hef metnað til að gera það og mun gera það, því Ísland er í kjöraðstæðum til þess. Það er enginn annar staður, landfræðilega séð, sem er í jafn góðri aðstöðu til að gera þetta og við – Ísland. Þetta er niðurstaðan þegar það sem skiptir mestu máli er skoðað – flugtíminn á milli staða,“ sagði Skúli og bætti við að bráðnauðsynlegt væri að grípa tækifærið núna. Ef ekki þá muni beint flug með stærri vélum aukast hraðar en ella – og þegar megi sjá því stað að flugfélög í Evrópu hugi að slíku flugi. Þegar hafa flugfélög eins og Norwegian og fleiri pantað stórar þotur í þessum tilgangi – en félagið hefur staðfest móttöku á 22 Boeing Dreamliner breiðþotum á næstu tveimur árum. Því sé stóraukin samkeppni á flugleiðum íslensku flugfélaganna staðreynd sem verður ekki mætt nema með að fjölga flugleiðum og viðkomustöðum. Nú þegar sé helmingur flugfarþega sem fljúga yfir landið tengifarþegar – eða um 50 milljónir manna – og ekkert því til fyrirstöðu að þeir tengi sig við sinn áfangastað í gegnum Keflavíkurflugvöll eins og flugvelli í stórborgum sitt hvorum megin Atlantsála.

En á meðan þessi er staðan segir Skúli að umræðan hér heima snúist um að byggja flugvöll í Hvassahrauni sem sé ekkert annað en dragbítur á það sem raunverulega þarf að gera. Byggja upp í Keflavík.

„Það er grátlegt að eyða óhemju tíma í að ræða fram og til baka um flugvelli í Vatnsmýri eða Hvassahrauni á meðan við erum að horfa á þetta tækifæri fara framhjá okkur. Hagsmunirnir eru marfaldir miðað við þá innanlandspólitík sem er í umræðunni. Hvert ár sem við tefjum nauðsynlega uppbyggingu mun kosta okkur tugi milljarða á hverju ári sem líður,“ sagði Skúli og bætti við að málið snúist alls ekki um að koma sem flestum ferðamönnum inn í landið heldur að krækja í þá sem hafa ekki hug á að heimsækja landið heldur komi við á leiðinni annað. Uppbyggingin verði að taka tilliti til þess.





Barre æfingakerfið er sérstaklega samsett styrktar- og teygjuæfingakerfi sem mótar fallega vöðva og grennir allan líkamann.

Unnið mest með eigin líkamsþyngd bæði á gólfi og við stöng. Vöðvarnir eru þjálfaðir að þreytumarki eftir ákveðnu kerfi ofhleðslu og teygjuæfinga. Stífar æfingar fyrir rass, kvið og læri skila þeim grönnum, stinnum og stæltum.

Nánari upplýsingar og skráning á www.hreyfing.is

HREYFING
Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - S: 414-4000 - www.hreyfing.is

# HÁSKÓLAR Í HÆTTU

*– yfirlýsing frá rektorum háskóla á Íslandi*

---

Við undirrituð, rektorar allra háskóla á Íslandi, lýsum þungum áhyggjum af málefnum háskóla landsins. Fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2017–2021 gerir ráð fyrir heildarútgjaldaaukningu til uppbyggingar ýmissa innviða samfélagsins - en skilur háskólana eftir.

Úttektir Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sýna að íslenskir háskólar eru verulega undirfjármagnaðir og fá helmingi lægra framlag á hvern nemanda en háskólar annars staðar á Norðurlöndum.

Háskólar eru ómissandi fyrir þróun íslensks samfélags. Þeir búa ungt fólk undir þátttöku í atvinnulífi og samfélagi og gera því kleift að hafa frumkvæði og áhrif til farsældar fyrir þjóðfélagið allt. Við fullyrðum að áframhaldandi undirfjármögnun háskólastigsins mun hafa verulega neikvæð áhrif á háskólanám, rannsóknir, menningarstarf og nýsköpun og þar með samfélagsþróun og samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Við óbreytt ástand geta háskólarnir ekki starfað áfram með eðlilegum hætti. Háskólastarfi á landinu er stefnt í hættu.

Við skorum því á stjórnmálamenn, sem nú bjóða sig fram til Alþingis, að láta verkin tala. Fjárfesting í háskólum er fjárfesting í velsæld, atvinnutækifærum og í framtíðinni.

---

*Jón Atli Benediktsson*
*rektor Háskóla Íslands*

*Ari Kristinn Jónsson*
*rektor Háskólans í Reykjavík*

*Eyjólfur Guðmundsson*
*rektor Háskólans á Akureyri*

*Fríða Björk Ingvarsdóttir*
*rektor Listaháskóla Íslands*

*Vilhjálmur Egilsson*
*rektor Háskólans á Bifröst*

*Erla Björk Örnólfsdóttir*
*rektor Háskólans á Hólum*

*Björn Þorsteinsson*
*rektor Landbúnaðarháskóla Íslands*

# Skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis

## Svona skiptist fylgið milli flokka

■ Kosningar 2013 ■ Könnun 26. september 2016 ■ Könnun 3. og 4. október 2016





## Frá Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

Framboðsfrestur til alþingiskosninga sem fram eiga að fara 29. október 2016, rennur út kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 14. október nk.

**Framboð í Norðvesturkjördæmi skal tilkynna skriflega til yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, sem veitir þeim viðtöku í Mjólkursamlaginu, Skúlagötu 10, Borgarnesi, föstudaginn 14. október 2016, kl. 09.00-12.00.**

Á framboðslistum skulu vera nöfn 16 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal greinilega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í Norðvesturkjördæmi um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram.

Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 240 hið fæsta og eigi fleiri en 320. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir verður kjósandinn ekki talinn meðmælandi neins þeirra. Einnig skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Óskað er eftir að framboðslistum verði skilað á rafrænan hátt skv. leiðbeiningum landskjörstjórnar á netfangið kgjo@simnet.is. Form til þess að skrá listann má finna á vef landskjörstjórnar, www. landskjor.is, undir almennum leiðbeiningum.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði www.Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

**Vakin er athygli á að skila skal frumritum meðmælendalista til yfirkjörstjórnar.**

Fundur yfirkjörstjórnar til að úrskurða um framboð, þar sem umboðsmönnum framboðslista gefst kostur á að vera viðstaddir, verður haldinn í Mjólkursamlaginu, Skúlagötu 10, Borgarnesi, laugardaginn 15. október 2016 kl. 15.00.

Meðan á kosningu stendur, laugardaginn 29. október 2016, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis í Mjólkursamlaginu, Skúlagötu 10, Borgarnesi, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22.00.

*Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis*
*4. október 2016*

*Kristján G. Jóhannsson oddviti*
*Ríkarður Másson* *Guðný Ársælsdóttir*
*Guðrún Sighvatsdóttir* *Björg Gunnarsdóttir*


# Tveggja flokka stjórn væri ekki möguleg

**Sjö stjórnmálaflokkar næðu kjörnum mönnum á Alþingi samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Niðurstöðurnar benda til að ekki væri hægt að mynda tveggja flokka stjórn. Prófessor í stjórnmálafræði segir allmikil tíðindi í könnuninni.**

**STJÓRNMÁL** Sjö flokkar yrðu á Alþingi, yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var á mánudag og þriðjudag. Samkvæmt útreikningum, þar sem tekið er tillit til útreiknaðra jöfnunarsæta, má búast við því að Sjálfstæðisflokkurinn fengi 18 þingmenn, Píratar þrettán, VG níu þingmenn, Framsóknarflokkurinn átta og Samfylkingin sex.

Viðreisn og Björt framtíð fengju svo hvor flokkur minnst fjóra þingmenn. Þar með væri 62 þingsætum úthlutað. Annaðhvort Viðreisn eða Björt framtíð fengju 63. þingmanninn en þar sem flokkarnir eru jafn stórir í könnuninni er ekki hægt að spá um það með vissu hvor fengi þingsætið. Yrðu þetta niðurstöðurnar væri ekki hægt að mynda tveggja flokka ríkisstjórn að loknum kosningum.



Miðað við nýjustu könnunina er allt útlit fyrir að flokkur Óttars Proppé, Björt framtíð, muni eiga fulltrúa á Alþingi eftir næstu kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur sagði í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær að allmikil tíðindi fælust í könnuninni. „Ég myndi segja að það væru allmikil tíðindi í þessari könnun. Annað er jú það hversu mikið flökt er á fylginu. Svona nálægt kosningum þá er þetta óvanalega mikið flökt og það er engu hægt að slá föstu nú þegar,“ segir Eiríkur. „Hins vegar er að Björt framtíð rís upp og vel yfir þröskuldinn í þessari könnun og þá blasir við sú einstaka staða sem við höfum ekki séð áður, gangi þessi könnun eftir, að á næsta kjörtímabili verði sjö flokkar á Alþingi. Það felur í sér grundvallarbreytingu á flokkakerfinu.“

> **Hins vegar er að Björt framtíð rís upp og vel yfir þröskuldinn í þessari könnun.**



Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær sveiflast fylgi Sjálfstæðisflokksins mikið á milli kannana. Hann var með 34,6 prósenta fylgi í könnuninni sem gerð var 26. september en 25,9 prósenta fylgi í könnuninni sem gerð var 3. og 4. október. Nýja könnunin sýnir að flokkurinn er rétt undir kjörfylgi sínu 2013. Erfitt er að fullyrða um skýringar á sveiflunni milli kannana, að öðru leyti en því að fyrri könnunin er gerð sama kvöld og eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi og örfáum dögum eftir að fyrsti umræðuþáttur forystumanna stjórnmálaflokkanna fór fram í sjónvarpi. Sömu aðferðafræði var beitt í báðum könnunum að öðru leyti en því að fyrri könnunin var framkvæmd á einum degi en sú seinni á tveimur.

Hringt var í 1.258 manns þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 3. og 4. október. Svarhlutfallið var 63,7 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 58,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

**jonhakon@frettabladid.is**

# Snýr við hlutverkum flokkanna

**BRETLAND** Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins, vill snúa við hlutverkum stóru flokkanna. Verkamannaflokkurinn sé orðinn „illkvittni flokkurinn“ en Íhaldsflokkurinn eigi að snúa sér að því að „styðja þá sem veikburða eru og rísa gegn þeim sem völdin hafa“.

> **Theresa May segir peningaöflin oft bregðast almenningi.**

Þetta sagði hún í lokaræðu sinni á landsþingi Íhaldsflokksins í gær, en hún tók við stjórn flokksins í sumar eftir að David Cameron sagði af sér.

Hún fór að vísu ekkert í grafgötur með það að hún styddi frjálsan markað heilshugar, rétt eins og fyrri leiðtogar flokksins, en sagði peningaöflin oft bregðast almenningi. Og þá verði stjórnvöld að bregðast við og „leiðrétta markaðinn“.

„Þegar markaðir virka öfugt, þá eigum við að vera reiðubúin til að grípa inn í,“ sagði hún. **- gb**




DEBENHAMS

Haust-
ÚTSALAN
ER HAFIN

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND



Klappað að lokinni undirritun samkomulags í Havana á Kúbu. Frá vinstri eru Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, Børge Brende, utanríkisráðherra Noregs, Raul Castro, forseti Kúbu, Mauricio Macri, forseti Argentínu, og Rodrigo Londono Echeverri, leiðtogi FARC. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Timoleon Jimenez, jafnan nefndur Timochenko, leiðtogi FARC-hreyfingarinnar, fylgist með atkvæðatalningu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Friðarsamkomulagið

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að semja um frið milli Kólumbíustjórnar og FARC-hreyfingarinnar. Þær urðu allar árangurslausar þar til viðræður hófust árið 2012 í Havana á Kúbu, með milligöngumönnum frá bæði Kúbu og Noregi ásamt stuðningi frá Venesúela og Síle.

Fyrirfram var ákveðið að viðræðurnar ættu að snúast um að draga úr fátækt í sveitum landsins og tryggja jafnframt að þegar skæruliðarnir legðu niður vopn gætu þeir haldið áfram baráttu sinni með friðsamlegum hætti á vettvangi stjórnmálanna. Viðræðurnar snerust einnig um það hvers konar fyrirkomulag ætti að taka við eftir að fíkniefnaframleiðsla legðist af. Þá voru ákvæði í samningunum um það hvernig bæta ætti fórnarlömbum átakanna það tjón, sem þau hafa orðið fyrir, en þau skipta milljónum.

Samkomulag var í höfn í sumar og undirritað á Kúbu í lok september. Timochenko, leiðtogi skæruliðahreyfingarinnar, baðst afsökunar: „Ég bið um fyrirgefningu fyrir allan þann sársauka sem við höfum valdið meðan þetta stríð stóð yfir.“

# Reynt að bjarga friðarsamkomulagi

**Hvorki Santos Kólumbíuforseti né Timochenko, leiðtogi skæruliðahreyfingarinnar FARC, virðast hafa mikinn áhuga á að hefja hernað á ný, þótt friðarsamkomulag hafi verið fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillögur hafa þegar komið fram um breytingar á samkomulaginu.**

**KÓLUMBÍA** Mikil óvissa ríkir enn um framvindu mála í Kólumbíu eftir að friðarsamkomulag við FARC-skæruliða var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina. Lítill vilji virðist þó til þess að snúa aftur til vopnaðra átaka.

Juan Manuel Santos forseti hefur heitið að gera allt sem í sínu valdi stendur til að bjarga friðarsamningnum, en segir að vopnahléið sem samið hafi verið um eigi að renna út um næstu mánaðamót.

Timochenko, leiðtogi skæruliðahreyfingarinnar, spyr á móti hvort meiningin sé virkilega að hefja stríð að nýju. Í yfirlýsingu frá skæruliðunum segir að friður sé ekki í hættu, vopnahléið eigi að gilda áfram.

Dómsmálaráðuneyti Kólumbíu sendi svo frá sér tilkynningu þar sem segir að vel sé mögulegt að framlengja vopnahléið.

Úrslitin voru mjög naum, aðeins 50,2 prósent kjósenda felldu samkomulagið. Nú virðist stefnt að því að gera breytingar á því svo hægt verði að bera það aftur undir þjóðaratkvæði.

Friðarsamkomulagið var ekki síst umdeilt vegna ákvæða um að skæruliðarnir eigi að sleppa við refsingu gegn því að játa brot sín. Í staðinn þyrftu þeir að bæta fyrir afbrot sín með því að lagfæra skemmdir, fjarlægja jarðsprengjur og hjálpa fórnarlömbum sínum.

Svipað samkomulag reyndist vel í Suður-Afríku, þar sem hvítir aðskilnaðarsinnar fengu grið gegn játningu afbrota sinna, en þar voru haldnar ítarlegar yfirheyrslur í heyranda hljóði þar sem böðlar og forsprakkar minnihlutastjórnarinnar þurftu að svara til saka.

Strax fáum dögum eftir að samkomulagið var fellt eru komnar fram hugmyndir um breytingar á því, sem eigi að gera það líklegra að hann fái samþykki þjóðarinnar.

Þar á meðal er lagt til að leiðtogar skæruliðanna þurfi að sæta fangelsisvist og að öðrum, sem hafa framið glæpi, verði bannað að bjóða sig fram til opinberra embætta. Þá verði séð til þess að skæruliðarnir noti illa fengið fé sitt til þess að greiða fórnarlömbum sínum skaðabætur. gudsteinn@frettabladid.is



Manuel Marulanda, nefndur Tirofijo, og Luis Alberto Morantes Jaimes, einnig nefndur Jacobo Arenas, tveir af stofnendum FARC-skæruliðahreyfingarinnar, í fjallahéruðum Kólumbíu einhvern tíma á áttunda áratugnum. NORDICPHOTOS/AFP

## Byltingarhugsjónir

Skæruliðasamtökin FARC hófu árið 1964 vopnaða baráttu gegn stjórninni í von um að geta gert þar byltingu. Skammstöfunin FARC stendur fyrir Fuerzas Armadas Revolucionarias de Columbia, sem kalla mætti Byltingarhersveitir Kólumbíu.

Leiðtogar hreyfingarinnar voru byltingarsinnaðir marx-leninistar sem horfðu ekki síst til fyrirmyndarinnar frá Kúbu þar sem Fidel Castro og félagar hans höfðu aðeins fimm árum áður steypt stjórn Batista forseta.

Skæruliðarnir náðu smám saman stórum hluta landsins á sitt vald, stærra svæði en aðrir byltingarhópar sem einnig börðust við stjórnarherinn. Hreyfingin var fjölmennust um síðustu aldamót, þegar talið er að allt að 20 þúsund manns hafi tilheyrt henni, en nú eru þeir nokkur þúsund.

Átökin hafa kostað meira en 200 þúsund manns lífið og milljónir manna hröktust að heima vegna þeirra.

**200.000**

**manns hafa látið lífið vegna átaka FARC-skæruliða og stjórnarliða sem hófust árið 1964.**



Kólumbískur hermaður virðir fyrir sér tank sem notaður var undir fljótandi kókaín í kókaínverksmiðju FARC-hreyfingarinnar í skógum Kólumbíu. NORDICPHOTOS/AFP

## Mannrán og fíkniefnagróði

Til að fjármagna starfsemi sína gripu FARC-skæruliðarnir um og upp úr 1980 til þess ráðs að stunda bæði mannrán og fíkniefnasölu.

Þeir rændu þúsundum manna og kröfðust lausnargjalds, vel á þriðja tug þúsunda samkvæmt opinberum tölum. Sumir sluppu ekki lifandi úr haldi ræningjanna. Þeir tóku einnig að framleiða fíkniefni og smygla úr landi, ekki síst til Bandaríkjanna þar sem eftirspurnin er óþrjótandi. Í staðinn streymdu peningar í sjóði samtakanna.

Þessi glæpastarfsemi, bæði mannránin og fíkniefnastússið, gróf hins vegar undan vinsældum hreyfingarinnar meðal almennings. Byltingarljóminn dofnaði og reiði gróf um sig þegar ættingjum og ástvinum var rænt eða þeir flæktust í fíkniefnafen hreyfingarinnar.




# YVESSAINTLAURENT KYNNING Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI OG HOLTAGÖRÐUM 6. – 12. OKTÓBER



**VINSÆLASTA BB KREMIÐ FRÁ YSL NÚ Í NÝJUM UMBÚÐUM**

Allt í einu kremi.

- Jafnar húðlitinn og áferð húðarinnar
- Nærir og rakafyllir húðina
- Húðin sýnist fersk og ljómandi
- SPF 25 /PA++ Verndar húðina gegn skaðlegum UVA og UVB geislum
- Fáanlegt í tveimur litum: Light og Medium

**20% AFSLÁTTUR Á KYNNINGU**

**Kaupauki fylgir með 2 eða fleiri keyptum YSL vörum meðan birgðir endast**

**NÝTT**



**EXPERT MAKEUP REMOVER FYRIR AUGU OG VARIR**

- Fjarlægir allar gerðir augnfarða, vatnshelda og long lasting
- Fjarlægir allar gerðir varalita, jafnvel þá litsterkustu
- Hentar vel fyrir viðkvæm augu

**TOP SECRETS LIP PERFECTOR 3 IN 1 VARAKREM**

- Næring og mýkt sem endist
- Slípar varirnar á mildan hátt
- Eykur náttúrulegan lit varanna



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# AFMÆLISHÁTÍÐ

# ALLT AÐ 40%

## AF EFTIRFARANDI VÖRUR

### TÖLVUR - MYNDAVÉLAR - FYLGIHLUTIR SÍMA O.FL.

**15% afsláttur**
HEILSUÚR – PC TÖLVUR – PC FARTÖLVUR - MYNDAVÉLAR
SKJÁIR - FLAKKARAR OG HARÐIR DISKAR
GPS STAÐSETNINGARTÆKI

**20% afsláttur**
SÍMA FYLGIHLUTIR
PRENTARAR – MÝS OG LYKLABORÐ
TÖLVUHÁTALARAR

**15% afsláttur**
TÖLVULEIKIR

**30% afsláttur**
NETBÚNAÐUR
HEYRNARTÓL FYRIR TÖLVUR

**20% afsláttur**
DVD & BLU-RAY MYNDIR

**40% afsláttur**
MINNISKORT
MINNISLYKLAR

## TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU Í VERSLUN ELKO Á GRANDA

OPIÐ FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG: 11-19 - LAUGARDAG: 11-18 - SUNNUDAG: 12-18

# ELKO GRANDA AFSLÁTTUR

# FLOKKUM 6.-9. OKTÓBER

## HEIMILISTÆKI

15% afsláttur

ELDAVÉLAR
ÞURRKARAR
ÞVOTTAVÉLAR

20% afsláttur

RYKSUGUR
BLANDARAR
VÖFFLUJÁRN
BRAUÐRISTAR
GUFUSTRAUJÁRN
ÖRBYLGJUOFNAR
HRAÐSUÐUKÖNNUR
HEILSU- OG SAMLOKUGRILL

## HLJÓÐ & MYND

15% afsláttur

SJÓNVÖRP
HÁTALARAR

20% afsláttur

MAGNARAR
BÍLTÆKI
HEIMABÍÓ
HLJÓMTÆKI
HEYRNARTÓL
ÚTVÖRP
PLÖTUSPILARAR

6 ÁRA

ELKO
GRANDA - FISKISLÓÐ 15



Leikmenn karlalandsliðsins lyftu hnjánum hátt á harðahlaupum um Laugardalsvöll til þess að tryggja að þeir væru í sem bestu standi fyrir leikinn gegn Finnum í kvöld.

# Æfðu sig í ofviðri

Vilhelm Gunnarsson
villi@365.is
ljósmyndari



**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu æfði á Laugardalsvelli í gær. Liðið etur kappi við Finna í kvöld í undankeppni Heimsmeistaramótsins sem fram fer í Rússlandi á næsta ári. Rok og hellirigning var á vellinum á meðan liðið æfði.**



Heimir Hallgrímsson er ekki aleinn þótt Lars Lagerbäck sé horfinn á braut. Hann nýtur traustrar aðstoðar þegar hann stýrir liðinu öðru sinni í undankeppni HM og nú án Lars.



Sjá mátti liðsmenn og starfsmenn brosa þrátt fyrir að veðrið léki þá grátt í gær.



Ragnar Sigurðsson miðvörður ræðir við miðjumanninn og fyrirliðann Aron Einar Gunnarsson, ef til vill um leikplanið.




Landsliðið notast við ýmiss konar æfingabúnað til að undirbúa sig og drekkur nóg af íþróttadrykkjum til að ofþorna ekki.

Við þökkum fyrir 25 farsæl ár á Íslandi og bjóðum

# 25% afslátt

## af verði allra vörutegunda

**6.- 10. október**




THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

**Alltaf á móti prófunum á dýrum**

VIÐSKIPTI

# Náttúrulaugar opnaðar í Deildartungu

**Stefnt er að opnun Kraumu-náttúrulauga á næstu mánuðum við Deildartunguhver, vatnsmesta hver í Evrópu. Bræður frá Deildartungu ásamt eiginkonum sínum standa að baki laugunum. Á svæðinu verða heitir pottar, gufuböð, munaverslun og veitingastaður auk bars.**

Stefnt er að opnun Kraumu-náttúrulauga við Deildartunguhver í vetur. Á svæðinu verða steyptir heitir pottar, tvö gufuböð og veitingastaður og munasala. „Ef allt gengur að óskum ættum við að geta opnað í nóvember,“ segir Dagur Andrésson.

Dagur, ásamt eiginkonu sinni Báru Einarsdóttur, bróður sínum Sveini Andréssyni og eiginkonu hans Jónu Ester Kristjánsdóttur, stendur að baki félaginu Deildartungu ehf. sem vinnur að uppbyggingunni. Bræðurnir eru fæddir og uppaldir í Deildartungu og hluti af landi þeirra fer undir framkvæmdirnar.

Deildartunguhver er vatnsmesti hver í Evrópu, austan við hverahólinn og suður fyrir hann liggur sprunga sem úr streyma um 180 lítrar af 100°C heitu vatni á hverri sekúndu. Dagur áætlar að yfir tvö hundruð þúsund manns heimsæki svæðið á ári hverju.

Krauma-náttúrulaugar verða með steypta potta sem ekki innihalda sjálfhreinsandi efni eins og klór. Gestir munu baða sig í vatni beint úr hvernum, sem blandað verður með köldu vatni úr Rauðsgili. „Þarna verður einnig hvíldarherbergi og tvær gufur á þessu laugarsvæði sem verður skjólsælt, inni verður svo fínn veitingastaður, bar og munasala, þar sem áherslan verður lögð á lúxusvörur,“ segir Dagur.

**550**

**fermetrar er heildarstærð bygginganna á svæðinu.**

**Við viljum frekar hafa lægri hámarksfjölda til að fólk njóti þess betur.**

Dagur Andrésson

Byggingarnar á svæðinu verða rúmir 550 fermetrar. Skiptiaðstaða verður fyrir 140 manns í aðalbyggingu svæðisins, hámarksfjöldinn verður því 140 manns í laugunum að sögn Dags. „Við viljum frekar hafa lægri hámarksfjölda til að fólk njóti þess betur, ef það verður yfirfullt þá lækkum við bara hámarksfjöldann, við leggjum meiri áherslu á að fólk njóti aðstöðunnar.“

Lögð verður áhersla á gott aðgengi frá Deildartunguhver og upphitaður gangstígur mun liggja þaðan að Kraumu.

Fyrsta skóflustungan var tekin þann 26. apríl í fyrra og hófust framkvæmdir tveimur dögum síðar. Nú er allt á lokametrunum. „Það er búið að helluleggja allt nema laugarsvæðið, það er verið að flísaleggja inni og setja upp innréttingar, þannig að ef allt gengur að óskum ættum við að geta opnað í nóvember,“ segir Dagur.

Dagur gerir ráð fyrir ellefu til tólf ársverkum í upphafi, en svo mun starfsmönnum vonandi fjölga.

**saeunn@frettabladid.is**



**Framkvæmdir við Kraumu eru á lokametrunum en náttúrulaugarnar verða í fyrsta lagi opnaðar í nóvember.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Gestir munu baða sig í vatni beint úr hvernum blönduðu með köldu vatni úr Rauðsgili.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Atvinnuleysið minnst á Íslandi

Atvinnuleysi hjá bæði ungu fólki (15-29 ára) og hjá almenningi á aldrinum 15 til 65 ára er minnst á Íslandi meðal OECD-ríkja, miðað við tölur frá árinu 2015. Störfum hefur fjölgað eilítið almennt, en störfum fyrir ungt fólk hefur fækkað örlítið á milli áranna 2007 og 2015 á Íslandi. Þetta kemur fram í nýju riti Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, Society at a Glance, sem gefið var út í gær.

Í ritinu er sérstaklega varpað ljósi á stöðu ungs fólks innan OECD-ríkja. Fimmtán prósent ungs fólks á aldrinum 15 til 29 voru hvorki í vinnu, námi eða í starfsnámi (NEET) í OECD-löndunum árið 2015 en það eru 40 milljónir manna. Meira en tveir þriðju þeirra voru ekki að leita sér að vinnu en talið er að verg landsframleiðsla í OECD-löndum myndi aukast um 0,9 til 1,5 prósent ef þetta fólk væri í vinnu.

**15%**

**ungra innan OECD voru hvorki í vinnu né í skóla.**

Ísland er með lægsta hlutfall ungs fólks sem flokkast undir NEET, en versta ástandið er í Tyrklandi. Atvinnuþátttaka ungra er mest í löndum þar sem ungt fólk starfar meðfram námi, en á Íslandi starfar meirihluti ungs fólks sem er í námi. **– sg**

## Watchbox sækir út með nýja vöru

Íslenska frumkvöðlafyrirtækið Watchbox er um þessar mundir að rúlla út Watchbox for work vöru sinni, eins konar Snapchat fyrir vinnustaði. Hvert fyrirtæki fær lokaðan séraðgang og heimasvæði þar sem starfsmenn geta deilt myndum og stuttum myndböndum af því sem gerist í vinnunni, allt frá einhverju sniðugu í hádegismatnum til árshátíðarinnar.

„Við gáfum út fyrsta appið sem hét Watchbox í apríl 2015, við sáum svo stórt gat á markaði fyrir fyrirtækjalausn. Fyrirtæki eru með alls konar tól til að miðla upplýsingum og öðru en það er kannski ekki mikið af tólum fyrir vinnuna sem snúast um að hafa gaman, búa til meira fjör á vinnustaðnum og auka samheldnina,“ segir Davíð Símonarson, framkvæmdastjóri Watchbox.



**Starfsmenn Watchbox eru fjórir í dag en mun líklega fjölga á næstunni, sér í lagi í söludeild.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við gáfum út appið Watchbox for work í maí og nokkur fyrirtæki, meðal annars Já og Gallup, hafa verið mjög ánægðir kúnnar í nokkra mánuði. Við erum svo komin með samninga við Expectus og Advania. Varan sem slík er tilbúin núna, hún virkar mjög vel og nú er fókusinn á það að rúlla þessu út til eins margra fyrirtækja og við getum,“ segir Davíð.

Watchbox mun færa út kvíarnar á næstu mánuðum en Davíð mun verða í San Francisco næstu tvo mánuði, þar sem markmiðið er að rúlla vörunni út til fyrirtækja þar, sækja aukið hlutafé og opna söluskrifstofu. **– sg**

LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Strepsils

Dregur úr eymslum og ertingu í hálsi

- á aðeins 5 mínútum




**Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm munnsogstöflur. Samantekt á eiginleikum lyfs - styttur texti SPC. Innihaldsefni:** 2,4-tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg, amýlmetakresól 0,6 mg. **Ábendingar:** Eymsli og erting í hálsi. **Skammtar og lyfjagjöf:** Strepsils Cool: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm: Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Börn á aldrinum 6-11 ára: Lyfið skal gefa undir eftirliti fullorðins aðila. Börn yngri en 6 ára: Vegna lyfjaformsins skal notkun takmarkast við börn eldri en 6 ára. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna. **Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun:** Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Warm inniheldur glúkósa og súkrósa. Sjúklingar með frúktósaóþol, glúkósa-galaktósavanfrásog eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Strepsils Jordbær Sukkerfri inniheldur ísómalt og maltitól sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

W

E

**LEIÐTOGAFUNDUR –** 30 ÁRA AFMÆLI

# ARFLEIFÐ OG ÁHRIF
## LEIÐTOGAFUNDARINS

Utanríkisráðuneytið og Höfði Friðarsetur efna til ráðstefnu í **Hátíðarsal Háskóla Íslands 8. október 2016** kl. 15–18 í tilefni af þrjátíu ára afmæli fundar Reagans og Gorbachevs í Höfða.

**Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, flytur hátíðarávarp.**

**15.00** Ráðstefnustjóri: **Jón Atli Benediktsson** rektor Háskóla Íslands.

**15.05** Opnunarávarp: **Lilja Alfreðsdóttir** utanríkisráðherra.

**15.15** Frú **Vigdís Finnbogadóttir** forseti Íslands 1980–1996.

**FYRIRLESTRAR OG UMRÆÐUR**

**15.35** Upphafið að endalokum kalda stríðsins – áhrif á alþjóðavísu og heima fyrir. **Albert Jónsson** sendiherra.

**15.50** Í pallborði: **Baldur Þórhallsson**, **Ragnheiður Elín Árnadóttir**, **Sigríður Snævarr** og **Össur Skarphéðinsson**.

Stjórnandi umræðu: **Bogi Ágústsson** fréttamaður RÚV.

**16.30** **Kaffihlé**

**16.45** Hátíðarávarp: **Ban Ki-moon** aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

**17.00** Áskoranir í dag – nýjar ógnir. **Silja Bára Ómarsdóttir** aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

**17.15** Í pallborði: **Guðmundur Hálfdánarson**, **Vera Knútsdóttir**, **Óttarr Proppé** og **Unnur Brá Konráðsdóttir**.

Stjórnandi umræðu: **Lóa Pind Aldísardóttir**, fréttamaður Stöðvar 2.

**17.45** Lokaávarp: **Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 81560 10/16




Borgin Philadelphia í Pennsylvania-fylki í Bandaríkjunum er sögufræg fyrir margar sakir. Þar var sjálfstæðisyfirlýsingin staðfest árið 1776 og stjórnarskráin undirrituð þann 1787. Í Philadelphiu nútímans eru bjartsýnin og gleðin í fyrirrúmi.

Fyrsta flug Icelandair til borgarinnar verður þann 30. maí 2017 og flogið verður fjórum sinnum í viku fram á haustið.



Þú getur tekið tvær töskur með þér
á leiðinni til og frá Norður-Ameríku.

Þú getur bæði notað og safnað
Vildarpunktum um borð.

ICELANDAIR

# Sykurþjóðin



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Íslendingar eru bæði langfeitasta þjóðin og mestu gosdrykkjaþambarar Norðurlandanna. Við erum svo miklir gossvelgir að við drekkum rúmlega þrisvar sinnum meira af sykruðu gosi á ári hverju en Finnar.

Framboð af sykruðu gosi í Finnlandi er 45 lítrar á mann á ári. Hér á Íslandi er það 149 lítrar á mann á ári. Það ættu helst að vera varúðarmerkingar utan á flöskum af sykruðu gosi: „Varúð: Neysla á þessum drykk í óhófi getur leitt til insúlínviðnáms, offitu og annarra lífsstílstengdra sjúkdóma.“ Löggjafinn gæti innleitt slíkar merkingar á morgun án þess að spyrja ESB álits.

Ríkisvaldið hefur ekki efni á því að hafa ekki skoðun á sykurneyslu því heilbrigðiskerfið er að miklu leyti ríkisvætt. Dæmin sanna að sykurskattar virka til að draga úr neyslu. Nýjasta dæmið er frá Berkeley í Kaliforníu í Bandaríkjunum þar sem neysla á gosdrykkjum féll um 26 prósent eftir innleiðingu vörugjalda á sykur sem nam jafnvirði 40 króna á lítrann. Á sama tíma jókst neysla í öðrum borgum í kring sem ekki höfðu innleitt slíkt vörugjald. Bretar innleiddu fyrr á þessu ári sykurskatt og hann er við lýði í bæði Noregi og Finnlandi.

Þeir sem telja það forræðishyggju að skattleggja sykur ættu að spyrja hvers vegna áfengi og tóbak er skattlagt. Í fyllingu tímans verður vitneskja um skaðsemi viðbætts sykurs það útbreidd í samfélaginu að rætt verður um sykur á svipuðum nótum og við tölum um tóbaksreykingar í dag. Þegar skýrsla landlæknis Bandaríkjanna um skaðsemi reykinga kom út árið 1964 og sýndi fram á beint orsakasamband milli reykinga og lungnakrabbameins og ýmissa hjartasjúkdóma urðu vatnaskil í umræðunni um reykingar. Reykingatíðni féll um tugi prósenta í kjölfarið og með tímanum varð það almenn vitneskja að reykingar yllu krabbameini. Núna vitum við að næring er stærsti einstaki áhrifaþáttur heilsu. Við vitum líka að viðbættur sykur er stærsti orsakavaldur áunninnar sykursýki og offitu í heiminum. Hver viðbótarskammtur, lítil dós eða glas, af sykruðum drykk sem börn neyta daglega eykur líkur þeirra á offitu um 60 prósent.

**Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur breytt næringarviðmiðum og lækkað hlutfall sykurs af heildarkaloríufjölda við fæðuinntöku úr 10 prósentum í 5 prósent. Þetta hlutfall mun líklega fara niður í núll prósent á næstu árum.**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur breytt næringarviðmiðum og lækkað hlutfall sykurs af heildarkaloríufjölda við fæðuinntöku úr 10 prósentum í 5 prósent. Þetta hlutfall mun líklega fara niður í núll prósent á næstu árum. Hvers vegna ekki að gera neytendum það auðveldara að velja hollari valkost með innleiðingu sérstakra sykurskatta á gosdrykki? Síðasti sykurskattur sem vinstristjórnin kom á var 8 krónur á lítrann í formi vörugjalds. Þetta var bitlaus skattlagning sem hægristjórnin lét verða eitt af sínum fyrstu verkum að afnema. Hægristjórnin gerði gott betur. Hún lækkaði virðisaukaskatt á sykraða vöru niður í 11 prósent.

Í samræmi við þróun erlendis er eðlilegra að hækka sykraðan mat og drykk í efsta þrep virðisaukaskatts eða innleiða sérstakan gosdrykkjaskatt sem bítur almennilega. Til dæmis 50 eða 60 krónur á lítrann. Þá fyrst fá neytendur raunverulegan hvata til að færa sig í sódavatnið.


DORMA
ENGIR ÓVÆNTIR HURÐASKELLIR
Rafknúnar hurðapumpur fyrir útihurðir og innihurðir. Fáanlegar í útfærslu sem er sérstaklega hentug fyrir vindasöm svæði.
VÉLAR & VERKFÆRI
SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS

## Halldór




## Frá degi til dags

**Staðfestan**

**Það verður varla annað sagt en að forsætisráðherrann fyrrverandi Sigmund Davíð Gunnlaugsson skorti smá festu. Í fyrradag skrifaði hann stöðufærslu á fésbókarsíðu sína þar sem hann vakti máls á því að hann hefði ekkert rætt niðurstöður flokksþings Framsóknarflokksins í fjölmiðlum. „Ég ætla enn að bíða með að ræða málin í fjölmiðlum en get þó staðfest að mér er ljúft og skylt að vinna áfram með félögum mínum í Norðausturkjördæmi,“ sagði hann. Strax daginn eftir var Sigmundur síðan mættur í viðtal í útvarpsþættinum Í bítið á Bylgjunni og ræddi svo aftur við Reykjavík síðdegis.**

**Minnisleysið**

**Umræðan um þetta títtnefnda flokksþing hefur nú alveg verið svona og svona. „Flokkseigendafélagið og fjármagnsöflin tóku völdin í flokknum af grasrótinni,“ sagði Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir borgarfulltrúi í viðtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni. Orðin benda til þess að Guðfinna sé búin að gleyma upphafinu að atburðarásinni sem leiddi til þess að Sigmundur Davíð hrökklaðist frá völdum bæði í forsætisráðuneytinu og Framsóknarflokknum. Nefnilega það að eiginkona Sigmundar Davíðs geymdi fjármagn sitt á stöðum sem engan hafði órað fyrir.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Til vina taugakerfisins



Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Á því ári sem liðið er frá því stjórnvöld og 26 þúsund aðrir Íslendingar náðu inn í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna ákvæði um að þjóðir heims skuli vinna að því að bæta meðferðir við skemmdum í taugakerfinu hefur ýmislegt verið gert til að fylgja málinu eftir. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra vakti athygli á starfi Íslands í þágu taugakerfisins á Alþjóðaheilbrigðisþinginu í Genf og hefur lagt til við Norrænu ráðherranefndina að Norðurlöndin setji sameiginlega á fót rannsóknarsetur fyrir mænuskaða. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir alþingismaður hefur vakið athygli norrænna sósíaldemókrata á verkefninu sem leitt hefur til að sósíaldemókratar hafa lagt fram tímamótatillögu í þágu taugakerfisins sem tekin verður til umfjöllunar á Norðurlandaþinginu í nóvember næstkomandi. Tillöguna má lesa hér: http://www.norden.org/da/nordisk-raad/sager-og-dokumenter/a-1683-velfaerd/

Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hefur leitað eftir því við Norrænu ráðherranefndina að nefndin taki upp ofangreint ákvæði úr stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og geri Norðurlöndin að leiðandi afli á sviði taugakerfisins. Taki frændur okkar á Norðurlandaþingi vel í málaleitan ráðamanna okkar og samþykki að láta greina stóru norrænu rannsóknarmynd taugakerfisins og samkeyra upplýsingarnar gæti það orðið fyrsti vísir að alþjóðlegu átaki til aukins skilnings á hvernig taugakerfið starfar.

**Vísindasvið taugakerfisins þarf nauðsynlega á pólitískri aðstoð að halda frá alþjóðasamfélaginu.**

Eins og flestir vita gengur afar hægt að finna lækningu í taugakerfinu svo sem við heila- og mænuskaða, geðsjúkdómum, Alzheimer, Parkinsonveiki, flogaveiki, MS, MND og fleiru. Helsta ástæðan er sú að taugakerfið er flókið og læknavísindin hafa ekki fullan skilning á hvernig það starfar. Þess vegna þarf vísindasvið taugakerfisins nauðsynlega á pólitískri aðstoð að halda frá alþjóðasamfélaginu. Við Íslendingar lögðum á brattann með taugakerfið hjá Sameinuðu þjóðunum til að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegt átak til aukins skilnings á því. Við komumst á rekspöl og leitum nú eftir við hin norrænu ríkin að þau standi með okkur. Greinarhöfundur biður þá íslensku alþingismenn sem sitja munu þing Norðurlandaráðs í nóvember að tala hátt og snjallt máli taugakerfisins á þinginu. Með því gæta þeir ekki einungis hagsmuna Íslands heldur allrar heimsbyggðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kleyfhuga kjósendur?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Það sjónarmið hefur heyrzt í umræðum um stjórnarskrármálið að ekki beri ríka nauðsyn til að taka mark á kjósendum þar eð þeim sé tamt að skipta um skoðun. Þetta sjónarmið vitnar ekki um mikla virðingu fyrir lýðræði. Það er ófrávíkjanleg leikregla lýðræðisins að kosningaúrslit skulu standa. Úrslitum kosninga verður ekki undir nokkrum kringumstæðum breytt eftir á. Aldrei. Væri veitt færi á að hunza úrslit kosninga eftir hentugleikum og bíða heldur úrslita næstu kosninga í von um önnur úrslit væri það ávísun á heimild handa stjórnmálamönnum til að endurtaka kosningar eins oft og þeim sýnist þangað til úrslit fást sem þeir geta sætt sig við. Slíkt háttalag á ekkert skylt við lýðræði.

**Kleyfhugar? Sveimhugar? Fífl?**

Menn hafa velt því fyrir sér hvernig það gat gerzt að 67% kjósenda lýstu stuðningi við nýja stjórnarskrá í október 2012 og 51% kjósenda greiddu Sjálfstæðisflokki og Framsókn, andstæðingum stjórnarskrárinnar, atkvæði sitt hálfu ári síðar í apríl 2013. Hvers vegna? Eru kjósendur kleyfhugar? Sveimhugar? Fífl?

Svarið er nei, svo þarf alls ekki að vera. Kosningaúrslitin 2012 og 2013 eiga sér eðlilegar skýringar. Skoðum málið.

**Tvenns konar kosningahegðun**

Nýleg grein félagsvísinda er kennd við mauraþúfu eða sameiginlega vizku (e. collective intelligence). Lykilhugmyndin er að „stórir hópar búa yfir innsæi og viti sem einstaklingarnir innan hópanna eru sér ekki meðvitaðir um“ svo vitnað sé í vefsetur Mauraþúfunnar, samtaka einstaklinga sem skipulögðu þjóðfundinn 2009, undanfara þjóðfundarins sem Alþingi kallaði saman 2010 til að leggja grunninn að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1944.

Félagsvísindamenn sem hafa rannsakað fyrirbærið hafa gert merkilegar uppgötvanir. Ein þeirra er sú að kjósendur hugsa og hegða sér öðruvísi í kjörklefanum í þjóðaratkvæðagreiðslum en í þingkosningum. Í þjóðaratkvæðagreiðslum eins og þeirri sem haldin var um nýju stjórnarskrána 2012 halda stjórnmálaflokkar sig í fjarlægð og láta kjósendur í friði. Hver kjósandi fer því á kjörstað á eigin forsendum og greiðir atkvæði sem samfélagsþegn til að efla hag sinn, afkomenda sinna og samfélagsins alls. Um alþingiskosningar gegnir öðru máli. Þar láta stjórnmálaflokkar kjósendur ekki í friði heldur ausa fé í áróður og smala kjósendum á kjörstað. Margir kjósendur fara því ekki á kjörstað á eigin forsendum heldur á forsendum stjórnmálaflokkanna og greiða atkvæði sem flokksmenn eða félagsmenn frekar en sem óbundnir samfélagsþegnar. Sé þessari kenningu beitt á kosningaúrslitin 2012 og 2013 þurfa þau ekki að koma neinum á óvart.

**Kostir þjóðaratkvæðagreiðslna**

Af þessu má ráða kostina sem felast í auknu vægi þjóðaratkvæðagreiðslna eins og nýja stjórnarskráin mælir fyrir um. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru líklegri en þingkosningar til að fá að vera í friði fyrir ágangi stjórnmálaflokka og til að efla almannahag frekar en einstaka flokka. Hér er hún lifandi komin skýringin á því hvers vegna þjóðfundir skila jafnan góðum árangri. Þjóðfundirnir hér heima 2009 og 2010 fóru í alla staði vel fram. Þar gerðust engin hneyksli, þar urðu engin upphlaup. Sama á við um Stjórnlagaráð sem sat að störfum í fjóra mánuði 2011, engin upphlaup þar heldur sátt og samlyndi og frábær árangur sem yfirgnæfandi hluti kjósenda lagði blessun sína yfir árið eftir. Berið þetta saman við Alþingi þar sem hver höndin er uppi á móti annarri eins og í Kíev. Hér skilur milli feigs og ófeigs. Af þessum andstæðum má ráða kosti þess að vísa málum eftir því sem við á frá Alþingi í þjóðaratkvæði. Við bætist að sérhagsmunahópar hafa jafnan meiri áhrif á úrslit þingkosninga í gegnum stjórnmálaflokka en á úrslit þjóðaratkvæðagreiðslna.

**Húsnæðismálin vógu þyngst**

Aðrar skýringar á úrslitum kosninganna 2012 og 2013 má einnig nefna til sögunnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan 2012 snerist um eitt mál, nýju stjórnarskrána. Kjósendum bauðst ekki annað en að taka afstöðu með henni eða á móti henni og nokkrum helztu ákvæðum hennar, m.a. um jafnt vægi atkvæða, auðlindir í þjóðareigu og beint lýðræði. Í þjóðaratkvæðagreiðslu hafa allir kjósendur sama atkvæðisrétt, öll atkvæði vega jafnt.

Alþingiskosningarnar 2013 snerust um fjölmörg mál. Frambjóðendur gömlu flokkanna sem höfðu klúðrað nýju stjórnarskránni í meðförum þingsins leiddu talið frá henni. Málið sem reyndist vega þyngst var loforð fv. formanns Framsóknar um stórfellda skuldaniðurfellingu handa fólki sem óttaðist að missa heimili sín og skyldu erlendir hrægammasjóðir fá að borga brúsann. Út á þetta loforð fékk Framsókn 24% atkvæða og 30% þingsæta, tveim þingsætum umfram það sem kjörfylgið sagði til um. Loforðið var vitaskuld ekki efnt nema að litlu leyti. Með líku lagi segist Donald Trump, forsetaframbjóðandi repúblikana, ætla að reisa vegg milli Bandaríkjanna og Mexíkó og láta Mexíkó borga brúsann. Margir bandarískir kjósendur virðast trúa honum.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur eru líklegri en þingkosningar til að fá að vera í friði fyrir ágangi stjórnmálaflokka og til að efla almannahag frekar en einstaka flokka. Hér er hún lifandi komin skýringin á því hvers vegna þjóðfundir skila jafnan góðum árangri.**



# Niðurgreitt innanlandsflug – hví ekki?



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

> Því er brýnt að leyfa markaðnum að þróast á heilbrigðum grundvelli í stað þess að skekkja hann með vanhugsuðum niðurgreiðslum æ ofan í æ.

Knattspyrnuhetjan og gistihúsaeigandinn Ívar Ingimarsson vill niðurgreiða innanlandsflug svo landsbyggðin fái notið ríkisrekinnar þjónustu í höfuðborginni með sama hætti og þeir sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ívar spyr um réttlæti þess að fólk á suðvesturhorninu geti notið þjónustu stofnana á borð við Þjóðleikhúsið, Hörpu og Landspítalann meðan landsbyggðarfólk þurfi að búa við skertan aðgang vegna fjarlægðar og hárra flugfargjalda. Þetta er réttmæt ábending hjá Ívari og því kærkomið tækifæri fyrir stjórnmálamenn á atkvæðaveiðum að tala fyrir niðurgreiddu innanlandsflugi.

**Niðurgreiðslur á niðurgreiðslur ofan**

En ein niðurgreiðsla kallar á aðra. Ekki mun líða á löngu þar til aðrir hagsmunahópar muni krefjast niðurgreiðslna sér til handa og munu þá vísa í alls kyns fordæmi, t.d. ríkisstyrkt innanlandsflug. Og eftir því sem fordæmunum fyrir ríkisstyrkjum fjölgar, því erfiðara verður að standa gegn fleiri slíkum. Smám saman mun félagshyggjan verða alltumlykjandi og útþanið ríkisbáknið ganga stöðugt lengra í skattheimtu og miðstýringu.

**Rjúfa þarf vítahringinn**

En hvernig á þá að rjúfa þennan vítahring sífellt víðtækari niðurgreiðslna með tilheyrandi skattahækkunum og valdasamþjöppun stjórnmálamanna? Einfaldlega með því að vinda ofan af þeim, einni af annarri, og leyfa markaðnum að þróast í æ virkara samkeppnisumhverfi þar sem sköttum og íþyngjandi regluregerðum er haldið í lágmarki. Í slíku samfélagi mun frelsi til nýsköpunar og hvatar til hagræðingar leiða til æ ódýrari lausna á sífellt fleiri sviðum. Tekjumunur verður áfram en aðgengi að lífsgæðum jafnari þar sem vörur og þjónusta verða sífellt ódýrari í slíku umhverfi. Kröfur um valdboðnar niðurgreiðslur verða því undantekningin fremur en reglan. Jafnvel í velferðarmálum munu tryggingarfélög á markaði sem og sjálfsprottið framtak einstaklinga og frjálsra félagasamtaka leysa ríkið af hólmi að stórum hluta því í samfélagi sem byggir á viðskiptafrelsi og sívirkri samkeppni verður hagsæld og verðmætasköpun mun meiri en við þekkjum undir pólitísku kerfi þar sem ríkið einokar hvert sviðið á fætur öðru. Því er brýnt að leyfa markaðnum að þróast á heilbrigðum grundvelli í stað þess að skekkja hann með vanhugsuðum niðurgreiðslum æ ofan í æ.

# Góðar samgöngur eru arðsamar



Sigurjón Þórðarson
frambjóðandi Dögunar í Norðvesturkjördæmi

> Á sunnanverðum Vestfjörðum er verið að stórefla fiskeldi og er ljóst að innan skamms stefnir í að fluttir verði tugir þúsunda tonna af eldislaxi um vegina til viðbótar þeirri umferð sem nú fer um hættulegan og frumstæðan þjóðveg vestur í Vesturbyggð.

Í umræðu um samgöngumál á Íslandi er um of horft á kostnaðarhliðina, án þess að tekin sé með í reikninginn arðsemin af greiðum og öruggum samgöngum.

Augljóst er að stytting akstursleiða og bætt öryggi samgangna hefur gríðarlega jákvæð áhrif á umhverfi og efnahag. Vegabætur stækka atvinnusvæði, minnka eldsneytiskostnað, minnka slit og viðhaldskostnað á vegum og bifreiðum.

Þeir sem leggja leið sína um þjóðvegi landsins eða eiga afkomu sína undir að senda vörur og ferðamenn landshorna á milli vita að ráðamenn hafa gleymt þeim jákvæðu umhverfis- og efnahagslegum áhrifum sem bættar samgöngur hafa. Einblínt hefur verið um of á niðurskurð á vegafé til þess að ná skjótum bata í rekstri hins opinbera.

Ef dæmið er reiknað til enda þá er hætt við að verið sé oftar en ekki að spara aurinn og henda krónunni. Hvert alvarlegt umferðarslys er gríðarlega kostnaðarsamt metið í krónum og aurum fyrir utan það sem aldrei verður metið til fjár.

Á sunnanverðum Vestfjörðum er verið að stórefla fiskeldi og er ljóst að innan skamms stefnir í að fluttir verði tugir þúsunda tonna af eldislaxi um vegina til viðbótar þeirri umferð sem nú fer um hættulegan og frumstæðan þjóðveg vestur í Vesturbyggð. Allir þeir hálsar og fjallvegir sem vegurinn liggur um kosta óþarflega mikla eldsneytiseyðslu, fyrir utan þá miklu óþarfa hættu sem leiðin leggur á ferðafólk. Fyrir raunverulega umhverfisverndarsinna og þá sem vilja tryggja framtíðarhag byggðarinnar skiptir miklu máli að hraða því sem mest má að lagður verði öruggur og greiðfær vegur á láglendi að vestan og suður til Reykjavíkur. Mikilvægt er því út frá sjónarmiðum umhverfisins að greiða götu samgangna og ryðja öllum steinum úr vegi þess að samgöngubætur dragist á langinn.

**Hrópar á fjármagn**

Sama á við um almennt viðhald og breikkun vega sem gerði stórum vöruflutningabílum auðvelt að mætast og bætti öryggi hjólreiðamanna. Vegakerfið er víða farið að hrópa á fjármagn, m.a. á Norðurlandi vestra vegna sigs sem veldur ógreiðfærum ójöfnum og mjókkun vega. Ekki þarf að fjölyrða um slysahættu sem stafar af hættulegum vegum eða þeim skaða á umhverfi sem getur orðið við flutning á hættulegum efnum s.s. olíu.

Mikilvægt er að auka almennan skilning á þeirri nauðsyn að auka fjármagn til vegamála og búa til sanngjörn viðmið í stefnumótun og forgangsröðun framkvæmda.

Ég hef þá trú að flestir landsmenn séu tilbúnir að forgangsraða í þágu umferðaröryggis og að mikilvægar útflutningsvörur eigi greiða leið um umferðaræðar þjóðfélagsins.

# Kosningaloforðin við aldraða frá 2013 svikin!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

> Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf öldruðum stórt kosningaloforð í bréfi 2013. Hann lofaði að afnema alla tekjutengingu lífeyris aldraðra. Þetta var stórt kosningaloforð; skerðingar valda öldruðum mikilli kjaraskerðingu. Bjarni hefur ekki efnt þetta loforð.

Nú er stutt orðið í alþingiskosningar en þær verða 29. október. Athyglisvert er, að þegar komið er að alþingiskosningum 2016, eru stjórnarflokkarnir ekki enn farnir að efna stærstu kosningaloforðin, sem þeir gáfu fyrir kosningarnar 2013! Frambjóðendur til Alþingis virðast telja, að þeir geti lofað öllu fögru fyrir kosningar og svikið síðan loforðin.

Stjórnarflokkarnir gáfu stór kosningaloforð fyrir síðustu alþingiskosningar: Þeir lofuðu að hækka lífeyri til samræmis við hækkun lægstu launa á krepputímanum. Þetta var tekið mjög skýrt fram á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2013. Á flokksþingi Framsóknarflokksins var samþykkt að leiðrétta lífeyri vegna kjaragliðnunar krepputímans. Með kjaragliðnun er átt við það, þegar laun hækka meira en lífeyrir. Ríkisstjórnin hefur ekki lyft litla fingri í því að efna þetta stóra kosningaloforð. Það hefur gersamlega verið svikið.

Það er alvarlegt mál. Nú hafa kjósendur tækifæri til þess að refsa þeim fyrir svikin.

Stjórnarflokkarnir lofuðu einnig að afturkalla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá árinu 2009. Þar var um sex atriði að ræða. Núverandi ríkisstjórn afturkallaði tvö þessara atriða á sumarþinginu 2013: Frítekjumark vegna atvinnutekna, sem hafði verið lækkað, var hækkað á ný í 109 þúsund kr. á mánuði. Grunnlífeyrir, sem hafði verið skertur hjá þeim efnameiri 2009, var leiðréttur á ný. Þessi tvö atriði voru ódýr fyrir ríkissjóð og gögnuðust þeim sem voru vel staddir. Annað gerði ríkisstjórnin ekki þá og gerði ekki meira til þess að efna kosningaloforð, sem hún hafði gefið öldruðum og öryrkjum. Eitt atriði af þessum sex rann út af sjálfu sér. Það var tímabundið; hækkun á skerðingarhlutfalli tekjutryggingar. Sú hækkun gekk til baka 2014.

**Svik**

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf öldruðum stórt kosningaloforð í bréfi 2013. Hann lofaði að afnema alla tekjutengingu lífeyris aldraðra. Þetta var stórt kosningaloforð; skerðingar valda öldruðum mikilli kjaraskerðingu. Bjarni hefur ekki efnt þetta loforð. Þetta loforð þýðir afnám skerðingar lífeyris aldraðra vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og vegna tekna af atvinnu og fjármagni. Það litla, sem var gert til leiðréttingar útreiknings grunnlífeyris, skiptir litlu máli í þessu sambandi. Eftir sem áður voru framkvæmdar miklar skerðingar á lífeyri aldraðra hjá TR vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Allur fjöldinn, sem var með lítinn lífeyrissjóð eða í meðallagi stóran, sætti mikilli skerðingu. Og tekjutengingar vegna tekna af fjármagni og atvinnu í fullu gildi. Ekki hefur verið staðið við kosningaloforð Bjarna Benediktssonar við aldraða. Það litla, sem ríkisstjórnin leiðrétti á sumarþinginu 2013, er tekið til baka í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um almannatryggingar. Grunnlífeyrir felldur niður og frítekjumark vegna atvinnutekna afnumið!

Yfirskrift fráfarandi ríkisstjórnar er: Svik, svik, svik.

# Auðvelt að sjá það sanna



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Í flóknum málum getur verið erfitt að sjá hverjir segja satt og rétt frá. En stundum er það furðu auðvelt. Þannig er það með deilurnar um frumvarp sem breyta á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. BSRB undirritaði, ásamt öðrum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, samkomulag um nýtt lífeyriskerfi við ríki og sveitarfélög þann 19. september síðastliðinn. Bandalagið gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp sem byggir á því og telur frumvarpið ekki endurspegla það samkomulag sem var undirritað. Undir það taka hin heildarsamtökin sem undirrituðu samkomulagið.

Fjármálaráðherra hefur fullyrt að bandalög opinberra starfsmanna séu nú að bæta við nýjum samningskröfum. Ekkert gæti verið fjær sannleikanum. BSRB stendur fullkomlega við samkomulagið og myndi fagna því verði frumvarp þar sem efni þess endurspeglast með réttum hætti samþykkt.

Hér stangast fullyrðingar á og einhver gæti haldið að erfitt væri að skera úr um réttmæti fullyrðinganna. Það auðveldar vissulega þeim vinnuna sem vilja kanna sannleiksgildið að fyrir liggur skriflegt samkomulag, auk kynningarefnis sem fjármálaráðherra fór yfir á fundi með fjölmiðlum eftir undirritun samkomulagsins.

Í samkomulaginu eru markmið og forsendur tíunduð í upphafi: „Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu.“ Orðalag í kynningu ráðherra var svo til orðrétt það sama.

Í frumvarpinu er þetta markmið ekki uppfyllt. Í stað þess að tala um sjóðfélaga, sem nær yfir bæði þá sem eru að greiða í lífeyrissjóðinn, hafa greitt í hann, eða hafa hafið töku lífeyris, er komið nýtt hugtak. Í frumvarpinu er talað um „virka greiðendur“, sem eru aðeins þeir sem greiddu í sjóðinn á yfirstandandi ári.

**Stjórnvöld standi við samkomulagið**

Það þarf ekki lögspeking til að átta sig á muninum á þessu tvennu. Svo því sé haldið til haga gerði BSRB skriflegar athugasemdir við þetta orðalag í tölvupósti til ráðuneytisins þann 11. september, án þess að við því væri brugðist.

BSRB gerir þá skýru kröfu að úr þessu verði bætt áður en málið verður afgreitt á Alþingi og að tekið verði að fullu tillit til athugasemda í umsögn bandalagsins við frumvarpið. Það er lágmarkskrafa að stjórnvöld standi við skriflegt samkomulag.

Þá má minna á að í allri umræðu í aðdraganda samkomulagsins var talað um að ekki yrði haldið áfram með málið nema allir væru sammála. Hvers vegna hefur það breyst á síðustu metrunum?

# Hugleiðing um flóttamenn



Katha Aþena Guðný Þorsteinsdóttir
fulltrúi í ungmennaráði Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

> Á Íslandi sendum við of mikið af flóttafólki úr landi sem hefur lagt svo mikið á sig til að komast lifandi á leiðarenda. Við getum gert svo miklu betur. Við getum boðið fleira fólk velkomið.

Á hverjum degi fáum við fréttir af ömurlegum aðstæðum flóttafólks sem hefur flúið stríð, ofsóknir eða efnahagsástand í heimalandi sínu.

Við sem búum við þær aðstæður að þurfa til dæmis ekki að flýja sprengjur og byssuskot til að komast heim til okkar föttum ekki alltaf hvað við höfum það gott og við ættum að vera oftar þakklát fyrir aðstæður okkar.

Það geta verið margar ástæður fyrir því að fólk þarf að flýja landið sitt. Heimili þess hefur kannski skemmst í sprengingum, búið er að eyðileggja skóla barnanna og innviðir samfélagsins og heilbrigðiskerfið eru að hruni komin. Þegar fólk býr við slíkar aðstæður sem ekki sér fyrir endann á hefur það engan annan kost en að flýja. Stundum er um að ræða börn sem hafa misst foreldra sína og takast á við ferðalagið ein. Þau eru hrædd, jafnvel veik og fá litla aðstoð. Við getum ekki ímyndað okkur hvernig sú reynsla er. Fólkið hefur hins vegar enga tryggingu fyrir því að komast lifandi á áfangastað.

Margir þeirra sem flýja yfir Miðjarðarhafið fara í lélegum bátum sem sumir sökkva. Fólk drukknar og þeir fáu sem ná að synda í land þurfa að ganga langar leiðir eftir aðstoð. Björgunarsveitir reyna að gera allt sem þær geta til að bjarga fólkinu og koma því í öruggt skjól. En þegar í land er komið þarf fólkið gjarnan að ganga í gegnum miklar raunir. Ofan á það bætist hungur, óvissa og jafnvel veikindi.

Við getum aldrei almennilega sett okkur í þessi spor án þess að hafa upplifað þau sjálf. Og við myndum ekki vilja láta koma svona fram við okkur ef við þyrftum að flýja land. Við myndum vilja góða aðstoð frá þeim sem gætu hjálpað.

Á Íslandi sendum við of mikið af flóttafólki úr landi sem hefur lagt svo mikið á sig til að komast lifandi á leiðarenda. Við getum gert svo miklu betur. Við getum boðið fleira fólk velkomið.

Ef við viljum ekki láta koma svona fram við okkur, af hverju komum við svona fram við aðra?




Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.


KRÓNAN
-20%
159 kr. kg
Verð áður ~~199~~ kr. kg
Rófur, Ísland
Rófan þín!
-25%
Plómur
299 kr. pk.
Verð áður ~~399~~ kr. pk.
Plómur 1 kg, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 9. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
-35%
Gott verð!
4499 kr. kg
Verð áður 6999 kr. kg
Lúxus ungnautalund, Nýja Sjáland
Tilbúið í ofninn!
1979 kr. kg
Verð áður 2199 kr. kg
Grísk panna með grísakjöti
Kjötmeistari Krónunnar mælir með
New York marinering
-20%
Grísakótilettur úrval marineringa
Ítölsk marinering
1279 kr. kg
Verð áður 1599 kr. kg
-20%
1279 kr. kg
Verð áður 1599 kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning
789 kr. kg
Verð áður 929 kr. kg
Súpukjöt, 1/2 lambaframpartur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 9. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

**Ódýrt**




**Alpro jurtamjólk í kassa**

**249 kr. stk.**

**ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr. pk.**










**349 kr. stk.**

Gestus hummus, 320g




**199 kr. stk.**

Maískökur, 120g




**430 kr. pk.**

Toppur án bragðefna, 4x2L

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
Gestus
KLASSISK
Spaghetti Bolognese
OKSEKØD OG TOMAT
Efter den klassiske italienske opskrift på spaghetti bolognese
Ódýrt
Gestus spagettí bolognese, frosið 400g
299 kr. pk.
Billys
PAN PIZZA
ORIGINAL
First Price
Ódýrt
Billys
PAN PIZZA
PEPERONI
Ódýrt
Billys Pan pizza; Pepperoni, Original og Hawaii. Frosið - 170g stk.
199 kr. stk.
First Price hvítlauksbrauð með smjöri, frosið - 3 stk.pk.
239 kr. pk.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 9. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Ísland meðal forystulanda í flugi



Þórólfur Árnason
forstjóri Samgöngustofu

**Stofnaðild Íslands að Alþjóðaflugmálastofnuninni lagði grunn að mikilvægi flugstarfsemi á Íslandi. Brýnt er að Ísland uppfylli alþjóðlegar kröfur sem um þá starfsemi gilda, enda er það veigamikil forsenda fyrir íslensk fyrirtæki í flugstarfsemi.**

Þessa dagana stendur yfir í Montreal í Kanada 39. allsherjarþing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), en þingið er haldið þriðja hvert ár. Meðal málefna þess eru stefnur sem varða flugöryggi, flugvernd og umhverfismál til stuðnings öryggi og ábyrgð í almannaflugi. Um er að ræða æðsta vettvang fulltrúa þess 191 ríkis sem á aðild að ICAO, sem hefur það hlutverk að standa vörð um hag flugsins; flugfarþega og fagfólks.

ICAO, sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, starfar á grunni Chicago-samningsins sem var undirritaður í desember 1944. Samningurinn fjallar um reglur í farþega- og vöruflutningaflugi. Ísland var í hópi þeirra 52 þjóðríkja sem þá undirrituðu samninginn en árið 1947 höfðu nægilega mörg ríki staðfest hann til að hann öðlaðist alþjóðlegt gildi.

Stofnaðild Íslands að Alþjóðaflugmálastofnuninni lagði grunn að mikilvægi flugstarfsemi á Íslandi og er í raun forsenda þess að Íslandi var treyst til að stýra flugumferð í alþjóðlegu flugstjórnarsvæði á Norður-Atlantshafinu. Glæsilegur árangur íslenskra flugfélaga og fagfólks í flugi hefur síðan verið hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu og byggt upp mikilvæga atvinnugrein hér á landi. Öryggismál og eftirlit lúta alþjóðlegum kröfum og því njóta íslenskir aðilar gagnkvæmrar viðurkenningar atvinnuréttinda og starfsleyfa undir eftirliti Samgöngustofu. Alþjóðareglur ICAO jafnt og Evrópureglur undirbúnar á vettvangi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) eru innleiddar hér og fylgt eftir. Þetta er veigamikil forsenda þess að Ísland haldi sterkri stöðu sinni og gerir íslenskum aðilum kleift að starfa í þeirri miklu alþjóðlegu samkeppni sem ríkir í flugi.

Á allsherjarþingið nú eru mættir fulltrúar 181 af 191 aðildarríki ICAO. Mótuð er stefna til næstu þriggja ára í málefnum stofnunarinnar og staðfestar meginákvarðanir um reglur sem unnar eru af fastanefndum og aðalráði ICAO. Þátttaka Íslands á allsherjarþinginu er í umboði utanríkisráðuneytisins og sendinefndin starfaði undir forystu fulltrúa innanríkisráðuneytisins.

Ísland tekur þátt í starfi ICAO í gegnum Nordicao, sem er samvinnuvettvangur Norðurlandaþjóðanna auk Eistlands og Lettlands. Ísland hefur nokkrum sinnum átt fulltrúa í aðalráði (Council) og nú situr starfsmaður Samgöngustofu í Montreal í fastanefnd sem fjallar um flugöryggismál og staðla (Air Navigation Commission).

### Umræður um umhverfismál

Auk hefðbundinna starfa þingsins hafa umræður að þessu sinni mikið snúist um umhverfismál. Allt frá síðasta allsherjarþingi hefur verið unnið ötullega að því að ná sátt um aðferðafræði fyrir flugiðnaðinn þar sem brugðist verði við útblæstri koltvísýrings sem hefur áhrif á hækkun hitastigs í heiminum.

Umræðan núna er innan ramma Parísarsamkomulagsins frá síðasta vetri, en m.a. er tekist á um kerfi til utanumhalds um mengunarkvóta sem byggir á markaðsgrunni. Hver floginn km og hvert flutt kg yrðu þá metin til mengunareininga sem flugfélögin myndu greiða fyrir. Peningarnir yrðu síðan notaðir til umhverfistengdra verkefna og þróunaraðstoðar til ýmissa ríkja. Fagaðilar í flugi hafa lýst yfir jákvæðri afstöðu til slíks kerfis og flestar aðildarþjóðir ICAO einnig. Tækninýjungar og endurnýjanlegir orkugjafar eru jafnframt hluti af þessari lausn. Eins og oft vill verða er þó pólitískur ágreiningur um fyrirkomulag og orðalag, enda aðstæður þjóða misjafnar. Nokkrar þjóðir hafa haft sérstöðu og vilja að þróunarlönd og þau lönd sem eru styttra komin í þróun flugstarfsemi fái frest á eða verði undanskilin mengunarkvóta. Þegar þetta er skrifað hefur enn ekki náðst samkomulag en mikið liggur við að það náist áður en þinginu verður slitið 7. október.

# Byggjum ferðaþjónustu upp til framtíðar



Rósa Björk Brynjólfsdóttir
oddviti VG í Suðvesturkjördæmi

**Við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að gestakomur til landsins og ferðaþjónusta leiði af sér jákvæða þróun, samfélögum og efnahagslífi til farsældar og sé ávallt í sátt við náttúru landsins.**

Árið 1994, þá 19 ára gömul, steig ég mín fyrstu skref í ferðaþjónustu. Þá réð ég mig í sumarvinnu hjá vélsleðaleigu á Skálafellsjökli á Vatnajökli. Það voru góð spor að stíga enda opnuðust ekki bara fyrir mér undur Vatnajökuls, heldur líka framandi heimar erlendra ferðamanna sem klöngruðust upp á íslenska jökla. Síðan vann ég sem fjallaleiðsögumaður við gönguleiðsögn um hálendi Íslands í mörg ár. Að sjá gleði og þakklæti fólks yfir náttúrufegurð er gefandi. Það getur líka verið strembið að vinna við ferðaþjónustu, enda gríðarlega ört vaxandi atvinnugrein sem kemur inn á öll svið íslensks samfélags.

Það hefur verið kallað eftir miklu skýrari sýn og stefnu stjórnvalda í garð ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustuna verður líka að skipuleggja betur en nú og grunnrekstur hennar verður að vera í anda sjálfbærrar þróunar og út frá þolmarkarannsóknum á náttúru, samfélögum og innviðum.

„Græn ferðaþjónusta“ getur orðið að blómlegri atvinnugrein til frambúðar því það er eitt mesta hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna að viðhalda óspilltri náttúru. Ferðaþjónustan á að vera einn af framvörðum í verndun náttúru og umhverfis og til fyrirmyndar á alþjóðavísu.

### Leiði af sér jákvæða þróun

Við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að gestakomur til landsins og ferðaþjónusta leiði af sér jákvæða þróun, samfélögum og efnahagslífi til farsældar og sé ávallt í sátt við náttúru landsins. Að markaðssetning landsins horfi ekki til fjölda gesta heldur tegundar ferðamennsku sem snúist um umhverfisvitund og þekkingarleit. Við í VG viljum að uppbygging innviða ferðaþjónustunnar taki mið af þolmörkum ferðamennsku út frá náttúru og væntingum gesta og heimafólks.

Uppbygging innviða samfélagsins helst í hendur við skýra stefnu og sýn í ferðaþjónustu. Annað gengur ekki upp án hins. Eflum samgöngur og menntun, gerum tekjuöflunarleiðir greinarinnar skýrari og leggjum áherslu á umhverfisþáttinn. Ferðaþjónustan verður að vera virkur þáttakandi í orkuskiptum í samgöngum af öllu tagi. Eflum menntun á öllum sviðum ferðaþjónustu. Mikilvægt er að horfa til möguleika á enn frekari starfsþróun og fjölgun heilsársstarfa í greininni. Öll fyrirtæki í ferðaþjónustu verða að uppfylla kröfur um samfélagslega ábyrgð sína sem atvinnurekendur. Ferðaþjónustan á ekki að hafa svarta starfsemi innan sinna raða.

Framtíðarsýn okkar í VG fyrir ferðamannalandið Ísland er að vel verði haldið utan um náttúruvernd, menningararf, þjóðgarða og önnur friðlýst svæði sem skapa fjölda fólks vinnu við náttúruvernd, endursköpun og viðhald sögu okkar og menningar og rannsóknir og þjónustu. Landsmenn allir í ýmiss konar starfsemi og þjónustustörfum eiga að fá notið arðs af ferðaþjónustu sem býður gestum til náttúru- og menningarupplifunar. Um þetta og fleira snýst ferðamálastefna VG.



# Fjærsýni



Jón Páll Hreinsson
bæjarstjóri í Bolungarvík

**Það er óumdeilt að fiskeldi mun efla og styrkja byggðir á Vestfjörðum eins og dæmin sanna. Það viljum við gera áfram með því að vinna saman með eldisfyrirtækjunum með hagsmuni náttúrunnar að leiðarljósi.**

Undanfarið hefur farið fram kröftug umræða um eldisuppbyggingu á Vestfjörðum í fjölmiðlum landsins. Sem betur fer. Umræðan hefur öðru fremur verið á forsendum náttúru og lífríkis, vernd og skynsemi hafa verið þar í forgrunni. Þar hafa menn tínt margt til í sínum rökfærslum, sumt gott, annað ekki eins gott. Eins og gengur.

Það sem mér hefur fundist erfitt í umræðunni er að hún er oft á tíðum máluð of sterkum litum. Ég fæ oft á tilfinninguna að ef ég mæli með fiskeldi sé ég á móti stangveiði og náttúruvernd og að stangveiðimenn þurfi sjálfkrafa að vera á móti fiskeldi. Þetta er hvimleitt því það er mér jafn mikilvægt að njóta hinnar fallegu náttúru Íslands, þ.m.t. stangveiði, sem ég geri ríkulega ár hvert, og það er mikilvægt fyrir mig að mannlíf og samfélag eflist með tilkomu fiskeldis á Vestfjörðum.

Nú síðast reit Magnús Guðmundsson hugleiðingu í Fréttablaðið undir yfirskriftinni Skammsýni. Fyrst skal honum þakkað fyrir innleggið. Það er mikilvægt fyrir alla sem að þessu máli koma að öll sjónarmið komi fram og ég efast ekki um að þetta sé Magnúsi hjartans mál, þótt mig gruni að okkar hagsmunir séu ekki þeir sömu. Þar rekur Magnús með nokkuð dramatískum hætti hvaða afleiðingar það geti haft að hefja sjóeldi í Ísafjarðardjúpi. Þar tínir hann til nokkuð algeng rök sem jafnan eru notuð gegn fiskeldi eins og viðkvæma náttúru, verndun villtra laxastofna, og aðför gegn arðbærri atvinnugrein, stangveiði.

Ágætis yfirreið hjá Magnúsi. En mig langar að benda á eitt. Umhverfismatið. Hið lögformlega ferli, aðferð á forsendum vísindanna til að leiða fram hlutlaust mat á hvort uppbygging sjóeldis hafi of skaðleg áhrif á umhverfi sitt til að hægt sé að leyfa það.

Umhverfismat segir okkur m.a. á faglegan, vísindalegan og hlutlausan hátt hvort áhrif á náttúruna séu of mikil, hvort annað lífríki skaðist og hvort sjóeldi geti mögulega skaðað aðra stofna, svo sem villta laxastofna svo fátt eitt sé nefnt.

Nú síðast kláraðist umhverfismat vegna eldisstækkunar í Patreksfirði og Tálknafirði, upp í 17 þús. tonn. Skipulagsstofnun samþykkti umhverfismatið í áliti sínu frá 23. september sl. Það má segja að öllum vangaveltum Magnúsar sé svarað í umræddu mati, á hlutlausan og faglegan hátt. Skipulagsstofnun tekur fram í áliti sínu að að mörgu sé að hyggja í umræddri eldisframleiðslu og ekki allt jákvætt. En samandregin niðurstaða er að neikvæð áhrif af sjóeldi séu óveruleg og að öllu afturkræf:

- Mengun sé staðbundin og afturkræf og gangi að öllu leyti til baka á hvíldartíma eldissvæða.
- Áhrif sjúkdóma séu lítil og lítil áhætta sé á að villtir laxfiskar skaðist vegna eldis.
- Áhrif eldis á genamengi villtra laxastofna eru talin lítil og óveruleg.

### Náttúran njóti vafans

Þetta segir okkur að viðkvæm náttúra fær að njóta vafans. Litlar líkur eru á að villtir laxastofnar spillist og arðbærum atvinnurekstri veiðiréttarhafa sé ógnað.

Það þýðir hins vegar ekki að björninn sé unninn. Í áliti Skipulagsstofnunar er gerð rík krafa til fiskeldisfyrirtækjanna um vinnubrögð og umgengni við náttúruna. Gerð er rík krafa um að fyrirtækin fylgi ströngustu stöðlum í greininni og eftirlit verður virkt og strangt. Virðing og verndun náttúrunnar byggist á umgengni okkar um hana. Við sem búum og nýtum náttúruna hér á Vestfjörðum gerum þá kröfu að fiskeldisfyrirtækin umgangist þessa auðlind af virðingu og alvöru. Við treystum þeim fyrir þessu og það er þeirra að standast traust okkar. Ef það er gert, mun náttúran njóta vafans.

Það eru á að giska 15 ár síðan Vestfirðingar ákváðu í sameiningu að fjórðungurinn skyldi vera stóriðjulaus. Það var gert á Fjórðungsþingi Vestfirðinga, samþykkt samhljóða. Samþykktin lifir enn og sannfæring Vestfirðinga er jafn sterk. Við berum virðingu fyrir náttúrunni og viljum að hún njóti vafans. Við þekkjum hvernig það er að lifa af gjöfum náttúrunnar og höfum gert það í þúsund ár. Það hefur verið takmark okkar allan þann tíma að nýta okkur gjafir náttúrunnar til að efla mannlíf og samfélag í byggðum Vestfjarða og það er enn okkar takmark. Það er óumdeilt að fiskeldi mun efla og styrkja byggðir á Vestfjörðum eins og dæmin sanna. Það viljum við gera áfram með því að vinna saman með eldisfyrirtækjunum með hagsmuni náttúrunnar að leiðarljósi.

Við Magnús vil ég segja eitt að lokum. Ég veit ekkert skemmtilegra en að setja í nýgenginn íslenskan lax í fallegri á. Ég ætla að gera það áfram eins lengi og ég hef heilsu til og áhuga á. Kannski hittumst við einhvern tíma á bakkanum og getum þá rætt eldismálin á opinn og hreinskiptinn máta. Ég ber virðingu fyrir hagsmunum stangveiðimanna og veiðiréttarhafa, en hagsmunirnir mega ekki bera skynsamlega og hófstillta umræðu ofurliði. Það væri skammsýni.


SÓFADAGAR Í THE PIER
Gildir 6.–12. október
HAAG tungusófi
Áður 229.900,- NÚ 172.425,-
Stærð: 325x143x210 cm.
25% AFSLÁTTUR
25-30%
AFSLÁTTUR AF SÓFUM
FRÍ HEIMSENDING UM ALLT LAND
EF KEYPTUR ER SÓFI Á PIER.IS
25% AFSLÁTTUR
NEVADA tungusófi
Áður 299.900,- NÚ 224.925,-
Stærð: 303x98x228xH78 cm.
SUNDAY tungusófi
Áður 179.900,- NÚ 125.930,-
Stærð: 268x90x144xH82 cm.
30% AFSLÁTTUR
the PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
ANTON&BERGUR

# Er veisluborð ferðaþjónustunnar fullsetið?



**Þorvarður Goði Valdimarsson**
viðskiptafræðingur og ævintýraleiðsögumaður



Ísland er einstakt á margan hátt. Fólk flykkist hingað til að upplifa dásemdir náttúrunnar í öllum sínum margbreytileika. Ein stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir, er hvernig varðveita megi þessa auðlind en bjóða um leið með arðbærum hætti upp á margvíslegu upplifun sem landið okkar býr yfir. Þessi umræða um jafnvægi milli nýtingar og verndar náttúruauðlinda á einnig við um aðrar undirstöðugreinar á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að hún fari fram sem víðast.

Því er oft haldið fram að flugfélögin stýri því einfaldlega hvernig umferð um landið þróast. Allt sé gert til þess að sætaframboð nýtist að hámarki og virðiskeðjan byggist þannig upp að unnt sé að skapa arð af sem flestum rekstrarþáttum iðnaðarins. Svo einstrengingsleg heildarsýn býður þó hættunni heim.

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur verið um eða yfir 30% síðustu ár og lesa má í sumaráætlun ISAVIA 2016 að 39 flugfélög hafi flutt um 4,5 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll í lok ágúst, en vöxturinn í september stefnir í +50% frá því í fyrra. Um þriðjungur þessara ferðalanga heimsækir Ísland, ferðast um landið og greiðir fyrir þjónustu. Í ljósi þessa hljóta forsendur ferðaiðnaðarins til áframhaldandi vaxtar og verðmætasköpunar að teljast vænlegar ef rétt er haldið á spilum og farið með gát. Á þessu ári var einnig kynntur 11% virðisaukaskattur innan ferðaiðnaðarins og má því segja að greinin sé að því leyti að verða ábyrgur samfélagsþegn. Þó er sá hængur á að meðallaun í ferðaþjónustu eru lág. Forsvarsmenn stéttarfélaga eru sagðir vera að drukkna í málum sem snúa að launarétti og félagslegu undirboði ferðaþjónustufyrirtækja.

**Brugðið getur til beggja vona**

Er toppnum náð? Bjartsýnismenn halda því fram að vöxtur ferðaiðnaðar verði til frambúðar en varfærnari aðilar telja að þolmörkum sé náð og spá samdrætti í greininni þegar árið 2018. Íslenska krónan sé að styrkjast svo mikið og verðlag þjónustu að hækka svo úr hófi fram að útlendingar hætti að sjá verðmæti í því að koma til Íslands og velji sér ódýrari áfangastaði til að svala ævintýraþrá sinni. Svo gætum við jafnvel átt von á nýju eldgosi, sem stöðva myndi flugumferð, auka eftirspurn en setja allt annað í biðstöðu meðan ósköpin ganga yfir. Þar er ekkert öruggt en vissulega spennandi tímar.

**Við Íslendingar þurfum að átta okkur á því að ekki er hægt að setja öll eggin í sömu körfuna og vona bara hið besta. Í dansinum í kringum gullkálf ferðaiðnaðarins má nefnilega ekki gleyma þeim grunnatvinnuvegum sem fyrir eru í landinu og reynst hafa bjarghringir þegar spilaborgir hrynja.**

Sama er hvernig á málin er litið, það getur brugðið til beggja vona og því vissara að við förum ekki fram úr sjálfum okkur í bjartsýninni líkt og 2005-2007. Byggingakrönum fjölgar ört, mörg fyrirtæki eru að fjárfesta gríðarlega í nýjum og veglegum hótelum. Keyptar eru tveggja hæða rútur sem flytja helmingi fleiri gesti en áður. Hvarvetna spretta upp fyrirtæki sem ætla að taka þátt í þessari mögnuðu veislu eins og hún vari að eilífu og engin hætta sé á offjárfestingu.

Við Íslendingar þurfum að átta okkur á því að ekki er hægt að setja öll eggin í sömu körfuna og vona bara hið besta. Í dansinum í kringum gullkálf ferðaiðnaðarins má nefnilega ekki gleyma þeim grunnatvinnuvegum sem fyrir eru í landinu og reynst hafa bjarghringir þegar spilaborgir hrynja. Treysta þarf samkeppnishæfni sjávarútvegs og orkutengds iðnaðar og hlúa að þeim greinum hugvísinda og þjónustu sem styðja áframhaldandi vöxt og viðgang samfélagsins. Loks er vert að spyrja: Hvernig getum við lært af því sem vel er gert á öðrum sviðum og yfirfært í heim upplifunariðnaðarins?

# Ef íslenskir stjórnmálamenn væru afburðastjórnendur



**Agnes Hólm Gunnarsdóttir**
verkfræðingur og stjórnunarsérfræðingur

**Afburðastjórnendur eru einnig góðir að virkja aðra með sér en fjölmargir stjórnmálamenn á Íslandi í dag eiga í mesta basli með að virkja eigin stjórnmálaflokk – hvað þá aðra.**

Mikið er til af kenningum og matsaðferðum við að meta árangur og stjórnun skipulagsheilda. Án þess að fara í saumana á muninum á rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, viðskiptafræði og stjórnun má velta fyrir sér af hverju það virðist svona flókið að stjórna landi eins og Íslandi, með um 330.000 íbúa. Hjá Siemens starfa til dæmis um 350.000 manns og hjá Securitas starfa um 330.000 manns.

Afburðastjórnendur hafa hagsmuni allra lykilhagsmunaaðila að leiðarljósi og vinna stöðugt að því að bæta ánægju þeirra allra. Það er sem sagt ekki talin góð stjórnun að þjóna helst vinum, vandamönnum eða öðrum sem stjórnendur kæra sig mest um.

Afburðaforysta felur einnig í sér að þróa hlutverk, framtíðarsýn og góð gildi sem er fylgt eftir. Það er auðvelt að ímynda sér að meginhlutverk ríkisstjórnar sé einmitt þessi stjórnun og umbætur á þörfum og væntingum íbúa. Ef framtíðarsýnin byggðist á einhvers konar metnaði má auðveldlega ímynda sér að hún fæli í sér að það væri einstaklega gott að búa á Íslandi. Að minnsta kosti jafngott og í nágrannalöndunum eða jafnvel betra. Að allir hafi nauðsynlegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og enginn þurfi að verða gjaldþrota vegna veikinda. Að almennir borgarar geti eignast húsnæðið sitt ef þeim sýnist svo. Að almennir borgarar geti leigt húsnæði ef þeim sýnist svo. Að nemendur séu styrktir til náms. Að frumkvöðlar séu styrktir til framkvæmda. Að foreldrar geti verið heima með börnunum sínum ef þeim sýnist svo. Að lítil börn og gamalt fólk geti fengið hollan og næringarríkan mat. Að almennir borgarar hætti að greiða fyrir vitleysingagang þeirra ríku. Fjárdráttur, mútuþægni, lygar, hroki, geymsla fjármagns í skattaskjólum og vinalýðræði teljast varla góð gildi í nútímaþjóðfélagi.

**Fyrirmynd annarra í siðferði**

Afburðastjórnendur eru fyrirmynd annarra í siðferði en margt bendir til þess að almennir borgarar á Íslandi hafi betra siðferði en sumar hverjar af svokölluðum fyrirmyndum.

Afburðastjórnendur eru einnig góðir að virkja aðra með sér en fjölmargir stjórnmálamenn á Íslandi í dag eiga í mesta basli með að virkja eigin stjórnmálaflokk – hvað þá aðra.

Traust, virðing, auðmýkt og jafningabragur eru einnig oft nefnd sem einkenni afburðastjórnenda. Sumir þeirra eru jafnvel fljótir að axla persónulega ábyrgð þegar miður fer en þakka samstarfsmönnum sínum og undirmönnum þegar vel gengur. Þetta er allt hluti af því að taka persónulega ábyrgð á ævarandi uppbyggingu á framúrskarandi samstarfsmenningu. Almennir borgarar geta auðveldlega fengið kvíðakast af að horfa á starfshætti á Alþingi og þá átakamenningu sem þar ríkir. Alls ekki svo framúrskarandi.

Afburðastjórnendur sjá einnig til þess að ferli og þjónusta séu vel hönnuð, vel stjórnað og stöðugt bætt til að bæta ánægju viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Það eru til vel reknar skipulagsheildir á vegum hins opinbera. ÁTVR er þar gott dæmi og hefur unnið til ýmiss konar stjórnunarverðlauna sem undirstrikar það. Aðra sögu er að segja um nokkrar aðrar. Sjúklingar, aldraðir og leikskólabörn eru móttakendur þjónustu – viðskiptavinir. Alþingismenn hafa látið í sér heyra á opinberum vettvangi vegna lélegs skipulags á Alþingi. Að verklagið þar bitni beinlínis á þjóðinni. Góð hönnun kostar ekki pening, hún sparar peninga og eykur þjónustu. Það er ekki vegna þess að starfsfólkið vilji ekki gera sitt besta. Forystan er brotin og almennur starfsmaður hefur lítil eða engin völd til umbóta.

Afburðastjórnendur hafa jafnrétti í hávegum og fólki er ekki mismunað vegna kyns, kynþáttar eða trúarbragða. Tiltekinn stjórnmálaflokkur virðist hafa einstaka velþóknun á miðaldra hvítum karlmönnum og tiltekin stofnun virðist ekki geta haft lágmarks mannréttindi að leiðarljósi í hönnun sinni á ferlum og þjónustu til hælisleitanda.

Já og hvað er eiginlega málið með allar þessar stofnanir og nefndir? Sumar þjóna sínum tilgangi ágætlega og gera það jafnvel á skilvirkan hátt en tugir og hundruð af þeim í 330.000 íbúa landi – hvernig ætli Siemens myndi ganga með þess háttar stjórnskipulag? Maður spyr sig.

# Mikill áhugi á þjónandi leiðsögn



**Kristinn Már Torfason**
varaforseti Alþjóðasamtaka þjónandi leiðsagnar



**Halldór S. Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar

Á Akureyri hefur verið unnið eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar (e. gentle teaching) í tveimur búsetukjörnum frá árinu 1993 en undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að innleiða aðferðina í alla þjónustu búsetudeildar Akureyrarkaupstaðar og Öldrunarheimila Akureyrar. Í þjónandi leiðsögn byggja samskipti á virðingu og umhyggju og áherslu á að skapa traust milli einstaklinga – aðstoðarþega og umönnunaraðila. Það felur í sér að refsingar, líkamlegar eða andlegar eru aldrei notaðar til að ná fram breytingu.

**Mannúðleg hugmyndafræði**

Þungamiðja þjónandi leiðsagnar er að þátttaka umönnunaraðila í lífi annarra hafi þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu. Þjónandi leiðsögn er fræðileg og reynslubundin nálgun og hefur helst verið notuð innan fötlunarfræðinnar. Nálgunin byggir á heimspekilegum og siðferðilegum grunni og kenningum um samskipti og tengsl milli einstaklinga og hvernig nýta megi það í þjónustu og umönnun. Þjónandi leiðsögn einskorðast þó ekki aðeins við einstaklinga með þroskahamlanir heldur má í raun nota nálgunina í umönnun allra einstaklinga, þar sem hún byggir á mannúðlegri hugmyndafræði.

**Þungamiðja þjónandi leiðsagnar er að þátttaka umönnunaraðila í lífi annarra hafi þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.**

**Öldrunarheimilin og búsetudeild taka höndum saman**

Undanfarin ár hefur hugmyndafræðin verið tekin í notkun á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA). Unnið er að undirbúningi og innleiðingu þjónandi leiðsagnar og samþættingu með Eden-hugmyndafræðinni á ÖA. Sú vinna hófst með skipulegum hætti í ársbyrjun 2014 með þátttöku leiðandi starfsmanna í námskeiðum og ráðstefnum og nú síðast með innleiðingarferli og fræðslu til u.þ.b. 300 starfsmanna ÖA á árinu 2015 og 2016.

Lykilstarfsmenn búsetudeildar hafa sinnt fræðslu og hlutverki leiðbeinenda til nýrra starfsmanna og aðstandenda. Fræðslu- og kynningarfundir hafa verið haldnir víða um land og mikill fjöldi starfsfólks í velferðarþjónustu sveitarfélaga fengið fræðslu og kynningu á þjónandi leiðsögn. Af hálfu búsetudeildar hafa líka verið haldin námskeið fyrir nýja leiðbeinendur og erlendir fyrirlesarar og þjálfarar verið fengnir til aðstoðar, enda krafa um staðfestingu alþjóðasamtaka þjónandi leiðsagnar, fyrir nýja leiðbeinendur.


4BLS
KIPPA ÚT :)
OKTÓBER
VEISLA
ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Í október fást allar
vörur með vaxtalausum
raðgreiðslum með 3.5%
lántökugjaldi og 405kr
greiðslugjaldi af hverjum
gjalddaga
GPS
KRAKKAÚR
FRÁBÆRT GPS KRAKKA SNJALLÚR MEÐ 1.22" LED
SNERTISKJÁ, SOS TAKKA FYRIR NEYÐARSÍMTAL
OG SMS MEÐ STAÐSETNINGU HÆGT AÐ HRINGJA Í
ÚRIÐ OG FYLGJAST MEÐ FERÐUM BARNSINS.
9.990
SOS
HNAPPUR
SENDIR BOÐ Í SÍMA
FORELDRA!
3
LITIR
15:13
3
LITIR
Trust URBAN
2.200mAh
FERÐARAFHLAÐA
Lítil og nett 2200mAh ferðarafhlaða frá Trust með allt að 9 klst auka hleðslu fyrir síma, 3 litir í boði:)
1.990
FRÁBÆRT VERÐ!
4+
Trust
ÞRÁÐLAUSIR TAPPAR
Glæsileg, þráðlaus og vatnsheld íþrótta tappa-heyrnartól. Stýrihnappar og hljóðnemi í snúru.
4.990
ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH 4.1
4G
DUAL SIM
TEKUR SÍMKORT
FRÁ ÖLLUM
SÍMFÉLÖGUM
4G LTE
GPS
7"SPJALDTÖLVA
Öflug 4ra kjarna spjaldtölva í Pókémon Go með 4G/LTE, GPS, símavirkni og Dual Sim rauf og IPS snertiskjá.
12.990
FYRIR POKÉMON GO!
TÖLVUTEK
NÝ LEIKJADEILD
Á NEÐRI HÆÐINNI
Í HALLARMÚLANUM
6. OKTÓBER 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

80JH00R6M

FULL HD IPS
CORNING GORILLA GLASS
FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI
360° SNÚNINGUR

## YOGA3
**FISLÉTT ULTRABOOK FARTÖLVA**

Glæsileg fartölva frá Lenovo með Full HD IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360° og mögnuðu JBL Waves Audio!

- Intel Core i3-5005U Broadwell 2.0GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 14" FHD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- 1GB Intel HD 5500 DX12 skjákjarni
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, USB3
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Motion Control HD vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**99.990**
360° FHD SNERTISKJÁR

2 LITIR
10 ÞÚSUND LÆKKUN VERÐ ÁÐUR 59.990
KEMUR Í TVEIMUR LITUM

## ES1-522

- AMD QuadCore E2-7110 1.8GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 2GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Innbyggð 480p vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**49.990**
FÆST Í 2 LITUM

NÝ SENDING VAR AÐ LENDA!

## G4 250

- Intel Core i3-5005U 2.0GHz 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 128GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- Intel HD 5500 GT2 DX12 skjákjarni
- 2.0 DTS Studio Sound hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi, BT 4.0, USB 3.0
- Innbyggð 720p HD vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**69.990**
HP Á BETRA VERÐI!

10 ÞÚSUND LÆKKUN VERÐ ÁÐUR 129.990
1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!
acer

BURSTUÐ TITANIUM ÁFERÐ ;)
128GB SSD STYRKIERFISDISKUR

## GIGABYTE
**mini BRIX SKYLAKE TÖLVUTILBOÐ**

- GIGABYTE mini BRIX CE borðtölva
- Intel Dual Core 3955U 2.0GHz Skylake
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 128GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 1GB Intel HD 510 DX12 Skylake skjákjarni
- 2x USB 3.1 Type-C&A & Bluetooth 4.2
- 867Mbps Dual WIFI AC þráðlaust net
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**99.990**
ÚRVAL AF BRIX FRÁ 69.990

512GB SSD STÝRIKERFISDISKUR

## GIGABYTE
**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1**

- Thermaltake Versa H15 Deluxe turn
- AMD A8-7600 Quad Core 3.8GHz Turbo
- GIGABYTE A88XM-D3HP móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 512GB SSD Plextor M7V diskur
- 8GB Radeon R7 384GCN DX12 skjákjarni
- Nýjustu USB 3.1 Type-C & Type-A tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**119.990**
HÖRKU VÉL HLAÐIN NÝJUSTU TÆKNI

Q190ND
FULL HD IPS
FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI
MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR

## PAVILION
**ALL-IN-ONE BORÐTÖLVA**

Glæsileg All In One skjátölva frá HP með Full HD IPS snertiskjá, kristaltært Bang & Olfusen hljóðkerfi og stendur á einstaklega fallegum ál fæti.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 7200RPM diskur
- 23" FHD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- 2.0 Bang & Olfusen 4W RMS hljóðkerfi
- 867Mbps DUAL WiFi AC, BT4.0, HDMI
- 720p HD vefmyndavél og Digital MIC
- Vandað HP lyklaborð og góð HP mús
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**169.990**
ÓTRÚLEGA ÖFLUG ALL-IN-ONE

LED
LED LÝSING
EINSTAKLEGA FLOTT SÉRSTILLANLEG 360 GRÁÐU LED LÝSING

## DIXXO
**ÞRÁÐLAUS LED HÁTALARI**

- Ótrúlegur Bluetooth ferðahátalari
- Kraftmikið hljóð 10W RMS 20W Peak
- Fjöldi ljósastillinga sem hreyfast í takt
- Spilar einnig af microSD korti og USB
- Endurhlaðanleg rafhlaða, allt að 15 tímar!
- Frábær drægni, allt að 10 metrar
- Spilar tónlist og hægt að taka símtöl

**9.990**
TAKTU TÓNLISTINA MEÐ ÞÉR!

4 LITIR
BACKUP PLUS

## 1TB Slim
**STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI**

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.990**
2TB AÐEINS 19.990

UPPLIFÐU! 360°
STEAM VR

## VIVE VR
**HÁGÆÐA 360° STEAM VR GLERAUGU**

- Hágæða VR gleraugu frá HTC
- 2160x1200 upplausn, 90Hz refresh rate
- 110° sjónarsvið veitir bestu upplifunina
- 2x hágæða fjarstýringar með touchpad
- 2x 360° hreyfiskynjarar fyrir room scale
- 32x skynjarar og innbyggð myndavél
- Passa þægilega yfir langflest gleraugu
- Steam powered, mikið magn af efni í boði

**179.990**
SJÓN ER SÖGU RÍKARI!

NÝ KYNSLÓÐ 9.35mm og 250gr
1280x720 IPS
ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN
ICONIA

## B1-780

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x720
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- Örþunn aðeins 9.35mm og 250gr.
- Tvær vefmyndavélar 2MP & 0.3MP
- Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita

**19.990**
NÝ OG ÖFLUGRI KYNSLÓÐ!

1280x800 IPS
ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN
NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.2mm OG 520gr

EXPANSION **9.990**
2TB 16.990
### 1TB FERÐAFLAKKARI

4TB PORSCHE **29.990**
3TB AÐEINS 24.990
### 4TB PORSCHE FLAKKARI

ONI **2.990**
4 LITIR
### ÞRÁÐLAUS MÚS

POINT OF VIEW **9.990**
ÚRVAL SPJALDTÖLVA Á VERÐI FRÁ 9.990
### 7" SPJALDTÖLVA

748 **14.990**
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
### 7" SPJALDTÖLVA

3TB EXPANSION **19.990**
8TB AÐEINS 49.990
### 3TB USB3 FLAKKARI

S55 **11.990**
120GB AÐEINS 7.990
### 240GB SSD DISKUR

CRUZ 16" **7.990**
CRUZ BAKPOKI Fartölvubakpoki með plássi fyrir allt aukadótið :)
3 LITIR
### FARTÖLVUBAKPOKI

VERÐ FRÁ **2.990**
ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)
### SPJALDTÖLVUHLÍF

FLEX **8.990**
### FITBIT HEILSU ÚR

GIGABYTE · LACIE · SEAGATE · Silicon Power · Lenovo · hp · BenQ · acer · TÖLVU






Framleiðsla á Thule léttöli hófst á Akureyri fyrir 50 árum. Landsmenn tóku vel í framleiðsluna og hafa gert það alla tíð síðan.

# MEÐ LANDSMÖNNUM Í HÁLFA ÖLD

**Víking Ölgerð kynnir** Hálf öld er síðan framleiðsla á Thule léttöli hófst á Akureyri hjá fyrirtækinu Sana. Landsmenn tóku léttölinu fagnandi og áttu skemmtilegar og stundum hneykslanlegar sjónvarpsauglýsingar stóran þátt í þeim vinsældum. Á svipuðum tíma framleiddi Sana líka áfengan bjór til útflutnings en framleiðslunni var hætt árið 1972.

Vörumerkið Thule fagnar 50 ára afmæli í ár. Saga þess er nokkuð skemmtileg og áhugaverð og fléttast rækilega saman við stutta léttöls- og bjórsögu íslensku þjóðarinnar.

Rekja má upphaf Thule til Siglufjarðar en þar bjó Aage R. Schiöth, dugnaðarforkur og athafnamaður, sem ber titilinn guðfaðir Thule að sögn Hilmars Geirssonar, vörumerkjastjóra Thule hjá Vífilfelli. „Aage R. Schiöth var ekki aðeins lyfsali í bænum heldur einnig bæjarfulltrúi, stórsöngvari og útgerðarmaður. Árið 1939 stofnaði hann Efnagerð Siglufjarðar sem starfrækt var öll stríðsárin í bænum.“ Árið 1945 flutti efnagerðin til Akureyrar, skipti um nafn og varð Efnagerð Akureyrar. „Þrátt fyrir að hafa framleitt margar ólíkar vörutegundir var hún þekktust fyrir gosdrykkina, t.d. sódavatn, kjarnadrykk með sítrónu og hið margrómaða Valash.“

Svo ljúflega runnu gosdrykkirnir í norðanmenn að þegar eigendaskipti urðu árið 1958 ákváðu nýju eigendurnir að einbeita sér nær alfarið að framleiðslu gosdrykkjanna. „Þar átti Valash-ið sinn fasta aðdáendahóp en svo voru sumir Norðlendingar enn hrifnari af drykkjum eins og Cream Soda, Orange-ade, Ginger Ale og Abríco. Útlitið var bjart og 1962 var ráðist í byggingu nýrrar verksmiðju og enn var skipt um nafn; Efnagerð Akureyrar varð nú Sana.“

## SÖGULEGAR AUGLÝSINGAR

Árið 1966 var ákveðið að breikka úrvalið og bæta við „fljótandi fæði“ fyrir fullorðna að sögn Hilmars. „Ráðist var í að kaupa ný og vönduð tæki til ölgerðar og eftir nokkrar tilraunir og ótal bragðprófanir var ákveðið að nota formúlu frá ölgerð Alfreds Jörgensens í Danmörku sem eignaðist hlut í félaginu. Stuttu síðar leit fyrsta Thule flaskan dagsins ljós sem var að sjálfsögðu léttöl því þarna var enn langt í að bjór yrði leyfður á Íslandi.“

Landsmenn tóku Thule léttölinu fagnandi og skyndilega varð Sana, sem fram að því hafði verið lítt þekkt sunnan heiða, landsfrægt. Þar áttu líka skemmtilegar sjónvarpsauglýsingar stóran þátt. „Eflaust halda margir að Thule auglýsingarnar hafi fyrst farið að vekja athygli á síðasta áratug tuttugustu aldar en svo var nú alls ekki. Frá upphafi hafa Thule auglýsingar vakið mikið umtal, þótt fyndnar og skemmtilegar en kannski stundum alveg á mörkunum, sem er náttúrulega fyndið í sjálfu sér.“

Það tók nokkur ár að finna þessa hárfínu línu og árið 1969 fóru menn t.d. hressilega yfir strikið að mati yfirvalda. „Þá birtist á skjánum vígalegur og fúlskeggjaður kúreki sem leiddur er til aftöku. Hans hinsta ósk er einföld: „Einn ískaldan Thule, takk,“ sem hann teygar síðan af áfergju með snöruna um hálsinn. Auglýsingin olli talsverðu uppnámi meðal margra landsmanna og þótti smekkleysan algjör. Eftir fáeinar sýningar í sjónvarpi var auglýsingin bönnuð. En tilganginum var náð. Nú vissi hvert mannsbarn á landinu af tilvist Thule léttölsins.“ Mörgum árum síðar, eða 1998, lenti Thule bjórinn í 3. sæti í smökkunarkeppni hjá Samtökum danskra bjórnautnamanna og fékk verðlaunapening um fagurgrænan flöskuháls sinn. „Þessi árangur hefur verið miskunnarlaust nýttur í skemmtilegar auglýsingaherferðir sem flestir landsmenn kannast við.“



„Eflaust halda margir að Thule auglýsingarnar hafi fyrst farið að vekja athygli á síðasta áratug tuttugustu aldar en svo var nú alls ekki. Frá upphafi hafa Thule auglýsinga vakið mikið umtal,“ segir Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Thule. MYND/GVA

## BJÓR FYRIR SUMAR

Sana bruggaði líka sterkan bjór á sama tíma en þó aðallega fyrir sendiráðin, hermenn á Keflavíkurflugvelli og áhafnir farskipa og flugvéla. Bjórinn var auk þess fluttur út í miklum mæli til Færeyinga. „Menn dreymdi hins vegar um stærri markað og í kringum 1970 var rætt í fúlustu alvöru um mikinn útflutning á Thule bjór til Bandaríkjanna og Bretlands. Ekkert varð hins vegar úr þeim áformum og þess í stað var tekin u-beygja því árið 1972 hætti Sana að brugga sterkan bjór í bili.“

Árin liðu og loks var sala á bjór leyfð hér á landi. Árið 1991 réðst til starfa hjá félaginu Baldur Kárason sem trúlega var fyrsti Íslendingurinn til að ljúka háskólaprófi sem bruggmeistari. „Hann útskrifaðist frá Heriot-Watt háskólanum í Edinborg í Skotlandi en þangað sækja flestir ölgerðarmeistarar bresku brugghúsanna menntun sína til. Árið 1993 sá svo Baldur til þess að Thule léttöl og Thule bjór væru vakin upp eftir langan blund; snyrt aðeins og snurfusuð og send út á markaðinn.“

Í tilefni af þessum merkilega áfanga, að 50 ár eru síðan að framleiðsla á Thule hófst, mun Vífilfell ölgerð framleiða takmarkað upplag af sérstökum afmælisbjór undir nafninu Thule Svartbjór, sem verður fáanlegur í október. „Svartbjórinn er óður til hins þýska „schwarzbier“ en dökkur liturinn segir þó ekki alla söguna því hann er töluvert léttari en liturinn gefur til kynna. Til þess að undirstrika þýskan blæ Svartbjórsins verður hann fáanlegur á sama tíma og Októberfest-hátíðin fer fram í Þýskalandi.“












**„Í sjálfu sér á ég enga ákveðna fyrirmynd hvað varðar tísku. Það er aðallega vinnan og þeir í kringum mig sem hafa áhrif á hvernig ég klæði mig," segir Írena Sveinsdóttir.** MYND/GVA

# SAKNAR ALLS EKKI UGG-SKÓNNA

Írena Sveinsdóttir fær tískuinnblástur í vinnunni en hún afgreiðir í versluninni Húrra. Hún vill helst vera í strigaskóm og segir UGG-skó ein verstu kaup sem hún hefur gert. Wood Wood og Spútnik eru meðal uppáhaldsbúðanna fyrir utan vinnustaðinn hennar.

**Áttu einhverja uppáhaldsflík?** Já, tvennar buxur frá Wood Wood sem ég held mikið upp á. Þeim tekst alltaf að gera góð snið sem ég fíla vel.

**Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl?** Reyni oftast að vera samkvæm sjálfri mér í fatavali og velja föt sem henta mér vel. Stórir T-bolir, víðar buxur og strigaskór lýsa stílnum mínum ágætlega.

**Hvar kaupirðu helst föt?** Í Húrra og Spúútnik hérlendis, svo eru Wood Wood búðirnar í Köben – Naked og Carhartt WIP er alltaf gaman að heimsækja.

**Ertu ein af þeim sem eru bara í svörtu?** Fataskápurinn er alveg litríkur en samt mikið af jarðlitum frekar en skærum.

**Verstu kaupin?** Ekkert sérstakt sem stendur upp úr. Nema kannski UGG-skór sem ég átti, sakna þeirra ekki mikið.

**En þau bestu?** Held að það sé litla Carhartt essentials-taskan mín sem ég er með á hverjum degi. Passar að ég er alltaf með síma, lykla og veski á mér.

**Kanntu að sauma?** Eitthvað aðeins, já, en var meira að því í menntaskóla. Stefni að því að vera duglegri í því.

**Áttu þér einhverja tískufyrirmynd úr kvikmyndum, tískubransanum, eða er það mamma?** Nei, á í sjálfu sér enga ákveðna fyrirmynd hvað varðar tísku. Það er aðallega vinnan og þeir í kringum mig sem hafa áhrif á hvernig ég klæði mig. Við mamma erum með mjög ólíkan stíl en hún er þó alltaf glæsileg.

**Kósígallinn?** Norse Projects-bómullarsett úr Húrra er kósígallinn hjá mér akkúrat núna.

**Sparigallinn?** Er ekki mikið fyrir að klæðast kjólum eða pilsum þannig að þegar ég ætla að klæða mig upp á er það oftast fallegur jakki, bolur , buxur og „chunky" hælar.

**Hælar eða flatbotna?** Flatbotna og þá strigaskór.

**Kjóll eða buxur?** Buxur.

**Hvaða instagrömmum fylgir þú?** Er mjög virk á Instagram og þau sem ég skoða aðallega þessa dagana eru @ christinapaik @ganna_bogdan @asvpxnvst. Svo er mitt instagram @irenasveins.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


BRJÁLAÐ KRINGLUKAST
20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
COSMO
Kringlunni




# SKEGGJAÐUR TÖFFARI

Frægðarsól Toms Hardy hefur risið hratt frá því hann lék sitt fyrsta hlutverk í kvikmyndinni Black Hawk Down árið 2001. Hardy er ekki aðeins þrusugóður leikari heldur þykir hann með best klæddu körlunum á rauða dreglinum.

Tom Hardy er 39 ára enskur leikari, handritshöfundur og framleiðandi. Hann hefur vakið athygli fyrir framúrskarandi leik í fjölmörgum kvikmyndum undanfarin ár og er nú orðinn með eftirsóttari karlleikurum.

Meðal kvikmynda sem hann hefur leikið í má nefna Inception (2010), Tinker Tailor Soldier Spy (2011), Lawless (2012), Locke (2013), The Drop (2014) og The Revenant (2015) en fyrir síðastnefnda hlutverk sitt var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti aukaleikarinn. Hann lék einnig hlutverk Bane í Batmanmyndinni The Dark Knight Rises (2012), lék Mad Max eftirminnilega í Mad Max: Fury Road (2015) og fór svo með hlutverk Kray-tvíburabræðranna í myndinni Legends sem kom út í fyrra. Hardy hefur einnig farið með nokkur hlutverk í sjónvarpsþáttum og á sviði.Hardy hefur ekki eingöngu vakið hrifningu áhorfenda fyrir flottan leik heldur hefur tískuheimurinn tekið honum opnum örmum enda þykir hann bæði myndarlegur og vel til hafður þegar komið er á rauða dregilinn. Í fyrra valdi tímaritið GQ hann til dæmis einn af 50 best klæddu Bretunum.


Hardy ásamt leikkonunni Emily Browning við frumsýningu myndarinnar Legend í London 2015.

Hardy er með ófá húðflúr en þau, ásamt vel snyrtu skeggi, þykja auka mjög aðdráttarafl hans. Meðal húðflúra má nefna nokkur „tribal“ tattú, breska fánann, leiklistargrímu, kráku og tvær setningar á ítölsku: „figlio mio bellissimo“ (fallegi sonur minn) og „padre fiero“ (stoltur faðir).

Hardy er tveggja barna faðir en yngra barnið á hann með núverandi konu sinni, leikkonunni Charlotte Riley.


Tom Hardy reffilegur í svörtum frakka við frumsýningu The Revenant í London. Fyrir hlutverk sitt í myndinni var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik í aukahlutverki.

Hardy á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra við kynningu á myndinni Mad Max: Fury Road þar sem hann fór með aðalhlutverkið.










30-60%
afsláttur af völdum vörum!
GLÆSILEGT HAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
4 heppnir þátttakendur hljóta 10.000kr gjafabréf í ZikZak
Drögum þriðjudaginn 11. okt
KRINGLUKAST!
Fullt af FRÁBÆRUM tilboðum dagana 6.-10. okt.
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 8.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. 36-52
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. 42-56
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314







Hvítir sandalar með smellum. Þessir eru ekki með ökklabandi eins og brúnu lakkskórnir.

Svart og hvítt. Þessir passa vel við sparikjólinn.

# DANSAÐ HJÁ STELLU

**Stella McCartney** var ein af þeim tískuhönnuðum sem sýndu vor- og sumartískuna 2017 á tískuviku í París í vikunni. Stella fer aldrei hefðbundnar leiðir í sköpun sinni og sýningar hennar vekja jafnan mikla athygli. Að þessu sinni sýndi Stella sportlega tísku undir gleðidansi.

Stella fer eigin leiðir í hönnun sinni. Skórnir hennar þykja öðruvísi og smart. Þá var eftir tekið að buxurnar hennar Stellu voru allar víðar og pokalegar en búast má við að þröngu buxurnar víki á næsta ári fyrir þeim þægilegu, eins og aðeins er farið að bera á nú þegar. Tískuvikunni í París lauk í gær. Fréttin um innbrot, árás og þjófnað hjá Kim Kardashian á sunnudagskvöld hafði mikil áhrif á gesti tískuvikunnar og fátt er um annað talað.

Stella var með sýningu sína á mánudag um svipað leyti og fréttirnar birtust um Kardashian. Andrúmsloftið var þrungið spennu. Í loftinu var áminning um hinar dekkstu hliðar Parísarborgar.

Sumartíska Stellu fyrir 2017 þykir einstaklega sport- og frjálsleg. Víðar buxur sem bundnar eru í mittið, stórar þægilegar skyrtur og mynstraðar leggings. Skórnir sem fyrirsæturnar voru í vöktu ekki síður athygli en fötin. Undir sýningunni hljómaði fjörug sumartónlist sem módelin dönsuðu við. Gestir skemmtu sér vel en á fyrsta bekk var leikkonan Salma Hayek ásamt eiginmanni sínum, auðmanninum François-Henri Pinault, ballettdansarinn Marie-Agnès Gillot, ritstjóri Vogue, Anna Wintour, leikkonan Kristin Scott Thomas og eiginmaður Stellu, Alasdhair Willis, ásamt bróður hennar, James.

Stella er mikill dýraverndunarsinni. Hún spurði gesti sýningarinnar hvers vegna svona mörg dýr væru drepin í heiminum. Sjálf notar hún ekki leður í hönnun sinni.

Bómull og silki er áberandi. „Ég vil færa ykkur ást með sýningu minni,“ sagði hún. „Ég vil sýna ykkur tilfinningasemi, jákvæðni og vera hvetjandi.

Stella er eins og flestir vita dóttir Bítilsins Pauls McCartney. Hún hefur átt mjög farsælan feril sem tískuhönnuður. Stella er 45 ára og á fjögur börn með manni sínum.



Veskið verður núna um konuna miðja, ef hugmynd Stellu verður vinsæl.





Lakksandalar með smellum fyrir næsta sumar. Flottir skór.

Spariskórnir eru með mjórri tá og háum hæl eins og sjá má.







**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**
**www.smartboutique.is**
Sími 551 1040

Opnunartímar
mánud.-föstud 10 – 18
Laugard. 10 – 16

Smart Boutique
Fjörður Hafnarfirði • www.smartboutique.is

**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**
**www.smartboutique.is**

*120 litir og 150 tegundir af leðurhönskum enginn er með meira úrval en við.*

# Opnunarhelgi Smart Boutique Firði Hafnarfirði !


Refaskott og hanskar að eigin vali
Tilboð. 12.490 kr.
Stutt skott og hanskar. Tilboð. 9.900 kr.
Margir nýir litir í boði.


Herratrefill og leðurhanskar hlý og góð gjöf sem klikkar aldrei. Tilboð. 5.490 kr.
Margir litir í boði.


Kanínuhúfa og leðurhanskar
Tilboð 15.900 kr.
Hvítar, svartar, gráar og brúnar húfur í 5 stærðum


Pasmina og leðurhanskar
í stíl Tilboð 4.950 kr.

FJÖRÐUR

Smart Boutique

Léttar veitingar
á laugardaginn frá 12-16

Nóg af
ókeypis bílastæðum

Betri verslun
á betri stað

FJÖRÐUR

Smart Boutique


Yfir 50 tegundir af leður seðlaveskjum
verð frá 3.900 kr.







Leður og sauðskinns lúffur.
Barna frá 1.990 kr.
Dömu /herra frá 3.900 kr.

Herra leðurhanskar
nýir litir frá 3.890 kr.



# HÖFÐAR TIL BREIÐARI VIÐSKIPTAHÓPS




**Parísartízkan kynnir** Parísartízkan hefur bætt við sig merkjum. Úrvalið hefur aukist til muna og nær nú til breiðari viðskiptahóps.

Parísartízkan að Skipholti 29b er glæsileg kvenfataverslun sem býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50.

„Við leggjum áhersla á gæði og góða persónulega þjónustu og höfum nýlega bætt spennandi merkjum við þau gæðamerki sem við erum með fyrir,“ segir eigandinn, Hjördís Sif Bjarnadóttir, og nefnir helstu merki. „Brax er eitt af nýju merkjunum okkar. Því hefur verið vel tekið en framleiðandinn sérhæfir sig í buxum og hefur verið með þeim sterkari á þýskum markaði. Þetta eru gallabuxur, ullarbuxur, viskósbuxur í ólíkum sniðum og í mismunandi síddum og ættu allir að geta fundið buxur við hæfi. Efexelle er líka eitt af nýju merkjunum okkar. Þetta er þýsk gæðavara úr 100% bómull. Flíkurnar koma í fallegum og klæðilegum litum og er mikið um kragaboli, rúllukraga og föt með sirkonsteinum. Fötin eru í stærðunum 38-48 og eru snilld fyrir þá sem þola ekki gerviefni,“ segir Hjördís






Basler er merki sem Parísartískan hefur boðið upp á um langt skeið og stendur að sögn Hjördísar alltaf fyrir sínu. „Þetta eru vandaðar og klæðilegar vörur frá Þýskalandi. Fyrir veturinn höfum við fengið úrval af fallegum yfirhöfnum, drögtum og hlýjum ullar- og silkipeysum svo dæmi séu nefnd.“

Í Parísartískunni fást sömuleiðis sex merki frá tískurisanum Max Mara. „Fyrir þá sem ekki þekkja til eru þetta vandaðar ítalskar vörur sem fást í fínum verslunarhverfum í öllum helstu stórborgum heims. Fyrst má nefna Marina Rinaldi og Persona by Marina Rinaldi en þar er boðið upp á frábær snið í stærðunum 19-27 sem er sambærilegt við 40-50 í evrópskum stærðum. Þá erum við með Max Mara Weekend, Max Mara Code, Max Mara Studio og Penny Black/Max Mara. Þetta eru vel þekkt merki og eiga flíkurnar það sameiginlegt að vera fallegar og stílhreinar í stærðunum 36-44.

Hjördís segir sjón sögu ríkari og býður alla velkomna til að skoða það heitasta sem haustið hefur upp á að bjóða.

# FÍNIR FRÆGIR Í PARÍS

Á götum Parísar hefur vart verið þverfótað fyrir frægu fólki undanfarið þar sem tískuvikan hefur staðið þar yfir en henni lauk í gær. Frakkar hafa löngum verið þekktir fyrir að kunna að klæða sig en á tískuvikunni voru það ekki bara þeir sem sýndu sínar bestu hliðar í klæðavali. Fræga fólkið átti líka góða spretti og mátti sjá kvikmyndaleikara, fyrirsætur og aðrar stjörnur í sínu fínasta pússi.



Töffarinn Jennifer Lawrence í víðum gallabuxum og klassískum silkitoppi.

Kate Moss var frjálsleg í fasi klædd í Dior frá toppi til táar – fyrir utan gallaskyrtuna.



Fyrirsætan Alessandra Ambrosio lét sig ekki vanta í partí á vegum Balmain og klæddist auðvitað kjól frá Balmain.

Tískubloggarinn Susie Lau var trú sínum litríka stíl í París.

Marion Cotillard var flott í „over-sized“ skyrtu yfir mynstruðu pilsi.

Rihanna mætti á sýningu Dior fyrir sumartískuna næsta vor og sumar – að sjálfsögðu klædd í Dior.

NORDIC HOTOS/GETTY

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

*Við Styðjum Bleiku slaufuna 2016*

# 520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Sigurður | Hafdís | Árni Ólafur | Dórothea | Þorsteinn | Jóhanna Kristín | Bjarni | Berglind | Óskar | Þóra | Þorgeir | Sigríður | Garðar | Halla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignasali | Sölustjóri | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali |
| 898 6106 | 820 2222 | 893 4416 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 895 9120 | 694 4000 | 893 2499 | 822 2225 | 696 6580 | 699 4610 | 899 8811 | 659 4044 |

# MIKIL SALA
# NOKKRAR ÍBÚÐIR EFTIR

## HRINGDU NÚNA 520 9595



## Naustabryggja 31-33
101 Reykjavík

**Verð frá: 39.5 millj.**




Dæmi um íbúð

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúð nr: | 0202 | Bílastæði: | B127 |
| Stærð: | 98.4 m2 | Svalir: | 4.3 m2 |
| Herbergi: | 3 | Bað: | 1 |
| Geymsla: | 11.2 m2 | Verð: | 39.800.000 kr |

- Allar íbúðir með gólfefnum ísskáp og uppþvottavél
- 3ja til 4ra herbergja
- Stæði í bílageymslu.

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is



**SKÓLABUDDAN!!!**
'14 HYUNDAI i10 COMFORT. EK 41 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK...GEÐVEIKT HAGKVÆMUR!!! ÁSETT 1.380 ÞÚS. #471303 - S: 580 8900



**SJÁLFSKIPTI DRAUMURINN**
'15 SUZUKI SWIFT. EK 37 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...BESTA VERÐ Á ÍSLANDI!!! ÁSETT 1.780 ÞÚS. # 471302 - S: 580 8900





BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is




**EÐALBORINN GULLVAGN!!!**
'08 TOYOTA LV 200 VX. EK 252 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...7 MANNA & VANUR ÖLLUM AÐSTÆÐUM!!! ÁSETT 6.790 ÞÚS EN GERÐU TILBOÐ!!! #460099 - S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

## Bílar til sölu



**NISSAN X-TRAIL ÁRG. 2002**
Ekinn 157 þús. km., bensín, beinsk. 5 gíra. Nýir klossar/borðar/diskar. Nýleg heilsársdekk. Skoðaður 2017 Verð 720 þús. Uppl. í s. 690 6376

## 0-250 þús.



Stratus Árg 1999 2.5l vél. Ekinn aðeins 56.000 km. Skoðaður 2017. Fór yfir á tíma. Verð aðeins 159.000-kr. Uppl. í s. 779 2416

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR - TILBOÐ 360 ÞÚS**
VW BORA árg 2001 ek.153 þús sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoðaður 17, ný tímareim, Tilboðsverð 360 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR LÍTIÐ KEYRÐUR**
VW GOLF COMFORTLINE árg 06 ek.125 þús, sjálfskiptur, sk17, búið að skipta um tímareim, einn eigandi, ásett verð 990 þús TILBOÐ 890 þús möguleiki á 100% láni S.841 895

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Hjólbarðar



**VETRARDEKK STÆRÐ 235-55-R19**
NOKIAN harðkorna vetradekk. Verð kr. 120þús. kosta ný kr. 280þús. Mjög lítið slitin. Uppl. í s. 897-3464

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




# Gott úrval bílaleigubíla allir nýskráðir 2016



HONDA
**Civic Comfort - 5 dyra**
Nýskráður 4/2016, ekinn 13 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.240.000**



PEUGEOT
**508SW Active með glerþaki**
Nýskráður 6/2016, ekinn 10 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**



HONDA
**Civic Sport**
Nýskráður 6/2016, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.490.000**



HONDA
**Jazz Trend**
Nýskráður 6/2016, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2016, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.290.000**



HONDA
**CR-V Elegance með leiðsögukerfi**
Nýskráður 7/2016, ekinn 13 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.490.000**



PEUGEOT
**2008 Active Sky með glerþaki**
Nýskráður 2/2016, ekinn 15 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



PEUGEOT
**308SW**
Nýskráður 3/2016, ekinn 14 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 3.290.000**



PEUGEOT
**308SW Style**
Nýskráður 6/2016, ekinn 13 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.490.000**



PEUGEOT
**5008 Style með glerþaki**
Nýskráður 6/2016, ekinn 7 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.150.000**

## Góð lánakjör

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Opið á laugardögum
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# LEIKJADEILDIN

## NÝ OG GLÆSILEG LEIKJADEILD Í HALLARMÚLANUM









### GIGABYTE GAMING TÖLVUTILBOÐ 2

- Thermaltake H25 Window leikjaturn
- Intel Core i5-6400 Quad 3.3GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake B150 móðurborð
- 8GB DDR4 2400MHz hágæða minni
- 256GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 3GB GTX 1060 Windforce leikjaskjákort
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**179.990**

VINSÆLASTI LEIKJATURNINN OKKAR

### GIGABYTE ITX GAMING TILBOÐ 2

- Thermaltake Suppressor F1 leikjaturn
- Intel Core i5-6600K Quad 3.9GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake Gaming 5 móðurborð
- 16GB DUAL DDR4 2400MHz minni
- 512GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 8GB GTX 1070 G1 Gaming leikjaskjákort
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**279.990**

ÞESSA VERÐUR ÞÚ AÐ SJÁ;)

### PREDATOR G9-592

NÝ KYNSLÓÐ VAR AÐ LENDA!

PREDATOR LEIKJAVÉL FRÁ ACER

FrostCore Kælieining — Sem er smellt í tölvuna og heldur henni ískaldri fyrir kröfuhörðustu leikina!

RGB LYKLABORÐ MEÐ 16 MILLJÓN LITI!

Ótrúlegt leikjaskrímsli úr Predator línu Acer með forritanlegt RGB baklýst leikjalyklaborð og alvöru GTX 970M leikjaskjákorti með tvöfalt minni!

- Intel Quad Core i7-6700HQ 3.5GHz Turbo
- 16GB DUAL DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6” FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 6GB GTX 970M G-SYNC leikjaskjákort
- 2.1 Predator SoundPound hljóðkerfi
- RGB baklýst ProZone leikjalyklaborð
- 867Mbps Killer Wireless, BT4.1, USB-C 3.1
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR — VERÐ ÁÐUR 299.990

**269.990**

MEÐ GTX980 OG 512GB SSD 319.990

### XL2411 BenQ 24”3DLED 144Hz LEIKJASKJÁR

144Hz — 24” 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24” LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**49.990**

27” XL2720Z 144Hz 89.990

### plantronics RIG500 LEIKJAHEYRNARTÓL

MODULAR HEYRNARTÓL MEÐ ÚTSKIPTANLEGUM EININGUNUM!

AÐEINS 200gr

- e-Sports leikjaheyrnartól frá Plantronics
- Hönnuð fyrir leiki og mælt með af ESL
- Dúnmjúkir memory foam púðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Hægt að skipta um flestar einingar

**14.990**

FYRIR PS4 OG XBOX 16.990

### D5 GAMING GTX1060 D5 GAMING LEIKJASKJÁKORT

3X ÖFLUGRA — Næsta kynslóð GTX 1060 leikjaskjákorta var að lenda og er allt að 3X öflugri en eldri kynslóð GTX 960

6GB 8GHz MINNI — 1746MHz KJARNI OG BOOST OC YFIRKLUKKUN MEÐ ENN ÖFLUGRI 2X WINDFORCE KÆLINGU MEÐ KOPAR HITAPÍPUM

0dB SILENT GAMING — Windforce 2X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

Loksins er næsta kynslóð skjákorta lent! GIGABYTE D5 Gaming er með 0dB silent viftu sem fer aðeins í gang við krefjandi notkun, metal bak, og forritanlega RGB lýsingu

- Nýjasta leikjaskjákortið frá GIGABYTE!
- 6GB GDDR5 8GHz 192-bit minni
- SUPER OC 1746Mhz og Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1280 CUDA cores og 80T.U. fyrir leiki
- 3x 8K Display Port 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 2X tækni

**49.990**

GTX1070 G1 GAMING 79.990

### ZASERIES FYRIR ATVINNUSPILARA

100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:) — ÍSLENSKA CS:GO LANDSLIÐIÐ MÆLIR MEÐ ZOWIE — ATVINNUMENN Í CS:GO NOTA ZOWIE

3 STÆRÐIR

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
- 7 forritanlegir Macro hnappar
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip

**14.990**

FÆST Í 3 STÆRÐUM!

### DUCKYONE FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

CHERRY MX SWITCHES — FÆST MEÐ BROWN, RED EÐA BLUE!

- Ducky ONE mekanískt lyklaborð
- Laser tvískorið og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX bláir, rauðir eða brúnir svissar
- ABS DS hnappar sem eyðast ekki
- Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Ótrúleg forritanleg LED baklýsing
- Dual Layer PCB eykur líftíma

**24.990**

DUCKY SHINE AÐEINS 34.990

### GAMING STÝRIPINNI

GXT 540 — **4.990**

TRUST GXT-540 — STÝRIPINNI MEÐ SNÚRU, VIRKAR MEÐ PLAYSTATION 3, PC & STEAM OS!

### PLAYSTATION 4 SLIM

500GB — **49.990**

1TB 59.990

### XBOX ONE S FIFA17

500GB — **59.990**

XBOX STÝRIPINNI FYLGIR — FIFA17 LEIKURINN FYLGIR

### GAMING SPJALDTÖLVA

GT-810 — **49.990**

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR — VERÐ ÁÐUR 69.990

PREDATOR GAMING

### HÁGÆÐA TÖLVUSTÓLAR

ENZO — **29.990**

3 LITIR

HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR

PREDATOR · GIGABYTE · BenQ · Ducky Channel · ZOWIE a brand by BenQ · steelseries professional gaming gear · TRUST GAMING · RAZER

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga 10:00 - 18:00

Laugardaga 11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

# Var Jesús til?



Rúnar M. Þorsteinsson
prófessor í nýjatestamentisfræðum við HÍ

Stærstu trúarbrögð heimsins, kristindómurinn, eru grundvölluð á tilvist og boðskap Jesú frá Nasaret. En var Jesús til í raun og veru? Eða byggja fornar frásagnir af honum á mýtu, þ.e.a.s. á sögu sem ekki er sönn? Hópur manna, sem við getum kallað „mýtumenn“, heldur því einmitt fram að frásagnir af Jesú séu ekkert annað en mýtur og að persónan Jesús hafi aldrei verið til.

Samkvæmt þessari skoðun hófst kristindómurinn með trú á andlega, goðsögulega veru, sem síðari kristnir menn héldu fram að hefði verið söguleg. Rök mýtumanna eru margvísleg, en í grundvallaratriðum eru þau þessi: (1) Það eru engar áreiðanlegar 1. aldar heimildir til um Jesú sem ekki eru kristnar. (2) Ekki er mikið minnst á Jesú í öðrum textum Nýja testamentisins en guðspjöllunum. Meira að segja Páll postuli minnist nánast ekkert á hinn sögulega Jesú. (3) Guðspjöllin fjögur í Nýja testamentinu, Markús, Matteus, Lúkas og Jóhannes, eru einu alvöru heimildirnar um hinn sögulega Jesú, en þeim er ekki einu sinni hægt að treysta, þar sem markmið þeirra var að boða trú, en ekki miðla sagnfræðilegum sannleika. Auk þess er í raun og veru aðeins um eitt guðspjall að ræða í þessu tilliti, þar sem Matteus, Lúkas og Jóhannes byggja öll á Markúsi. (4) Sögurnar um Jesú eiga sér nánar hliðstæður í samtíma mýtum um heiðna guði og aðra guðlega menn og eru því líklega af sama toga.

**Þegar þessi rök og mótrök eru metin bendir flest til þess að Jesús hafi í raun og veru verið til. Sú niðurstaða þýðir þó ekki að hann hafi sagt og gert alla þá hluti sem guðspjöllin segja til um. Guðspjöllin eru ekki sagnfræðileg rit, heldur trúarleg, eins og mýtumenn benda réttilega á.**

Nýjatestamentisfræðingar, sem flestir eru á þeirri skoðun að Jesús hafi verið til (hver svo sem hann var), tiltaka eftirfarandi mótrök gegn þessum skoðunum mýtumanna: (1) Það er rétt að engar grísk-rómverskar heimildir frá 1. öld nefna Jesú. Það er á hinn bóginn rangt að engar ekkikristnar heimildir nefni Jesú á nafn. Gyðinglegi sagnaritarinn Jósefus nefnir hann tvisvar í textum sínum, nokkuð sem mýtumenn andmæla með því að halda því fram að kristnir menn hafi síðar bætt þessum tilvísunum við. Þau rök eru veik þar sem engin forn handrit styðja slíkar viðbætur. Það er reyndar nokkuð algeng leið hjá mýtumönnum að bregðast við gagnrökum af þessu tagi með því að halda því fram að slíkar tilvísanir séu einfaldlega seinni tíma viðbætur. Til þess að slík rök séu sannfærandi þarf helst að liggja fyrir handritavitnisburður því til stuðnings.

(2) Það er eðlilegt að meira sé minnst á Jesú í guðspjöllunum en í öðrum textum Nýja testamentisins, þar sem hann þó kemur fyrir. Páll minnist vissulega lítið á hinn sögulega Jesú – hann hefur meiri áhuga á hinum upprisna Kristi – en þó má sjá slíkt endrum og eins. Eitt dæmi er að finna í Fyrra Korintubréfi 11.22–24 þar sem Páll vísar beint í orð Jesú.

(3) Það er rétt að meginmarkmið guðspjallahöfundanna voru ekki sagnfræðileg, heldur að boða trú á Jesú sem messías (hvað svo sem fólst í því). Það þýðir þó ekki að Jesús hafi ekki verið til. Guðspjöllin fjögur eru vissulega okkar bestu heimildir fyrir tilvist Jesú, en það er ekki rétt að um einungis eina heimild, Markús, sé að ræða. Matteus og Lúkas nota jú Markús sem heimild, en þeir nota að líkindum aðra sjálfstæða heimild sem kölluð hefur verið Q (af orðinu Quelle = heimild) – textabrot sem eru sameiginleg með Matteusi og Lúkasi en koma ekki fyrir í Markúsi, auk þess sem sérefni Matteusar og Lúkasar gætu verið eldri heimildir. Ef þetta er tilfellið er um fjórar sjálfstæðar heimildir að ræða um tilvist Jesú, auk Jóhannesarguðspjalls sem geymir aðra sjálfstæða heimild sem þó tilheyrir líklega seinni tíma.

(4) Það að til voru goðsagnir um persónuna Jesú þýðir ekki að hann hafi ekki verið til, enda þótt hann hafi e.t.v. ekki verið eins og goðsögurnar lýsa honum. Í fornöld voru til álíka sögur af persónum sem við vitum að voru til í raun og veru. Gott dæmi er Apollóníus frá Týana sem var uppi á 1. öld e.Kr., en lýsingu á honum svipar mjög til frásagna af Jesú.

Þegar þessi rök og mótrök eru metin bendir flest til þess að Jesús hafi í raun og veru verið til. Sú niðurstaða þýðir þó ekki að hann hafi sagt og gert alla þá hluti sem guðspjöllin segja til um. Guðspjöllin eru ekki sagnfræðileg rit, heldur trúarleg, eins og mýtumenn benda réttilega á. Góðum og gildum aðferðum þarf að beita til þess að ákvarða hvað er líklegt að Jesús hafi sagt og gert í raun og veru, en sú spurning er krufin til mergjar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.



## Einum sigri frá lokakeppni Evrópumótsins




**Heimamaðurinn skoraði** Íslenska U21 árs landsliðið í fótbolta vann Skotland, 2-0, í næstsíðasta leik liðsins í undankeppni HM 2017. Ungu strákarnir okkar eru nú einum sigri frá EM en þeir mæta Úkraínu í Laugardalnum á þriðjudaginn. Aron Elís Þrándarson, sem er í baráttu við einn Skotann á myndinni, skoraði fyrra markið í leiknum í gær sem fór fram í Víkinni þar sem framherjinn er uppalinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Finnar fengu sinn Lars frá Lars

**Hans Backe, landsliðsþjálfari Finnlands, tók við starfinu eftir að Lars Lagerbäck sagði honum að gera það. Backe og Lars eru góðir vinir með svipaðar pælingar tengdar fótbolta.**

**FÓTBOLTI** „Ég talaði við hann áður en ég tók við starfinu og hann sagði mér að kýla á þetta,“ sagði Hans Backe, landsliðsþjálfari Finnlands, um Lars Lagerbäck, fyrrverandi landsliðsþjálfara Íslands, á blaðamannafundi finnska landsliðsins í fótbolta í Laugardalnum í gær. Lallinn okkar sagði góðvini sínum til margra ára að taka við finnska starfinu eftir fjögur ár frá boltanum vitandi að Ísland og Finnland myndu mætast í undankeppni HM. Það gera þjóðirnar einmitt á Laugardalsvellinum í dag.

„Við höfum verið vinir í mörg ár og eigum fyrirtæki saman. Það gengur reyndar ekki alveg nógu vel,“ sagði Backe og hló. „Annars höfum við ekkert talað saman um leikinn enda er Lars svo tengdur Íslandi.“

### Þeirra eigin Lars

Að sitja blaðamannafund Backe í gær var merkilegt fyrir blaðamann því hæglega hefði verið hægt að loka augunum og ímynda sér að Lars Lagerbäck væri að þjálfa finnska liðið. Góðvinirnir eru mjög svipaðar týpur, tala svipaða ensku og hafa svipaðar fótboltapælingar. Annar er meira að segja kallaður Lasse og hinn Hasse.

Þegar Lars tók við íslenska landsliðinu byrjaði hann á fjórum erfiðum vináttuleikjum sem töpuðust allir. Backe gerði það sama með Finnana en liðið hefur ekki unnið leik síðan hann tók við í byrjun árs. Tvö jafntefli í átta leikjum og sex töp fyrir þjóðum eins og Belgíu, Ítalíu og Þýskalandi. Það er engin tilviljun að finnska liðið er að byrja eins undir stjórn Hasse og íslenska gerði undir stjórn Lasse.

„Við eigum þetta sameiginlegt. Þetta er eitthvað sem hefur virkað mjög vel hjá Lars. Þið byrjuðuð líka illa en komust í gang og vonandi verður þetta eins hjá okkur. Við Lars viljum alltaf spila við þá bestu því þá færðu bestu svörin og leikmennirnir geta mátað sig á móti þeim bestu og vita hvaða skref þeir þurfa að taka,“ sagði Backe.

Finnska liðið gerði aftur á móti ekki eins og það íslenska og vann fyrsta leik sinn í undankeppni undir stjórn Lars. Finnar gerðu jafntefli við nýliða Kósóvó.

> Ég veit nákvæmlega hvernig þeir vinna. Og þá meina ég í smáatriðum.
>
> Hans Backe, landsliðsþjálfari FInnlands

### Veit allt um Ísland

Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands, sagði í viðtali í aðdraganda leiksins að hann þekkti vel til vinnubragða Backe eftir tíma sinn með Lars.

„Ég veit líka nákvæmlega hvernig þeir [Ísland] vinna. Og þá meina ég í smáatriðum,“ svaraði Backe um leið. „Ísland spilar eins á móti öllum liðum hvort sem það er heima eða úti en það er líka en ástæða þess að liðinu gengur svona vel.“

Einhverjar breytingar gætu orðið á byrjunarliði Íslands vegna meiðsla en Backe ítrekaði orð sín mjög skýrt.



„Ísland mun aldrei breyta leikstíl sínum sama á móti hverjum það spilar. Ísland spilaði alla leikina á EM með sama byrjunarliðið. Ef einhver á að komast í liðið verður annar að detta út vegna meiðsla. Annars er þetta alltaf eins,“ sagði Backe.

### Hvað gerir Heimir?

Íslenska landsliðið verður án Kolbeins Sigþórssonar á morgun annan leikinn í röð. Jón Daði Böðvarsson er einnig tæpur en verði hann ekki með þarf Heimir að taka ákvörðun um hvort hann byrji með hinn sjóðheita Viðar Örn Kjartansson eða gefi Birni Bergmann Sigurðarsyni óvænt tækifæri í byrjunarliðinu.

Alfreð og Viðar Örn eru frábrugðnir Kolbeini, Jóni Daða og Birni Bergmann sem eru stærri og sterkari og vinna meiri háloftavinnu. Einhverjar áherslubreytingar þurfa því að vera á liðinu af Alfreð og Viðar Örn byrja.

Heimir og Lars reyndu að skapa meiri breidd í liðinu með því að prófa 50 leikmenn á milli undankeppni EM og lokamótsins og nú gæti reynt á hana.

„Það er þess vegna að við viljum ekki að umræðan snúist um þá sem eru meiddir heldur þá sem munu spila í staðinn ef þeir koma inn. Við fundum það og sáum bæði fyrir EM og í Frakklandi að það eru fullt af mönnum sem eru tilbúnir og æstir í að spila. Ég veit að þeir munu spila vel þegar kallið kemur,“ sagði Heimir Hallgrímsson. **tomas@365.is**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Skallagrímur - Snæfell 73-62**
**Stigahæstar:** Tavelyn Tillman 39, Ragnheiður Benónísdóttir 12, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8 - Taylor Brown 19, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 11.

**Keflavík - Stjarnan 56-61**
**Stigahæstar:** Birna Valgerður Benónýsdóttir 14, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 13, Thelma Dís Ágústsdóttir 12 - Danielle Victoria Rodriguez 25, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, María Lind Sigurðardóttir 6.

**Grindavík - Haukar 78-63**
**Stigahæstar:** Ingibjörg Jakobsdóttir 15, Ingunn Embla Kristínardóttir 15, Íris Sverrisdóttir 13 - Anna Lóa Óskarsdóttir 14, Sólrún Inga Gísladóttir 14, Rósa Björk Pétursdóttir 11.

**Njarðvík - Valur 77-74**
**Stigahæstar:** Carmen Tyson-Thomas 53, Ína María Einarsdóttir 14 - Mia Loyd 30, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 13, Guðbjörg Sverrisdóttir 12.

7 af ~50 Evrópulöndum áttu lið á s.l. EM í fób, handb og körfu(kk).FRA, SPA, GER, RUS, POL, CRO og fokking ISL! #veikt #optaLKP

Lára Kristín Pedersen
@larakp9

**Undankeppni EM U-21 árs:**

**Ísland - Skotland 2-0**
1-0 Aron Elís Þrándarson (47.), 2-0 Elías Már Ómarsson (66.).

**Stig þjóða:** Ísland 18, Makedónía 18, Frakkland 17, Úkraína 10, Skotland 8, Norður-Írland 1.

**Meistaradeild Evrópu kvenna:**

**Breiðablik - Rosengård 0-1**
0-1 Lotta Schelin (8.).

Þetta var fyrri leikur liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Seinni leikurinn fer fram í Svíþjóð eftir viku.

**Olís-deild karla**

**Akureyri - Haukar 26-29**
**Markahæstir:** Andri Snær Stefánsson 6/2, Brynjar Hólm Grétarsson 6 - Janus Daði Smárason 9, Guðmundur Árni Ólafsson 7.

**FH - Selfoss 32-36**
**Markahæstir:** Einar Rafn Eiðsson 12/2, Óðinn Þór Ríkharðsson 8 - Einar Sverrisson 11, Elvar Örn Jónsson 7/2, Guðjón Ágústsson 6.

**Valur - Fram 31-25**
**Markahæstir:** Ýmir Örn Gíslason 7, Josip Juric 6 - Andri Þór Helgason 7/1, Arnar Birkir Hálfdánarson 6.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 8 | Stjarnan | 6 |
| ÍBV | 7 | FH | 5 |
| Grótta | 7 | Fram | 5 |
| Selfoss | 6 | Haukar | 4 |
| Valur | 6 | Akureyri | 2 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | Ítalía - Spánn | Sport |
| 18.45 | Tyrkland - Úkraína | Sport 2 |
| 18.45 | Austurríki - Wales | Sport 3 |
| 20.45 | HM Markasyrpa | Sport 2 |
| 18.00 | ÍR - Snæfell | Seljaskóli |
| 18.00 | Grindavík - Þór Þ. | Grindavík |
| 18.00 | Grótta - ÍBV | Seltjarnarnes |
| 18.45 | Ísland - Finnland | Laugard.v. |


20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ THE NORTH FACE Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS ÚT MÁNUDAG
Afnám tolla og gengisbreytingar hafa skilað sér til viðskiptavina okkar.
VERÐDÆMI:
McMurdo dúnúlpan
Verð áður:
75.990 kr.
Verð eftir afnám tolla og gengisbreytingar:
59.990 kr.
Verð um helgina:
47.992 kr.
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# Draumur að hafa Doumbia

Kassim Doumbia, miðvörður Íslandsmeistara FH, er leikmaður ársins í Pepsi-deild karla hjá Fréttablaðinu en hann var efstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins og Vísis í sumar. FH-ingar eiga fimm menn á topp tólf.

**FÓTBOLTI** Tveir bestu leikmenn sumarsins í Pepsi-deild karla koma báðir úr FH og þeir sáu öðrum fremur um að brjóta sóknir andstæðinganna á bak aftur. Blaðamenn Fréttablaðsins og Vísis gáfu leikmönnum einkunn í öllum leikjum Pepsi-deildarinnar og lágmark var að fá einkunn fyrir fjórtán leiki eða fleiri.

Það var ekki góður sóknarleikur sem skilaði FH-ingum titlinum í ár því Hafnfirðingar treystu á varnarleikinn. Þar var Kassim Doumbia í stóru hlutverki og naut líka góðs af því að fyrirliðinn Davíð Þór Viðarsson braut niður ófáar sóknir mótherjanna á miðjunni.

Þrjú lið í deildinni skoruðu fleiri mörk en Íslandsmeistararnir en ekkert lið fékk á sig færri mörk. Fjórir 1-0 sigrar vógu á endanum þungt í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn.

### Þrjú eftirminnileg tímabil

Kassim Doumbia var nokkrum sekúndum frá því að vinna Íslandsmeistaratitilinn á fyrsta árinu sínu með FH en hefur síðan orðið Íslandsmeistari tvö ár í röð. Doumbia varð í 30. sæti yfir bestu leikmenn Pepsi-deildarinnar 2015 eftir að hafa verið þriðji besti leikmaður deildarinnar á sínu fyrsta ári. Nú lék hins vegar enginn betur.

Kassim Doumbia fékk 6,45 í meðaleinkunn í sumar en hann hækkaði sig töluvert í seinni umferðinni þar sem hann var með meðaleinkunn upp á 6,63. Doumbia fékk reyndar bara eina áttu í sumar en var aftur á móti með átta sjöur og aðeins eina fimmu. Stöðugleiki og jöfn frammistaða skilaði honum efsta sætinu.

Davíð Þór Viðarsson átti einnig betri seinni umferð eins og Doumbia en Blikinn Damir Muminovic, sem varð í þriðja sæti, átti hins vegar betri fyrri umferð en gaf aðeins eftir í þeirri seinni.

Indriði Sigurðsson, miðvörður og fyrirliði KR, er besti „öldungur“ deildarinnar en hann var með bestu meðaleinkunnina af þeim leikmönnum sem eru orðnir 34 ára eða eldri. Næstur honum var Ármann Smári Björnsson, miðvörður Skagamanna.

Besti ungi leikmaðurinn er aftur á móti Blikinn Oliver Sigurjónsson en þar eru aðeins teknir inn leikmenn sem eru 21 árs eða yngri. Hér til hliðar má sjá hvaða leikmenn enduðu í 50 efstu sætunum.

## Þeir lélegustu í sumar

Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að Þróttarar séu áberandi meðal þeirra leikmanna sem fengu lægstu meðaleinkunnina í sumar. Þróttur, neðsta lið deildarinnar, á alls sex af átta lélegustu leikmönnum Pepsi-deildarinnar 2016.

Tveir Þróttarar ráku líka lestina. Hreinn Ingi Örnólfsson miðvörður og Ragnar Pétursson miðjumaður fá að deila því að vera slökustu leikmenn Pepsi-deildarinnar en til að komast á lista þurfa menn að fá einkunn fyrir ellefu leiki eða fleiri.

**Lægsta meðaleinkunnin 2016:**

| | |
|---|---|
| Hreinn Ingi Örnólfsson, Þróttur | 4,62 |
| Ragnar Pétursson, Þróttur | 4,62 |
| Finnur Ólafsson, Þróttur | 4,73 |
| Emir Dokara, Víkingur Ó. | 4,81 |
| Hallur Hallsson, Þróttur | 4,85 |
| Derby Carillo, ÍBV | 4,88 |
| Karl Brynjar Björnsson, Þróttur | 4,89 |
| Alfreð Már Hjaltalín, Víkingur Ó. | 4,90 |
| Tonny Mawejje, Þróttur | 4,92 |
| Emil Ásmundsson, Fylkir | 4,92 |
| Ólafur Valur Valdimarsson, ÍA | 4,94 |

**Kassim Doumbia hefur alls leikið 53 leiki fyrir FH í Pepsi-deild karla. FH hefur unnið 34 þeirra og aðeins tapað sjö sinnum þegar Doumbia hefur komið við sögu í leik með FH.**



Kassim Doumbia í leik á móti KR í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Fimmtíu bestu leikmenn Pepsi-deildarinnar sumarið 2016

| | |
|---|---|
| 1. Kassim Doumbia, FH | 6,45 |
| 2. Davíð Þór Viðarsson, FH | 6,40 |
| 3. Damir Muminovic, Breiðablik | 6,40 |
| 4. Kristinn Freyr Sigurðsson, Valur | 6,38 |
| 5. Gunnar Nielsen, FH | 6,32 |
| 6. Indriði Sigurðsson, KR | 6,30 |
| 7. Oliver Sigurjónsson, Breiðablik | 6,29 |
| 8. Steven Lennon, FH | 6,25 |
| 9. Tobias Salquist, Fjölnir | 6,24 |
| 10. Hilmar Árni Halldórss., Stjarn. | 6,21 |
| 11. Kennie Chopart, KR | 6,21 |
| 12. Bergsveinn Ólafsson, FH | 6,20 |
| 13. Óskar Örn Hauksson, KR | 6,18 |
| 13. Morten Beck, KR | 6,18 |
| 15. Finnur Orri Margeirsson, KR | 6,15 |
| 16. Elfar Freyr Helgason, Breiðabl. | 6,14 |
| 17. Andri Adolphsson, Valur | 6,07 |
| 18. Ármann Smári Björnsson, ÍA | 6,06 |
| 19. Arnþór Ingi Kristinsson, Vík. R. | 6,06 |
| 20. Guðjón Baldvinsson, Stjarnan | 6,05 |
| 21. Andri Rafn Yeoman, Breiðablik | 6,05 |
| 22. Sigurður Egill Lárusson, Valur | 6,00 |
| 22. Jonathan Hendrickx, FH | 6,00 |
| 22. Haukur Páll Sigurðsson, Valur | 6,00 |
| 25. Gunnleifur Gunnleifss., Breið. | 5,95 |
| 26. Ívar Örn Jónsson, Víkingur R. | 5,95 |
| 26. Garðar Gunnlaugsson, ÍA | 5,95 |
| 28. Hafsteinn Briem, ÍBV | 5,95 |
| 29. Pablo Punyed, ÍBV | 5,95 |
| 30. Þórarinn Ingi Valdimarss., FH | 5,94 |
| 30. Þórður Ingason, Fjölnir | 5,94 |
| 32. Daníel Laxdal, Stjarnan | 5,94 |
| 33. Iain Williamson, ÍA | 5,94 |
| 34. Hans Viktor Guðmundss., Fjöl. | 5,93 |
| 35. Grétar S. Sigurðarson, Stjarnan | 5,93 |
| 35. Duwayne Kerr, Stjarnan | 5,93 |
| 37. Viðar Ari Jónsson, Fjölnir | 5,90 |
| 38. Halldór Orri Björnsson, Stjarn. | 5,90 |
| 39. Atli Guðnason, FH | 5,88 |
| 40. Skúli Jón Friðgeirsson, KR | 5,87 |
| 41. Pálmi Rafn Pálmason, KR | 5,85 |
| 41. Orri Sigurður Ómarsson, Valur | 5,85 |
| 43. Brynjar Gauti Guðjónss., Stjarn. | 5,82 |
| 44. Jose Sito Enrique, Fylkir | 5,81 |
| 44. Eyjólfur Héðinsson, Stjarnan | 5,81 |
| 44. Tryggvi Hrafn Haraldsson, ÍA | 5,81 |
| 47. Martin Lund Pedersen, Fjölnir | 5,81 |
| 48. Bjarni Ólafur Eiríksson, Valur | 5,80 |
| 48. Bjarni Þór Viðarsson, FH | 5,80 |
| 50. Böðvar Böðvarsson, FH | 5,79 |

– Lágmark að fá einkunn fyrir 14 leiki.



**2. sæti** Davíð Þór Viðarsson, **miðjumaður FH**



**3. sæti** Damir Muminovic, **miðvörður Breiðabliks**



**4. sæti** Kristinn Freyr Sigurðsson, **miðjumaður Vals**



**5. sæti** Gunnar Nielsen, **markvörður FH**



**6. sæti** Indriði Sigurðsson, **miðvörður KR**



**7. sæti** Oliver Sigurjónsson, **miðjumaður Breiðabliks**



**8. sæti** Steven Lennon, **framherji FH**



**9. sæti** Tobias Salquist, **miðvöður Fjölnis**



**10. sæti** Hilmar Árni Halldórsson, **miðjumaður Stjörnunnar**

# FARTÖLVURÝMING

## BRJÁLUÐ LÆKKUN - SÍÐUSTU DAGAR!



-25%

14" Á 25% AFSLÆTTI

**29.995**
ÁÐUR 39.995

LÆKKUN -10.000

ASUS ASU-E402SAWX013T | Intel | MINNI 2GB | 32GB | 14"



-18%

i5 OG 512GB SSD

**139.995**
ÁÐUR 169.995

LÆKKUN -30.000

ASUS ASU-F556UADM331T | Intel i5 | MINNI 8GB | 512GB | 15,6"



-20%

INTEL i3 OG SSD

**79.995**
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN -20.000

acer ACE-NXMPGED058 | Intel i3 | MINNI 4GB | 128GB | 13,3"



-20%

INTEL i3 OG HD5500

**59.995**
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -15.000

acer ACE-NXGCEED060 | Intel i3 | MINNI 4GB | 500GB | 15,6"



-19%

17,3" MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA

**64.995**
ÁÐUR 79.995

LÆKKUN -15.000

ASUS ASU-F751SATY071T | Intel | MINNI 4GB | 500GB | 17,3"



-13%

A8 OG 1TB

**64.995**
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -10.000

TOSHIBA TOS-C50DB157 | AMD A8 | MINNI 4GB | 1TB | 15,6"



-7%

15,6" MEÐ FHD OG SSD

**69.995**
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -5.000

acer ACE-NXGCEED042 | Intel | MINNI 8GB | 128GB | 15,6"



-15%

A10 OG RADEON R6

**84.995**
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN -15.000

acer ACE-NXMWAED026 | AMD A10 | MINNI 8GB | 1TB | 15,6"

## ENDURNÝJAÐU FARTÖLVUNA Á GEGGJUÐUM AFSLÆTTI!

TOSHIBA tl.is TÖLVULISTINN ASUS acer

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS

## Merkisatburðir

**1659** Hollenskt kaupskip sekkur við Flatey á Breiðafirði.
**1847** Bókin Jane Eyre eftir Charlotte Brontë er gefin út.
**1895** Samkomuhús Hjálpræðishersins er vígt. Það var gamli spítalinn við Aðalstræti í Reykjavík.
**1961** Háskólabíó er vígt á hátíðarsamkomu vegna hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands.
**1981** Forseti Egyptalands, Anwar Sadat, er ráðinn af dögum.
**1993** Flogið er í fyrsta sinn í gegnum gatið á Dyrhólaey, Flugstjóri var Arngrímur Jóhannsson en Árni Johnsen var með í för.
**2000** Slobodan Milosevic, foreti Júgóslavíu, segir af sér.

6. OKTÓBER 1979

## Páfinn í Hvíta húsinu

Árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II fyrstur páfa til að stíga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í tvö hundruð ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um fjörutíu þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju St. Matthews áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir.

Jimmy Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálp til þróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.

Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi annar heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum. Páfinn lést 2. apríl árið 2005.



---



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Maríusson**
fyrrverandi garðyrkjustjóri, Hveragerði,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 28. september. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 8. október kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Áslaug Helga Arngrímsdóttir**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Guðmundsson**
frá Óslandi,

lést á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki laugardaginn 1. október sl. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. október klukkan 14.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Þóra Kristjánsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, dóttir og sambýliskona,

**Þórhildur E. Halldórsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 27. september sl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 10. október nk. kl. 13.00.

**Elín Elísabet Hreggviðsdóttir**
**Anna Lilja Hreggviðsdóttir**
**Hugrún Heiða Hreggviðsdóttir**
**Hreggviður Stefnir Hreggviðsson**
**Guðbjörg Sól Sigfúsdóttir**
**Anna Lilja Gestsdóttir**
**Lárus Svavarsson**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Ingibjörg Bjarnadóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum laugardaginn 1. október. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 8. október klukkan 14.00.

**Guðrún Stefánsdóttir** **Arnar Sigurmundsson**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir** **Páll G. Ágústsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Ástkær systir okkar og mágkona,

**Hugrún Jónsdóttir**
Reykjavíkurvegi 24, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. september. Útförin fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ, föstudaginn 7. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Jóna J. Wheeler**
**Sigrún Sveinsdóttir**
**Haraldur H. Jónsson** **Guðrún Ingólfsdóttir**
**Gestur Jónsson** **Hulda Kristjánsdóttir**
**Sigríður Björg Jóndóttir** **Guðmundur B. Guðmundsson**
**Guðmundur Jónsson** **Lilja Ólafsdóttir**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Einbjörg Hanna Jónasdóttir**
Jörfa,

lést á sjúkrahúsi Akraness þann 29. september sl. Útför hennar verður gerð frá Kolbeinsstaðakirkju þriðjudaginn 11. október kl. 14.00.

**Kristín Jóhannesdóttir** **Sigurður Kr. Sigurðsson**
**Jónas Jóhannesson** **Margrét S. Ragnarsdóttir**
**Guðbjörg Jóhannesdóttir**
**Guðmundur Jóhannesson** **Halla Eygló Sveinsdóttir**
**Anna Jóhannesdóttir** **Birgir F. Erlendsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar elskulega

**Kristín Jónasdóttir**
Hólavegi 41, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði, laugardaginn 1. október sl.

**Ómar Hauksson**
**Haukur Ómarsson** **Solveig Ólöf Magnúsdóttir**
**Rósa Dögg Ómarsdóttir** **Róbert Haraldsson**
**Jónas Logi Ómarsson** **Ester Torfadóttir**
**Eva Björk Ómarsdóttir**
**Helga M. Árnadóttir**
**Rósa Aðalheiður Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar ástkæra

**Edda Heiðrún Backman**

lést 1. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 10. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð barna hennar 0301-13-193584 – kt. 280989-3129.

**Arnmundur Ernst B. Björnsson** **Ellen Margrét Bæhrenz**
**Unnur Birna J. Backman**
**Jóhanna Dagfríður Arnmundsdóttir Backman**
**Inga Jónína Backman** **Friðrik Páll Jónsson**
**Ernst Jóhannes Backman** **Ágústa Hreinsdóttir**
**Valgerður Bergsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Magnúsína Sigurðardóttir**
(Bía)
Vogatungu 89, Kópavogi,

verður jarðsungin í Kópavogskirkju föstudaginn 7. október kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi og Krabbameinsfélagið.

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**
**Klara Sveinbjörnsdóttir** **Helgi Valgeirsson**
**Sigríður Sveinbjörnsdóttir**
**Kim Brigit Sorning** **Guðmundur Baldursson**
**Lára Guðmunda Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson** **Elsa Kristín Helgadóttir**
**Hjördís Vilhjálmsdóttir** **Anton Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför bróður okkar, mágs, vinar og frænda okkar,

**Almars Gestssonar**
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11G, Landspítalanum við Hringbraut, fyrir góða umönnun og virðingu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurjón Hreiðar Gestsson**
**Guðmundur Rúnar Gestsson** **Ásta D. Björnsdóttir**
**Kristinn Gestsson**
**Lotte Gestsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gerður Gunnlaugsdóttir**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 30. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón Þorgrímsson** **Margrét Ólafsdóttir**
**Hrafnhildur Þorgrímsdóttir** **Jón Marteinn Guðröðarson**
**Sigurbjörg Þorgrímsdóttir** **Ragnar Guðjónsson**
**Kristjana K. Þorgrímsdóttir** **Þór Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Laufey Sigríður Stefánsdóttir**
Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju, laugardaginn 8. október kl. 14.00. Innilegar þakkir til allra sem hafa auðsýnt okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar á Sjúkrahúsinu á Akranesi fyrir góða umönnun.

**Ásgrímur Stefánsson** **Hólmfríður Salóme Jónsd.**
**Anna Kristín Stefánsdóttir** **Sveinn Haukur Pétursson**
**ömmu- og langömmubörn.**

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM

## 6.–10. OKTÓBER

Samsonite

VERÐ NÚ
19.492 KR.
VERÐ ÁÐUR
25.990 KR.
Base Hits 77cm



Samsonite

VERÐ NÚ
17.992 KR.
VERÐ ÁÐUR
23.990 KR.
Base Hits 66cm



American Tourister

VERÐ NÚ
14.992 KR.
VERÐ ÁÐUR
19.990 KR.
Spring Hill 66cm



## 50% AFSLÁTTUR AF TÖSKUVOG OG HÖFUÐPÚÐUM EF KEYPT ER FERÐATASKA

Samsonite

VERÐ NÚ
16.492 KR.
VERÐ ÁÐUR
21.990 KR.
Base Hits 55cm



Samsonite

VERÐ NÚ
52.492 KR.
VERÐ ÁÐUR
69.990 KR.
Cosmolite 69cm



VERÐ MEÐ 50% AFSL.
2.649 KR.
FULLT VERÐ 5.299 KR.



VERÐ MEÐ 50% AFSL.
1.599 KR.
FULLT VERÐ 3.199 KR.

VERÐ MEÐ 50% AFSL.
1.999 KR.
FULLT VERÐ 3.999 KR.



American Tourister

VERÐ NÚ
13.499 KR.
VERÐ ÁÐUR
17.999 KR.
San Francisco
79cm



Samsonite

VERÐ NÚ
26.242 KR.
VERÐ ÁÐUR
34.990 KR.
Smarttop 55cm



**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana.**

**Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir á meðan birgðir endast.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram. com/a4verslanir**

A4

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðaustan 5-13 í dag og rigning suðaustanlands, en annars lítil úrkoma og yfirleitt þurrt fyrir norðan. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast norðanlands.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 9° |
| ↖19 | ↖10 | ↖9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 9° | 5° |
| ↖7 | ←12 | ↑18 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 10° |
| ↑15 | ↖13 | ↖10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 9° | 6° |
| ↖9 | ↖11 | ↖18 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nautasteik
6. í röð
8. sægur
9. sigað
11. ullarflóki
12. traðk
14. úðadæla
16. pot
17. fiskilína
18. fálm
20. skst.
21. þjappaði

**LÓÐRÉTT**
1. úrgangur
3. umhverfis
4. undirbúningspróf
5. húsfreyja
7. fugl
10. skítur
13. mas
15. sjá eftir
16. tíðum
19. svörð



**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. rs, 8. mor, 9. att, 11. rú, 12. tramp, 14. úðari, 16. ot, 17. lóð, 18. fum, 20. fr, 21. tróð. **LÓÐRÉTT:** 1. hrat, 3. um, 4. forpróf, 5. frú, 7. strútur, 10. tað, 13. mal, 15. iðra, 16. oft, 19. mó.

### Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (Taflfélagi Reykjavíkur) átti leik gegn Erni Leó Jóhannssyni (Skákfélagi Reykjanesbæjar) á Íslandsmóti skákfélaga.



**Hvítur á leik**

**18. Bxh7! De6** (18...Dxh7 19. Rg6+ Kg8 20. Db3#) **19. Rg6+ Kxh7 20. Rf8+ 1-0.** B-sveit Víkingaklúbbsins er efst í fjórðu deild, Skákfélag Sauðárkróks í öðru sæti og e-sveit Taflfélag Reykjavíkur í því þriðja.

**www.skak.is:** Íslandsmót ungmenna um helgina.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 1 | 3 | | 9 | |
| 5 | | | 7 | | | 1 | | |
| | 1 | | 6 | | | | 5 | |
| | 9 | 5 | 2 | | | | 4 | |
| | | 6 | 4 | | | 8 | | |
| 3 | 7 | | | 5 | 1 | | | |
| 6 | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 9 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 6 | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 6 | 1 | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 7 |
| 9 | 7 | | | | 3 | 2 | 4 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 1 |
| 6 | 2 | | 9 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 8 | | | |
| | | | | 3 | 4 | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 |

FRÉTTABLAÐIÐ

91% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*Gleymum ekki geðsjúkum*
eru einnkunarorð K-dagsins
www.kiwanis.is



# HJÁLPAÐU OKKUR AÐ HJÁLPA




## LYKILL AÐ LÍFI

Lykillinn kostar 2000 kr. og rennur allur ágóði af sölunni til Bugl og Pieta. BYKO sker út lykilinn og þú notar hann t.d sem húslykil. Vertu með lykil að lífi á þinni lyklakippu.

Söfnunarúmerið 908 1550

SÉRSTAKIR STUÐNINGSAÐILAR ÁTAKSINS ERU:

olís – Vinur við veginn

BYKO – GERUM ÞETTA SAMAN

SAMSKIP

markhönnun ehf

# netto

# Verið velkomin

*Tilvalin helgarsteik*

-21%

FYLLTUR LAMBAHRYGGUR
ÁÐUR: ~~3.669 KR/KG~~
**2.899 KR KG**

-30%

GRÍSAHRYGGUR
PÖRUSTEIK - BEINLAUS
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~
**1.399 KR KG**

*Úrval af kjöti*

-22%

ÍSFUGL

KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
ÁÐUR: ~~2.947 KR/KG~~
**2.299 KR KG**

-25%

NAUTALUNDIR - FROSNAR
NÝSJÁLENSKAR
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**2.999 KR KG** *

ANDALEGGIR - 2 STK
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~
**1.698 KR KG**

*Mikið úrval fersku pasta frá Pastella*

-15%

-20%

NÝTT Í netto

FERSKAR PASTASÓSUR
3 TEGUNDIR
**398 KR STK**

BROKKÍBLANDA
FROSIN - 750 G
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**249 KR PK** *

SYMFONI GRÆNMETISBL.
FROSIN - 650 G
ÁÐUR: 389 KR/PK
**339 KR PK** *

SÆTAR KARTÖFLUR
FROSNAR - 450 G
ÁÐUR: ~~329 KR/PK~~
**279 KR PK** *

*Hollt og gott í matinn*

SKINNEY ÝSUBITAR
FROSIÐ - 1 KG
ÁÐUR: ~~1.698 KR/PK~~
**1.494 KR PK** *

NÝTT Í netto

CAFESSO DOLCE GUSTO
KAFFIHYLKI F. NESPRESSO VÉLAR
3 TEGUNDIR
**789 KR PK**

CADB. FINGERS 114 G
ÁÐUR: ~~198 KR/PK~~
**168 KR PK**

TRIX MORGUNKORN - 303 G
**899 KR PK**

*Litríkur morgunmatur*

-28%

BAD DOG - 250 ML
ORKUDRYKKUR
ÁÐUR: ~~179 KR/STK~~
**129 KR STK**

-20%

NÖRREGADE BRJÓSTSYKUR
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~
**199 KR PK**

*Ekta danskur brjóstsykur*

**Tilboðin gilda 6. – 9. október 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Frábært verð!*

-40%



DILKALIFUR - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~598 KR/KG~~
**359** KR/KG ❄

*Súpukjöt, kótilettur, slög og læri*



LAMB 1/2 SKROKKUR FROSINN
ÁÐUR: ~~1.198 KR/KG~~
**994** KR/KG ❄

*Taktu slátur!*




SLÁTURGERÐAR KASSI:
LIFUR, HJÖRTU, ÞINDAR,
3 KG BRYTJAÐUR MÖR,
2,5 L BLÓÐ, 3 SVIÐ,
12 STK GERVIVAMBIR.
**4.598** KR/PK ❄

*Þjóðlegt í Nettó*

-20%




LAMBAFILLE M. FITU
NÝSLÁTRAÐ
ÁÐUR: ~~4.498 KR/KG~~
**3.598** KR/KG



LAMBABÓGUR, KYLFA - 2 STK
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**858** KR/KG ❄

-25%




JAFFA SAFI - 1 L
EPLA/APPELSÍNU
**149** KR/STK

TRÖNUBERJASAFI - 1 L
ÁÐUR: ~~398 KR/STK~~
**299** KR/STK



KLAKI KOLSÝRT VATN
2 L - 3 TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~169 KR/STK~~
**149** KR/STK

*Berjadagar í nettó*

*Fersk ber á frábæru verði*

-30%



JARÐARBER 250 G
ÁÐUR: ~~549 KR/PK~~
**384** KR/PK

BLÁBER 125 G
ÁÐUR: ~~569 KR/PK~~
**398** KR/PK

HINDBER 250 G
ÁÐUR: ~~855 KR/PK~~
**599** KR/PK

BRÓMBER 125 G
ÁÐUR: ~~559 KR/PK~~
**391** KR/PK

-28%




BEBIKO MIDI BLEYJUR
50 STK - 9 KG
ÁÐUR: ~~969 KR/PK~~
**699** KR/PK




NÝTT Í nettó

ALDA ICELAND
**298** KR/STK

**ALDA ER 100% NÁTTÚRULEGUR, SYKURLAUS SÍTRÓNUDRYKKUR MEÐ ÍSLENSKU KOLLAGEN**

-20%




FAIRY UPPÞVOTTAL. - 1 L
LEMON/APPLE
ÁÐUR: ~~499 KR/STK~~
**399** KR/STK

*Pussi og Friskies gæludýrafóður á 20 % afslætti*




*Friskies*

*Pussi*

-20%

GÆLUDÝRAFÓÐUR
PUSSI OG FRISKIES
**20%** AFSLÁTTUR

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Jón Páll Eyjólfsson, leikstjóri og meðhöfundur að sýningu þeirra Hannesar og Smára, rær að því öllum árum þessa dagana að allt verði klárt fyrir frumsýningu annað kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þeir eru í læstri hliðarlegu feðraveldisins

**Annað kvöld verður frumsýnd stórsýning Hannesar og Smára á Litla sviði Borgarleikhússins. Jón Páll Eyjólfsson leikstjóri þekkir þá kappa orðið flestum betur.**

Persónurnar Hannes og Smári eru orðnar víðkunnar enda óvenju hreinskiptnir og kröftugir náungar sem hafa komið víða fram fólki til skemmtunar. Skaparar þeirra eru leikkonurnar Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir, en þær hafa nú skrifað gamanleik í samstarfi við Jón Pál Eyjólfsson, leikara, leikstjóra og leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar. En sýningin Hannes og Smári er einmitt samstarfsverkefni á milli Borgarleikhússins og LA.

Frumsýning er fyrirhuguð á Litla sviði Borgarleikhússins á föstudagskvöldið en Jón Páll, sem er einnig leikstjóri sýningarinnar, segir að hugmyndin að þessu samstarfi hafi fyrst verið viðruð af þeim Halldóru og Ólafíu Hrönn áður en hann fór norður. „Það var strax áhugi fyrir þessu beggja vegna og við sáum fram á að við gætum slegið fullt af flugum með því að vinna þetta saman. Það verður svo bara að koma í ljós hvort það verður meira um samstarf af þessu tagi en það er bara allt frábært við að samnýta krafta og þekkingu. Allir hagnast á því og sérstaklega áhorfendur þegar upp er staðið.“

### Þeirra tækifæri

Jón Páll leggur áherslu á að hann sé ekki aðeins að vinna með Halldóru og Ólafíu Hrönn sem leikkonum heldur einnig sem höfundum. „Ég var svo lánsamur að þær viðruðu þessa hugmynd við mig fyrir nokkrum árum, að koma Hannesi og Smára inn í leikhúsið, og sjá hverju það gæti bætt við stóru frásögnina þeirra. Þannig að þær eru ekki bara hér sem gamanleikkonur heldur líka sem höfundar.

Hannes og Smári hafa haldið tónleika áður en í þetta skiptið vilja þeir hafa þetta stærra – fara alla leið. Þeir eru því búnir að framleiða þessa stórkostlegu leikhúsupplifun, eru með leikin atriði úr kvikmyndum, uppsettar senur úr sínu eigin lífi, ásamt því að vera með diskinn sinn sem er reyndar enn í mótun, enn í vinnslu en samt sjóðheitur. Þetta er þeirra tækifæri til þess að nýta töfra leikhússins og gera showið sem þá dreymdi alltaf um að gera.“

### Fulltrúar feðraveldisins

Aðspurður hvort það fylgi því ákveðið frelsi að vinna út frá þessari drag-nálgun með Hannes og Smára segir Jón Páll: „Allur svona kynusli gefur okkur tækifæri til þess að afhjúpa hluti sem við vitum ekki að við vitum. Þegar Hannes og Smári birtast okkur á sviðinu þá eru þeir eins konar erkitýpur og afhjúpa hluti um karlmennskuna og margt annað. Þeir eru feðraveldið í tíunda veldi og það gerir okkur kleift að rannsaka allar hliðar þess í bak og fyrir. Velta upp kringumstæðum sem eru á köflum bæði óbærilega fyndnar og óbærilegar í sjálfu sér.

Í gegnum húmor og skemmtilegar kringumstæður hafa þessar frábæru leikkonur skapað þessa karaktera sem manni þykir í senn vænt um og vorkennir. Karaktera sem eru í raun svo brjóstumkennanlegir í fávisku sinni og þessum lás sem þeir eru í. Þeir eru í meira en bara lás – þeir eru í læstri hliðarlegu feðraveldisins. Dæmdir til þess að mistakast.“

### Hugsa risastórt

Jón Páll segir að það stöðvi þá félaga þó ekki í því að hugsa stórt. Þvert á móti. „Þeir hugsa risastórt og eru búnir að framleiða sýningu sem er hreint út sagt miklu stærri en gert var ráð fyrir á þessu sviði og til var ætlast. Eða eins og Hannes segir einhvers staðar: „Við verðum að hugsa stórt og ef við hugsum stórt, þá erum við að hugsa stórt, þá verður til eitthvað stórt.“ Svona eru þessir náungar. Talandi skáld og heimspekingar, tónlistarmenn sem liggur eitthvað á hjarta. Þeir bera á torg tilfinningar sínar, fornar ástir og uppruna. Þeir fara alla leið við að segja sögu sína og nota til þess tæki leikhússins. Leiknar senur, brellur og allan pakkann. En þrátt fyrir að vera svona miklir töffarar þá eru líka þarna viðkvæmir strengir. Smári er ljóðskáld og heilt á litið eru þetta viðkvæmir drengir með viðkvæma strengi. Og við fáum kannski smá innsýn í það hvað bjó þá til, hvaða kringumstæður mótuðu þá og sköpuðu. Þá sjáum við að feðraveldið er búið að setja upp aðeins þægilegri ásýnd en grunnurinn er sá sami þó svo að hann sé kominn í mildan pabbalíkama og með skegg.“

# Sjónræn textaveisla í Listasafni Íslands

**MYNDLIST**

**TEXTI**

★★★★☆

**Listasafn Íslands**

Verk úr safnaeign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur

**Listamenn:** Birgir Andrésson, Robert Barry, Joseph Beuys, Thomas A. Clark, Hanne Darboven, Tacita Dean, Steingrímur Eyfjörð, Robert Filliou, Ian Hamilton Finlay, Hreinn Friðfinnsson, Hamish Fulton, Douglas Gordon, Franz Graf, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Jón Laxdal Halldórsson, Jenny Holzer, Roni Horn, Donald Judd, On Kawara, Joseph Kosuth, Mark Lombardi, Richard Long, Max Neuhaus, Yoko Ono, Roman Opalka, Richard Prince, Karin Sander, Ben Vautier, Ryszard Wasco, Lawrence Weiner, Bjarni H. Þórarinsson.

**Sýningarstjóri:** Birta Guðjónsdóttir

Texti í myndlist á sér sögu frá því snemma á 20. öldinni þegar dadaistar fundu not fyrir texta í svokallaðri andlist. Það var svo á sjöunda áratug síðustu aldar að textinn braust fram með kröftugum hætti og síðan þá hefur hann fundið farveg og tilgang með þeim straumum og stefnum sem hafa risið upp. Í Listasafni Íslands eru nú til sýnis valin textaverk úr samtímanum með mismunandi nálgun og tilgang. Um er að ræða verk eftir fjölbreyttan hóp listamanna og tilheyra öll verkin safneign þeirra Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur.

Pétur og Ragna komust í kynni vð marga alþjóðlega listamenn er þau ráku sýningarrýmið Önnur Hæð á árunum 1992 til 1997. Síðan þá hafa þau verið ötul í listsöfnun og telur safneign þeirra um 1.000 verk. Brot af textaverkum úr safneigninni eru nú til sýnis og gefa hugmynd um mismunandi birtingarmyndir textaverka og hvernig listamenn hafa nálgast viðfangsefnið.

Til marks um fjölbreytni verka má nefna að Darkness racing fires from falling ash (2007) eftir Birgi Andrésson felur í sér samspil orða og lita til tjáningar á hinu myndræna á meðan Time Pieces (1983) eftir Max Neuhaus fæst við skynjun á lágstemmdan hátt. Einnig má sjá skeyti frá On Kawara (I Am Still Alive) og póstkort frá Carl Andre sem gefur sýningunni persónulegan blæ. Sýningin er þannig nokkuð yfirgripsmikil enda spannar tímabil verkanna marga áratugi. Fjölbreyttar útfærslur á breiðum grunni gefa áhorfendum innsýn í mismunandi nálganir á samtímalist með texta sem útgangspunkt. Hið sjónræna fangar vitsmuni í gegnum hið ritaða orð og leikur með skynjun og hugarflug áhorfandans í nokkrum verkum á sýningunni. Myndverk sem er til marks um niðurstöðu af sögu sem einungis er hægt að ímynda sér kemur fyrir hjá Hreini Friðfinnssyni í Nótt (1990) en Dagsljósið (1998) eftir Lawrence Weiner krefst þátttöku áhorfandans. Önnur eftirtektarverð verk eru Food for Thought (1977) eftir Joseph Beuys og Lava Fields of Iceland (1992) eftir Roni Horn.




**Birgir Andrésson (1955-2007) Darkness racing fires from falling ash, 2007.**

Orð geta hreyft við, vakið viðbrögð, upphafið andann eða verið einfaldur vitnisburður. Textaverkin á sýningunni hafa þann möguleika að bæta við sjónræna upplifun þar sem aukin þýðing hleðst á verkin. Með því koma sjónræn og hugræn áhrif saman á einstakan hátt.

Undirliggjandi skilaboð sýningarinnar má þó segja að sé vitnisburður um listaverkasafnarana sjálfa. Hún vekur mann til umhugsunar um hlutverk, mikilvægi og tilgang listaverkasafnara og áhrif þeirra á listumhverfið. Sýningin sjálf er fersk fyrir fjölbreytileika sinn og umhugsunarefni að ekki er hægt að ganga að því sem vísu að verkin sem nú eru til sýnis komi fyrir sjónir almennings í bráð.

**Júlía Marinósdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frísk og mettandi sýning með mörgum vel þekktum íslenskum og alþjóðlegum listamönnum sem vert er að skoða.


Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
NÓI SÍRÍUS
Ferskur andvari
XYLITOL
Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
LAKKRÍS
Íslensk náttúra. Blikandi dögg og útsýn til allra átta. Þú veður yfir tifandi ána, áleiðis að settu marki. Framundan rís Herðubreið; drottningin sjálf, stolt í hásæti sínu.
Við höfum nýtt okkur íslensk fjallagrös frá upphafi byggðar. Heilnæm og frískandi hafa þau haft áhrif til góðs á líkama og sál, handtínd í íslenskri náttúru. Tópas hefur sömuleiðis fylgt okkur gegnum tíðina. Saman munu þau gera það áfram.

# Úr drullunni verður fegurðin til

**Tolli hefur löngum verið ötull við að færa listina til fólksins. Í dag opnar hann í Kringlunni og ætlar að bjóða fólki að hugleiða með sér í hádeginu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Tolli og aðstoðarmaður hans voru í óðaönn að hengja upp myndir vítt og breitt um Kringluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það vakti með mörgum hneykslan í heimi listarinnar þegar myndlistarmaðurinn Tolli opnaði sýningu á olíumálverkum í Kringlunni fyrir rúmum tuttugu árum. Hann lét það þó það allt sem vind um eyru þjóta og hefur haldið ótrauður áfram að færa listina til almennings með ýmsum hætti og í dag opnar hann að nýju sýningu í Kringlunni.

„Þetta er auðvitað það sem ábyrgir aðilar eiga að sinna. Það er allt gott um það að segja að vera með listasöfn og gallerí en við eigum að vera í því að brjóta landamæri. Þegar það er gert á þennan hátt, sem er bara fokking snilld, þá bara býr maður til gallerí inni á torginu þar sem fólkið er. Þetta er meiri snertiflötur við samfélagið en það er nokkurn tíma hægt að ná í galleríi. Auðvitað sýnir maður líka í galleríi og ég er ekkert að setja út á það. En ég vil nýta svona tækifæri og fara í áttina að fólki frekar en frá því.“

Tolli segir að það sé ekki laust við að sýning í rými á borð við Kringluna sé hugsuð aðeins öðruvísi en til að mynda sýning í galleríi. „Ég er til að mynda hér með seríu af portrettmyndum af fólki að hugleiða sem er sérstaklega unnin fyrir þessa sýningu. Mig langaði til þess að koma með þetta andrúmsloft inn í þennan asa sem er hérna og þetta er reyndar þemaskipt sýning en allir kaflarnir hafa þó að gera með hugann. Ég er með náttúruna, móður jörð, í landslagsmyndum sem hafa verið mínar ær og kýr. Svo kemur tilvistin og þá kemur íslenska eyðibýlið inn, en það hefur verið svona ákveðin þráhyggja hjá mér. Í einsemd sinni endurspeglar eyðibýlið hverfulleika lífsins. Þú fæðist, eldist og deyrð. Það er ákveðin fegurð í því. Svo er ég með abstrakt, expressjónískar myndir sem er óreiða hugans og að lokum myndir af Búdda en búnar til úr alls konar drasli. Þetta er magnað stöff þar sem maður er að leika sér með goðsögnina um lótusblómið og forina; úr drullunni verður fegurðin til. Við þroskumst í andstreyminu.

Síðan er ég með þessar myndir af fólki að hugleiða sem vísa til þess að það er öllum eðlilegt og náttúrulegt að hugleiða. Og það er líka eins gott að við gerum það því þetta er öflugasta leiðin til þess að díla við það að sitja uppi með heila eins og við erum með. Undirrót allra vandræða okkar. Við mannkynið erum í vandræðum í dag og það er ekki út af kapítalisma eða kommúnisma heldur út af huganum. Hitt er bara afleiðing og þar er hugleiðing beisik hlutur. Ég er því að spá í að hugleiða hér í hádeginu alla daga á meðan á sýningunni stendur. Nú er ég að opna á morgun og þá byrja ég strax að vera á staðnum og ráfa hér um eins og draugur í rauðum slopp með nátthúfu.“ Segir Tolli og skellihlær.



# VERÐHRUN!

LOKAHELGIN ER FRAMUNDAN!

BÆKUR FRÁ 99 KR.

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

Allt að **90%**

# AFSLÁTTUR

Rýmingarsala bókaútgefenda

ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF!

Mörkinni 1
Opið frá 10-18




6 kíló á sex vikum
Áður kr. 6.990
Nú kr. 990




Áfram Ísland
Áður kr. 5.990
Nú kr. 1.100




Erfið samskipti
Áður kr. 4.990
Nú kr. 1.490




Matargatið
Áður kr. 4.990
Nú kr. 990




Hugrækt og hamingja
Áður kr. 6.490
Nú kr. 990




Förðunar-handbókin og Náttúruleg fegurð
Áður kr. 5.990
Nú kr. 1.599



Mínímalískur lífstíll
Áður kr. 3.999
Nú kr. 1.490




Þú ert þinnar gæfu smiður
Áður kr. 2.490
Nú kr. 990

ÁRNASYNIR



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti bandaríska leikstjóranum Darren Aronofsky heiðursverðlaun RIFF á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Darren Aronofsky sæmdur heiðursverðlaunum RIFF

**Forseti Íslands afhenti bandaríska leikstjóranum verðlaunin á Bessastöðum. Aronofsky hlýtur þau fyrir framúrskarandi listræna sýn. Hann heldur meistarafyrirlestur í Háskólabíói í dag.**

Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Darren Aronofsky hlaut heiðursverðlaun Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, árið 2016 fyrir framúrskarandi listræna sýn. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Aronofsky verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðdegis í gær.

Darren Aronofsky er bandarískur leikstjóri sem er þekktur fyrir óvenjulegar myndir sínar, sem oft einkennast af súrrealískum og sálfræðilegum viðfangsefnum. Þrjár kvikmyndir Aronofsky eru sýndar á RIFF í ár, Black Swan, Requiem for a Dream og The Wrestler. Hann hefur á ferlinum verið tilnefndur til fjölda alþjóðlegra verðlauna og hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna sem besti leikstjórinn fyrir myndina Black Swan. Nýjasta kvikmynd hans, Noah frá árinu 2014, var að hluta til tekin upp hér á landi og skartar Russel Crowe í titilhlutverkinu.

**DARREN ARONOFSKY ER ÞEKKTUR FYRIR ÓVENJULEGAR MYNDIR SÍNAR, SEM OFT EINKENNAST AF SÚRREALÍSKUM OG SÁLFRÆÐILEGUM VIÐFANGSEFNUM.**

Aronofsky heldur meistaraspjall í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag, fimmtudag, klukkan 13 og er aðgangur ókeypis. Þar mun hann meðal annars segja frá kvikmyndum sínum og hugðarefnum auk þess að svara spurningum úr sal. Andri Snær Magnason rithöfundur og Þóranna Sigurðardóttir, leikstjóri og kvikmyndaframleiðandi, stýra umræðum. Aronofsky tekur ennfremur þátt í pallborðsumræðum á málþingi í tilefni af opnun Höfða, Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, þar sem fjallað verður um áhrifamátt miðlunar og hvernig nýta megi mátt kvikmyndarinnar til þess að hafa áhrif á friðarhorfur í heiminum í dag.



# Saman eða sundur

**SAMAN EÐA SUNDUR?**

**Kollektivet – Kommúnan**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Thomas Vinterberg
**Framleiðendur:** Sisse Graum Jørgensen, Morten Kaufmann
**Handrit:** Thomas Vinterberg, Tobias Lindholm
**Aðalhlutverk:** Trine Dyrholm, Ulrich Thomsen, Martha Sofie Wallstrøm Hansen

Það eru fáir danskir leikstjórar betri en Thomas Vinterberg þegar kemur að því að magna tilfinningaspennu milli fólks. Tilgerðarlaus leikur og samtöl ráða för, eins og sannaðist með Festen, Submarino og Jagten, og árangurinn lætur ekki á sér standa. Nýjasta mynd Vinterbergs, Kollektivet, er með því léttara og fyndnara sem við höfum séð frá leikstjóranum hingað til en myndin byggir á samnefndu leikriti sem sækir sterkan innblástur í æskuár Vinterbergs frá því hann ólst upp í kommúnu á áttunda áratugnum.

Hér er sagt frá hjónunum Erik og Önnu ásamt dóttur þeirra. Þau eiga sæmilegt samband en sjá sér ekki fjárhagslega fært að viðhalda og reka risastóra einbýlishúsið þar sem þau búa. Anna stingur upp á því að bjóða fleirum að búa með þeim og fyrr en varir myndast kommúna með átta manns undir sama þaki. Fjölskyldunni þykir hópurinn spennandi og allir ná vel saman … að mestu, en þegar Erik er skyndilega kominn með nýja konu inn í líf sitt fer allt á annan endann.

Handritið snertir, bæði með grimmd og blíðu, á lönguninni eftir samstöðu og umburðarlyndi jafnt sem baráttunni við tengslaleysi, sundrung og óraunhæfar væntingar. Vinterberg finnur spennuna í hinu hversdagslega og heldur tilfinningasveiflunum vel. Hann kemst upp með að stökkva úr notalegri kómík yfir í eins konar harmleik á skömmum tíma. Ef það er eitthvað sem hægir aðeins á rennslinu þá eru það tímahoppin, því á tíðum er mjög erfitt að fá tilfinningu fyrir því að það sé eins langur tími liðinn í frásögninni og okkur er sagt.

Kollektivet hefur ekki sama bit og ofannefndar myndir Vinterbergs en hann heldur efninu mátulega einbeittu og gefur góðum leikhópi lausan taum. Trine Dyrholm ber af í hlutverki Önnu, sjálfsöruggu framakonunnar, sem hægt og rólega byrjar að tapa jafnvæginu þegar einkalífið verður aðeins of yfirþyrmandi. Í seinni helmingnum myndast hjá henni gargandi leiksigur og Martha Sofie Wallstrøm Hansen er sömuleiðis frábær sem dóttir hennar. Ulrich Thomsen er bæði yndislega aumkunarverður og dæmigerður sem fjölskyldufaðirinn Erik, sem veldur mestum usla með „kvennavandamálum“ sínum, eins og hann orðar það. Köstin sem hann tekur eru hreinasta dásemd.

Áherslan er að mestu á fjölskylduna og má segja að heildin líði smávegis fyrir það að gera ekki meira úr öðrum meðlimum kommúnunnar. Vinterberg hefði kannski mátt hrista aðeins meira upp í dýnamík hópsins, því nokkrir hafa lítil sem engin áhrif á framvinduna, en hann sér þó til þess að enginn aðili hverfi algjörlega í bakgrunninn. Leikararnir smella allir vel á sinn stað og eru eftirminnilegir á sinn hátt. Enginn vafi er á því að hópurinn gerir myndina góða en hápunktar Dyrholm í aðalhlutverkinu gera hana frábæra, að ógleymdri kvikmyndatöku og umgjörð sem prýðilega skreytir og rammar inn tímabil myndarinnar.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Thomas Vinterberg er í léttari gír en venjulega og færir okkur grípandi, frábærlega leikna og oft bráðfyndna mynd.


**BLEIKA SLAUFAN**

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Krabbameinsfélagið að sérblaði um bleiku slaufuna.

Blaðið kemur út 12. október.

**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

**Jóhann Waage**
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

**Atli Bergmann**
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

**Ólafur H. Hákonarson**
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



BLEIKA SLAUFAN
FRÉTTABLAÐIÐ

# DEBENHAMS

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn í Debenhams.

Þessi fallegi kaupauki* fylgir öllum keyptum DoubleWear förðum frá Estée Lauder dagana 6. – 12. október.




**Kaupaukinn inniheldur:**

**Advanced Night Repair** – viðgerðardropa, 7ml
**Daywear Anti-Oxidant Crème SPF15** – dagkrem með góðri vörn , 7ml
**Nightwear Plus Detox Mask** – afeitrunarmaska
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan mascara
**Fallega snyrtibuddu**

***á meðan birgðir endast**




Kynnum nýjan **DoubleWear** farða.
Fljótlegur i notkun og handhægur.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAGNIFICENT 7 | 6, 9, 10:30 |
| FRÖKEN PEREGRINE | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 8 |
| EIÐURINN | 9 |
| STORKAR 2D ÍSL.TAL | 6 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON VIP | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |
| SKIPTRACE | KL. 10:20 |
| SULLY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 5:30 |
| SKIPTRACE | KL. 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 5:50 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 6:50 - 9 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:40 |
| THE MAGNIFICENT SEVEN | KL. 10:20 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. OKTÓBER

### Tónlist

**Hvað?** Fantasía Disneys
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Fáar teiknimyndir hafa vakið jafn almenna aðdáun og Fantasía Disneys. Myndin markaði tímamót þegar hún kom fyrst út árið 1940 þar sem sígildri tónlist og teiknimyndum var blandað saman á eftirminnilegan hátt. Nú gefst aðdáendum klassískra teiknimynda tækifæri til að koma á glæsilega bíótónleika í hæsta gæðaflokki með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem tónlist við upprunagerð Fantasíu og Fantasíu 2000 er leikin með heillandi myndefni. Hljómsveitarstjóri kvikmyndatónleikanna er bandaríski Broadway-jöfurinn Ted Sperling sem hefur starfað í heimi söngleikjanna með afburðaárangri í yfir þrjátíu ár.

**Hvað?** Bíólín
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Hljómsveitin Mandólín flytur fögur og fjörleg lög úr kvikmyndum eftir Henri Mancini, Goran Bregovic, Kurt Weill, Astor Piazolla, Magnús Blöndal Jóhannsson og fleiri. Við sögu koma glaðværir gyðingar, sígaunabrúðkaup, ítalskar prinsessur, gleðikonur af ýmsu tagi og háleynilegir næturklúbbar.



Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir í hljómsveit sinni Úlfunum verða í Borgarleikhúsinu í kvöld kl. 20.00.

### Viðburðir

**Hvað?** Styrktarkvöld fyrir Ágústu Örnu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hótel Selfoss, Eyrarvegi
Ágústa Arna lamaðist frá brjósti þegar hún féll niður um op á neyðarútgangi á þriðju hæð á Selfossi. Hún slasaðist illa og var á gjörgæslu í rúma viku eftir slysið, en er nú útskrifuð þaðan og komin á heila- og taugadeild þar sem hún heldur endurhæfingunni áfram. Fimmtudagskvöldið 6. október verður haldið styrktarkvöld í Hótel Selfossi og fer allt söfnunarfé beint til Ágústu Örnu. Þar munu Páll Óskar, Ari Eldjárn, Hreimur Örn, Á móti sól, Kiriyama Family, Stuðlabandið, Karitas Harpa og fleiri koma fram.

**Hvað?** Haustútgáfa Meðgönguljóða
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu

**Hvað?** Leiðsögn um Formsins vegna
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Fimmtudaginn 6. október kl. 12.15 til 12.45 verður boðið upp á leiðsögn í Listasafninu á Akureyri um sýningu Gunnars Kr., Formsins vegna. Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fræðslufulltrúi tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna. Aðgangur er ókeypis. Myndlistarferill Gunnars Kr. spannar þrjátíu ár og hefur hann víða komið við. Á fjölmörgum sýningum hefur hann sýnt málverk, skúlptúra, teikningar og vatnslitamyndir. Gunnar býr og starfar að list sinni á Akureyri. Sýningarstjóri er Joris Rademaker.

**Hvað?** Mýrin – Barna- og unglingamenntahátíð
**Hvar?** Norræna húsið
Félagið sem stendur að hátíðinni heitir Mýrin – félag um barnabókmenntahátíð og eftirtaldar stofnanir og samtök mynda félagið: IBBY á Íslandi, SÍUNG (Samtök barna- og unglingabókahöfunda) Rithöfundasamband Íslands, Háskóli Íslands, Borgarbókasafn Reykjavíkur og Norræna húsið. Mýrarhátíðarnar byggja á fjölbreyttri dagskrá með þátttöku höfunda og fræðimanna, innlendra og erlendra.



**Hvað?** Hannes & Smári
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Félagarnir landsfrægu Hannes og Smári (Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir) koma hér saman í hljómsveit sinni Úlfunum og lofa eldfjörugri kvöldstund með leiklist, ljóðum, bar-




# Hönnunarverðlaun Íslands afhent

Hönnunarverðlaun Íslands og viðurkenning fyrir bestu fjárfestingu í hönnun verða afhent í þriðja sinn í dag við athöfn í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15, klukkan 18. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Landsvirkjun, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Hönnunarverðlaunum Íslands er ætlað að vekja athygli á mikilvægi og gæðum íslenskrar hönnunar og arkitektúrs og beina sjónum að því besta sem gert er á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi. Verðlaunin verða veitt hönnuði, arkitekt, hönnunarteymi eða stofu fyrir framúrskarandi ný verk, einstakan hlut, verkefni eða safn verka.

Viðurkenning fyrir bestu fjárfestingu í hönnun er veitt fyrirtæki sem hefur hönnun eða arkitektúr að leiðarljósi frá upphafi verka til að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Hönnunarverðlaun Íslands 2016 eru peningaverðlaun að upphæð ein milljón króna, veitt af iðnaðar- og viðskiptaráðherra.



Sýningin Eldheimar – gosminjasýning í Vestmannaeyjum hlaut Hönnunarverðlaun Íslands á síðasta ári.

dagalist og frumsaminni, óútgefinni tónlist. Að eigin sögn munu félagarnir fara með áhorfendur í listrænan rússíbana, segja sögur um uppruna sinn, líf og áhrifavalda – þetta eru leiftrandi sögur, dramatískar, ágengar en um leið fyndnar.

**Hvað?** Tilraunauppistand snýr aftur
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgötu

Greipur Hjaltason, einn flippaðasti uppistandari landsins, verður kynnir kvöldsins, ásamt blöndu af alls konar reyndum og óreyndum grínistum. Tilraunauppistand er uppistand þar sem nýir grínistar fá tækifæri til að spreyta sig og þeir reyndari prófa nýtt efni og halda sér í formi. Uppistand, töfrabrögð, spuni, tónlistargrín og öll möguleg grínform verða sýnd.

**Hvað?** Orka litanna
**Hvar?** Borgarbókasafnið / Menningarhús, Árbæ

Melkorka Edda Freysteinsdóttir starfar sem listgreinakennari í Árbæjarskóla. Hún hefur tekið ýmis myndlistarnámskeið í Svíþjóð og nam þar einnig hrynlist (Eurytmy) í tvö ár frá 1987-1991 í Kungelv. Árið 2010 útskrifaðist hún sem myndmenntakennari frá Háskóla Íslands. Í vor lauk hún meistaranámi í náms- og kennslufræði list- og verkgreina. Verkin á sýningunni voru unnin í tengslum við rannsóknarverkefni í náminu. Meistaraverkefnið ber heitið: Þegar andinn er yfir, raddir listamanna um sköpun, lífssýn og andlegan innblástur. Melkorka hefur lengi haft mikinn áhuga á andlegum málum og hefur stundað tarotlestur í rúm 20 ár.



Páll Óskar Hjálmtýsson kemur fram á styrktarkvöldi fyrir Ágústu Örnu á Hótel Selfossi í kvöld kl. 20.00.




*margfalt skemmtilegri í 30 ár*

# FRÁBÆR DAGSKRÁ Í OKTÓBER



**ENDALAUST NET Á 1.000 KR. FYLGIR VÖLDUM SJÓNVARPS-PÖKKUM 365***

## Logi
**snýr aftur 9. október**




**16. október**




**Mánudaga**



Sarah Jessica PARKER
Thomas Haden CHURCH
DIVORCE
Hefst 12. október
HEIMILI HBO
12. október
A work of art.
modern family
abc
Þriðjudaga
JAMES SPADER
THE BLACKLIST
Fimmtudaga
SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Miðvikudaga
THE PATH
Þriðjudaga
BREAK FREE
UNDERGROUND
Þriðjudaga
THE X FACTOR
Föstudaga
QUARRY
Mánudaga
SPILAKVÖLD
Laugardaga
GULLI BYGGIR
Mánudagar
LEITIN
AÐ UPPRUNANUM
60 MINUTES
Sunnudaga
GÅSMAMMAN
16. október
THE AGE OF ADALINE
28. október
23. október
365
Skemmtipakkinn
STARTUP
A CRACKLE ORIGINAL SERIES
Fimmtudaga
BRADLEY COOPER
Never underestimate a man with everything to lose.
BURNT
14. október
2016
Þriðjudaga og fimmtudaga
9.990 kr.
Aðeins 333 kr. á dag
3
Krakkastöðin
HEIMILI HBO
Tónlist
Vild
MARAÞON
*Undanskilið er aðgjangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.
Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.
©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.
365




**2**

**ÁRBAKKINN**

Stórskemmtilegir stangveiðiþættir í umsjón Gunnars Bender og Steingríms Þórðarsonar þar sem fylgst er með veiðimönnum í essinu sínu við árbakkana. Í þessum þætti förum við í Ytri-Rangá, ána sem hefur gefið langflesta laxana í sumar.

SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**2**

**MASTERCHEF USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**2**

**NCIS**

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



**2**

**THE BLACKLIST**

Það hefur margt drifið á daga Raymonds Reddingtons og Lizziar síðan í síðustu þáttaröð þar sem Lizzie hittir föður sinn í fyrsta sinn eftir mikla leit. Mögnuð glæný þáttasería með James Spader í aðalhlutverki.



**2**

**STARTUP**

Nýir og magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.



**b**

**TAKE THIS WALTZ**

Dramatísk gamanmynd um konu sem er hamingjusamlega gift en skyndilega fellur hún fyrir nágranna sínum og flækjustigið í lífi hennar hækkar til muna.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45 Marry Me**
**12.15 Léttir sprettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 One Chance**
**14.45 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**16.20 Ég og 70 mínútur**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Árbakkinn**
**19.40 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.25 NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við bæði flóknari og hættulegri sakamál.
**21.10 The Blacklist** Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddingtons eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.
**21.55 StartUp** Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.
**22.40 Ballers**
**23.10 Rizzoli & Isles**
**23.50 The Third Eye**
**00.40 Aquarius**
**01.25 NCIS. New Orleans**
**02.05 Finders Keepers**
**03.30 Tenacious D. in The Pick of Destiny**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.25 Stjarnan - Víkingur Ó.**
**09.10 FH - ÍBV**
**11.05 Pepsímörkin**
**13.45 Formúla E**
**14.15 Formúla E**
**14.45 Skallagrímur - Snæfell**
**16.25 U-21. Ísland - Skotland**
**18.05 Premier League World**
**18.35 Ítalía - Spánn**
**20.45 HM Markasyrpa**
**21.15 NFL Gameday**
**21.45 UFC Unleashed**
**22.30 Ísland - Finnland**
**00.10 Tyrkland - Úkraína**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05 Pepsí-deild kvenna**
**08.55 Spænsku mörkin**
**09.25 Football League Show**
**09.55 Premier League**
**11.40 Premier League**
**13.25 Premier League Review**
**14.20 Körfuboltakvöld**
**16.00 Formúla 1 - Keppni**
**18.35 Undankeppni HM 2018**
**20.45 Premier League**
**22.35 Undankeppni HM 2018**
**00.15 Undankeppni HM 2018**
**01.55 HM Markasyrpa**

### STÖÐ 3

**17.45 Cougar Town**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.50 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Léttir sprettir**
**20.10 Veistu hver ég var?**
**21.05 One Born Every Minute UK**
**21.55 Gotham**
**22.40 NCIS. New Orleans**
**23.55 Entourage**
**00.20 Léttir sprettir**
**00.40 Veistu hver ég var?**
**01.30 One Born Every Minute UK**
**02.20 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Zigby**
**07.10 Ævintýraferðin**
**07.25 Brunabílarnir**
**07.47 Mæja býfluga**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveins**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.37 Stóri og Litli**
**10.49 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Zigby**
**11.10 Ævintýraferðin**
**11.25 Brunabílarnir**
**11.47 Mæja býfluga**
**12.00 Könnuðurinn Dóra**
**12.25 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.48 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveins**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.37 Stóri og Litli**
**14.49 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Zigby**
**15.47 Mæja býfluga**
**16.00 Könnuðurinn Dóra**
**16.25 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.48 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveins**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.37 Stóri og Litli**
**18.49 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Arthúr 2**

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.48 og 16.48**



### GOLFSTÖÐIN

**08.40 Ryder Cup**
**14.25 Ryder Cup - Lokaathöfn**
**14.50 Golfing World**
**15.40 Einvígið á Nesinu**
**16.30 PGA Tour - Highlights**
**17.25 Inside The PGA Tour**
**17.50 Ryder Cup**
**23.35 Inside The PGA Tour**

### BÍÓSTÖÐIN

**12.10 Song One**
**13.40 Inside Llewyn Davis**
**15.25 Hysteria** Rómantísk gamanmynd sem segir sögu ungs læknis, Mortimiers Granville, sem hefur verið rekin frá nokkrum spítölum fyrir að ögra aðferðum eldri lækna. Hann fer að starfa með dr. Dalrymple sem sérhæfir sig í að lækna karlmannslausar konur með ákveðnu mjaðmanuddi. Hinn ungi og aðlaðandi Mortimier er fljótur að laða að sér stóran kúnnahóp og heldur áfram rannsóknum sínum á kynlífssveltum konum með aðstoð frumkvöðla sem hefur þróað tæki sem seinna er nefnt titrari.
**17.05 Song One**
**18.35 Inside Llewyn Davis**
**20.20 Hysteria**
**22.00 Take This Waltz** Dramatísk gamanmynd frá 2011 með Michelle Williams og Seth Rogen í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Sarah Polley. Myndin fjallar um konu sem er hamingjusamlega gift en skyndilega fellur hún fyrir nágranna sínum og flækjustigið í lífi hennar hækkar til muna.
**23.55 Arthur Newman**
**01.35 Annabelle**
**03.15 Take This Waltz**

### RÚV

**16.35 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið**
**17.00 Sjöundi áratugurinn – Víetnam-stríðið**
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Krakkafréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.15 Veður**
**18.20 Ísland - Finnland**
**20.55 Alþingiskosningar 2016**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið**
**22.55 Undankeppni HM karla í fótbolta: Samantekt**
**23.20 Dicte II**
**00.05 Alþingiskosningar 2016**
**01.05 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Black-ish**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser**
**09.45 The Biggest Loser**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**13.00 Dr. Phil**
**13.40 Survivor**
**15.05 The Bachelor**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**20.15 Girlfriends' Guide to Divorce**
**21.00 BrainDead**
**21.45 Zoo**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 24**
**00.35 Sex & the City**
**01.00 Law & Order. Special Victims Unit**
**01.45 American Gothic**
**02.30 BrainDead**
**03.15 Zoo**
**04.00 The Tonight Show**
**04.40 The Late Late Show with James Corden**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS CONSUMPTION. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5
100 ÁRA
AFMÆLISTILBOÐ.
SETTU Í xDRIVE OG TRYGGÐU
ÞÉR NÝJAN BMW X5.
Í tilefni af 100 ára afmæli BMW bjóðum við nokkra BMW X5 25d xDrive og 30d xDrive á sérstöku afmælisverði.
Auk leðurinnréttingar og 8 þrepa Steptronic sjálfskiptingar eru allir bílarnir búnir bakkmyndavélum, rafdrifnum
sætum með minni, dráttarbeislum og Bi-Xenon aðalljósum svo eitthvað sé nefnt.
KYNNIÐ YKKUR AFMÆLISVERÐ Á NÝJUM
BMW X5 HJÁ SÖLUMÖNNUM BMW.
THE NEXT
100 YEARS
ENNEMM / SÍA / NM77692
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



# Fjör án pásu síðustu 10 árin

Hljómsveitin **FM Belfast** er 10 ára á þessu ári og mun í dag gefa út nýtt lag af því tilefni. Sveitin hefur á þessum árum spilað á ótal tónleikum enda geysilega vinsæl í Evrópu og er þekkt fyrir ansi fjöruga sviðsframkomu þar sem dansinn ræður ríkjum.



Það vantar ekki fjörið á tónleikum með sveitinni.

Þeir Árni Rúnar Hlöðversson og Örvar Þóreyjarson Smárason settust niður í spjall með Fréttablaðinu og sögðu frá fæðingu hljómsveitarinnar og öllum tónleikunum í útlöndum sem eru nú orðnir mörg hundruð talsins en sveitin hefur líklega spilað á hverju einasta festivali í Evrópu. Það eru líka fáar hljómsveitir, nema kannski Múm, sem hafa verið með jafn marga meðlimi í gegnum árin og FM Belfast. Um fjörutíu manns hafa spilað á kúabjöllu með þeim en um 15 manns hafa spilað með sveitinni eitthvað að ráði auk dansara.

**Barnalegt fjör**

Árni „Staðreyndir: ég og Lóa byrjuðum á því að gera nokkur lög og svo einn daginn hittum við Egil [Tómasson], sem var þá að vinna fyrir Iceland Airwaves, og er enn að vinna fyrir Iceland Airwaves, og hann hafði heyrt einhver lög og sagði „viljiði ekki spila á Airwaves?“ og ég sagði bara „já“ og hugsaði það ekki mikið lengra. Nema svo fór að líða að því, og við bæði tiltölulega óörugg á sviði og í að koma fram ... og í rauninni var þetta bara það hræðilegasta sem ég hafði gert – að segja já við þessu. Þá fórum við bara í að finna vini okkar sem væru bestir í að koma fram.“

„Athyglissjúkustu mennirnir,“ bætir Örvar við hlæjandi.

Árni: „Það voru Örvar og Árni Vil sem urðu fyrir valinu. Við tókum frekar stífar æfingar með möppu af lögum eins og við værum coverlagasveit.“

Örvar: „Við vorum svolítið að reyna að finna sándið“

Árni: „Og við höfðum eiginlega ekki hugmynd um það til að byrja með – við erum bara að fara að spila og fólk er bara að fara að hlusta. Við vorum ekki enn þá komin með þessa hugmynd að fólk væri að fara að dansa eða að það myndi dansa smá en ekki að þetta væri beint danstónlist.“

Örvar: „Við vorum jafnvel að hugsa um að hafa leikþátt sem við gætum falið okkur bak við.“

Árni: „Lóa var með ýmsar hugmyndir um sviðsetninguna – skemmtilegar og óhefðbundnar hugmyndir sem hafa reyndar aldrei orðið að veruleika. Við spiluðum síðan fyrsta showið okkar á Pravda ... sem brann svo stuttu síðar.“

Örvar: „Þar fór fólk að dansa, það kom okkur pínu á óvart.“

Árni: „Það var þá sem við áttuðum okkur á því að þetta virkaði og að við réðum alveg við þetta. Síðan héldum við fullt af tónleikum eftir það en það var kannski ekkert dansað brjálæðislega mikið þar, alveg fyrstu tónleikarnir voru svolítið stuð en síðan ekkert svo mikið eftir það enda vorum við sjálf ekkert alveg örugg með hvað við vorum að gera fyrr en við byrjuðum að spila fyrir erlendra nemendur ...“

Örvar: „Skiptinema ...“

Árni „Já, eitthvert félag erlendra stúdenta. Þau bara dönsuðu allan tímann. Þá föttuðum að „já, þetta er það sem við þurfum að gera.“ Við nutum þess líka að vera með Árna Vil sem er ákveðinn galdramaður á sviði, hann gat einhvern veginn á voðalega vinalegan hátt skipað fólki að dansa þannig að því leið eins og það hefði fengið hugmyndina sjálft. Við héldum fyrst að þetta væri svona klúbbahljómsveit. Síðan förum við á risafestivöl og þetta virkaði líka þar og við urðum eiginlega voðalega hissa. Það þarf kannski örlítið skýrari skilaboð til fólks á festivölum, stærri hreyfingar – stinga upp á mjög ákveðið hvað það eigi að gera. Við áttum erfiðast með Frakka – þeir voru ekki alveg vissir um hvort að við værum alveg nógu kúl til að dansa við. Síðan brotnuðu þeir á endanum.“

Örvar: „Þetta snýst rosalega mikið um að fólk sleppi öllu kúli – því að þetta er í raun og veru rosalega lúðalegt show; allir hoppandi og svona.“

Árni: „Þetta er svolítið barnalegt, að standa og hoppa öll saman, beygja sig niður og hoppa upp.“

> ÞETTA SNÝST ROSALEGA MIKIÐ UM AÐ FÓLK SLEPPI ÖLLU KÚLI – ÞVÍ AÐ ÞETTA ER Í RAUN OG VERU ROSALEGA LÚÐALEGT SHOW; ALLIR HOPPANDI OG SVONA.



Krakkarnir í FM Belfast hafa gengið í gegnum margar mannabreytingar og spilað á ótal tónleikum á þessum 10 árum. MYND/ÁLVARO GUZMÁN



FM Belfast liðar eru orðnir ansi kunnugir hinum ýmsu flugvöllum heimsins.

**Festivöl, flugvellir og týndur farangur**

Árni: „Við höfum ekki tekið neina raunverulega pásu í þessi 10 ár – það var kannski þarna hálft ár þar sem allir eignuðust barn á sama tíma.“

Örvar: „Á sumrin t.d. erum við að spila alveg aðra hvora helgi á stórum festivölum. Í Þýskalandi til dæmis, fólk myndi ekki trúa því hvað það eru mörg festivöl í Þýskalandi. Nánast um hverja helgi er risastórt festival einhvers staðar í Þýskalandi.“

Árni: „Á Íslandi er hugsunin öll einhvern veginn út frá Hróarskeldu. En í Þýskalandi eru alveg nokkrar Hróarskeldur – Þýskalandsmarkaðurinn er svolítið fyrir þjóðverjana. Rock am Ring og Rock im Park til dæmis, það eru svona systrafestivöl. Það er svolítið fyndið að spila þar því að þetta eru svona rokkfestivöl ...“

Örvar: „Motörhead ...“

Árni: „Já, og svo var Marilyn Manson einu sinni að spila á sama tíma og við. The Prodigy voru einu sinni að spila beint á móti okkur – bara á sviði beint á móti okkur og við vorum svona að berjast við þá.“

Örvar: „Já, það var á Rock am Ring – það er á Formúlu 1 brautinni Nürburgring, þá spiluðum við á sjálfri brautinni.“

Árni: „Okkur gengur rosalega vel á þessum þýskumælandi svæðum, við spilum mikið á festivölum þar.“

Örvar: „Ég held að stærsta „kráð“ sem við höfum spilað fyrir hafi verið í Frakklandi, man ekki nafnið á festivalinu – það var alveg þvílíkt mannhaf þar, en það sem hafði gerst var að við vorum nýkomin úr flugi og allar töskurnar höfðu týnst – við vorum ekki með neitt með okkur nema handfarangur. Við spiluðum alltaf í ákveðnum búningi sem varð eftir, ég var ekki með nein föt – við enduðum með að föndra búning; klippa festivalboli og föndra slaufur.“

Árni: „Við vorum með græjur sem voru svona rétt svo nóg til að halda tónleikana – mjög erfitt samt. Við erum mjög góð að láta týna farangrinum okkar, það eru komin 24 skipti núna. Þú getur rétt ímyndað þér fjölda flugferða hjá okkur út frá þeim tölum. Fróði, sonur okkar [Lóu], hefur farið í einhver fimmtíu og tvö flug og megnið af þeim er fyrir tveggja ára aldurinn.“

Örvar: „Við erum rosalega mikið á flugvöllum“

Þannig að það vinnst ekki mikill tími til að semja tónlist?

Árni: „Við verðum svolítið að finna þann tíma. Það þarf að detta í stuð til að gera það – það er kannski erfitt að gera það á tveimur vikum á milli tónleika. Það gerist kannski frekar eftir svona mánuð í rútínu. Þannig að það getur verið erfitt að finna tímann.“

Örvar: „Það þarf svolitla orkujöfnun.“

„Þegar maður kemur heim er maður í smá stund að finna jafnvægið – hvernig lifi ég lífinu, ég man það ekki,“ segir Árni hlæjandi að lokum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# FANTASÍA DISNEYS

FIM 06 19:30
FÖS 07 19:30
LAU 08 17:00
OKT

BÍÓTÓNLEIKAR MEÐ SINFÓNÍUNNI



©Disney

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI
SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

# Frægu fórnarlömbin

Kim Kardashian var haldið í gíslingu í vikunni á meðan ræningjar létu greipar sópa. Frægt fólk er oft skotmark glæpamanna.

Það setti hroll að mörgum á mánudag þegar fregnir spurðust út þess efnis að nokkrir menn, dulbúnir sem lögregluþjónar, hefðu ráðist inn í íbúð Kim Kardashian í París, ógnað henni með byssu og haldið í gíslingu inni á baðherbergi í yfir tvær klukkustundir á meðan ræningjarnir létu greipar sópa.

Upp úr krafsinu höfðu þeir meðal annars farsíma stjörnunnar og skartgripi að verðmæti margra milljóna dollara, en Kardashian mun ekki hafa orðið líkamlega meint af árásinni.

Fræga og ríka fólkið hefur verið skotmark glæpamanna í áratugaraðir og reglulega orðið fyrir innbrotum eða árásum af ýmsu tagi. Þá hafa óprúttnir aðilar um víða veröld oftsinnis rænt frægðarfólki eða skyldmennum þess til lengri eða skemmri tíma, gjarnan í von um skjótfenginn gróða og með misarðvænlegum árangri. Oft hafa afleiðingarnar orðið hörmulegar.



## FRANK SINATRA JR.

Syni gamla Bláskjás, Franks Sinatra, var rænt nítján ára gömlum árið 1963 af hótelherbergi sínu í Harrah's Lake Tahoe í Nevada-fylki og föður hans gert að greiða 240.000 dali í lausnargjald, sem var himinhá upphæð í þá daga. Frank yngri var í haldi mannræningjanna í tvo daga áður en honum var sleppt og fengu feðgarnir að ræðast við af og til á meðan, en mannræningjarnir heimtuðu að öll samskipti færu fram í gegnum almenningssíma. Sú tilhögun gerði það að verkum að Frank eldri varð afar hræddur um að hafa ekki nægja smámynt á sér meðan á símtölunum stóð og gekk upp frá því alltaf með rúllu af smámynt á sér. Söngvarinn vinsæli var á endanum jarðsettur með eina slíka rúllu á sér. Mannræningjarnir þrír náðust fljótlega og fengu þunga fangelsisdóma.

## BENEDICT CUMBERBATCH



Áður en Benedict Cumberbatch varð heimsfræg kvikmyndastjarna ferðaðist hann vítt og breitt um heiminn eins og margs ungs fólks er siður. Á einu slíku ferðalagi, ásamt tveimur vinum sínum í Suður-Afríku árið 2005, stöðvuðu félagarnir bifreið sína til að skipta um dekk og var um leið ógnað af sex mönnum með alvæpni. Hendur og fætur breska leikarans og vina hans voru bundnar og þeir keyrðir á afvikinn stað þar sem þeim var hent í jörðina og héldu allir að þeirra síðasta stund væri runnin upp. Betur fór en á horfðist þegar þeim var síðan sleppt, án nokkurra frekari útskýringa, og hefur Cumberbatch síðar lýst því hversu mjög atvikið hafði áhrif á líf hans.

## RUSSELL CROWE



Hollywood-leikarinn Russell Crowe greindi frá því í viðtali árið 2005 að nokkrum árum áður, í aðdraganda Óskarsverðlaunahátíðarinnar árið 2001, hefðu hryðjuverkasamtökin al-Kaída ráðgert að ræna honum. Að sögn Crowe átti mannránið að vera hluti af þeirri áætlun samtakanna að koma vestrænni menningu úr jafnvægi með því að ræna þekktum Bandaríkjamönnum, sem verður að teljast einkennilegt í ljósi þess að Crowe er frá Nýja-Sjálandi. Í kjölfarið mun leikarinn hafa aukið öryggisgæslu í kringum sig til muna og var skelkaður um hríð, en ekkert varð af glæpnum.

## CHARLES LINDBERGH III



Einn umtalaðasti glæpur 20. aldarinnar var framinn árið 1932 þegar 20 mánaða gömlum syni bandaríska flug- og þjóðhetjunnar Charles Lindbergh var rænt af fjölskylduheimilinu í New Jersey. Í herbergi barnsins fundu foreldrar þess miða þar sem krafist var 50.000 bandaríkjadala í lausnargjald. Sonarins var leitað dyrum og dyngjum og lofaði Herbert Hoover Bandaríkjaforseti því að láta snúa við hverjum steini til að finna barnið. Lík þess fannst rúmum mánuði síðar í trjálundi skammt frá heimili Lindberghhjónanna og leiddi krufning í ljós að banamein þess var þungt höfuðhögg. Þremur árum síðar var þýskur innflytjandi í New York, Bruno Richard Hauptmann að nafni, sakfelldur fyrir morðið og hlaut dauðadóm.

## THOMAS „FATS“ WALLER

Djass-goðið Thomas „Fats“ Waller vakti kornungur athygli fyrir afburðahæfni í píanóleik. Þegar Waller var 22 ára gamall, árið 1926, var honum rænt af hópi manna eftir tónleika í Chicago, hent inn í bíl og fluttur nauðugur á Hawthorne Inn-hótelið þar sem honum var skipað að leika fyrir dansi í fjölmennri veislu. Waller átti engra annarra kosta völ en að setjast við píanóið, enda boraðist byssa inn í bakið á honum á meðan. Í ljós kom að veislan var haldin til heiðurs eiganda hótelsins, glæpaforingjanum Al Capone, og segir sagan að píanósnillingurinn hafi ekki yfirgefið veisluna fyrr en þremur dögum síðar með þúsundir dala í reiðufé í vasanum.





## PATTY HEARST

Nítján ára gamalli dóttur fjölmiðlakóngsins Randolphs Hearst var rænt af hópi byltingarfólks árið 1974. Hún gekk fljótlega til liðs við hópinn, tók þátt í bankaráni á vegum hans og hefur síðan iðulega verið nefnd sem eitt þekktasta dæmið um Stokkhólmsheilkennið. Hearst var síðar dæmd í sjö ára fangelsi fyrir aðild sína að bankaráninu en Bill Clinton veitti henni sakaruppgjöf þegar hann var forseti Bandaríkjanna.

# Teiknimyndafroskur veldur usla

Froskurinn Pepe byrjaði sem saklaus karakter úr teiknimyndasögu en hefur á lygilegan hátt verið dreginn inn í sjálfar forsetakosningarnar í Bandaríkjunum.



Froskurinn Pepe ber það ekki utan á sér að vera nasisti eins og hann hefur nú verið flokkaður sem í Bandaríkjunum.



**Hillary Clinton skar upp herör gegn Pepe enda mikið notaður af pólitískum andstæðingum hennar. Samt fyndið.**



**Donald Trump sefur líklega ágætlega þrátt fyrir að hafa átt óbeinan þátt í að gera saklausan teiknimyndakarakter að tákni fyrir kynþáttahatur.**

Kosningabaráttan í Bandaríkjunum hefur verið ansi litrík og sérstaklega í kringum Donald Trump, forsetaframbjóðanda Repúblikanaflokksins, sem hefur ekki verið feiminn við að láta út úr sér stórkarlalegar yfirlýsingar. Skrítnasta útspil baráttunnar hefur þó vafalaust verið það þegar Hillary Clinton og hennar teymi lýstu því yfir að internet meme-ið Pepe the frog, teikning af froski í ýmsum aðstæðum, væri haturstákn og í kjölfar yfirlýsingarinnar tóku samtökin Anti-Defamation League undir með forsetaframbjóðandanum og settu Pepe á lista með táknum eins og sjálfum hakakrossinum.

**Hvaðan kemur Pepe?**

Pepe er teiknimyndafroskur í mannsmynd sem upphaflega birtist í teiknimyndasögusyrpunni Boy's Club sem hóf göngu sína árið 2005. Teiknimyndasögurnar fjalla um nokkra félaga sem búa saman og eyða tíma sínum aðallega í að nota eiturlyf og láta barnalega. Frasinn „feels good man“ ásamt myndum af Pepe fóru fljótlega að verða vinsælar á spjallborðinu 4chan þar sem meðlimir þess notuðu hann til að tjá tilfinningar sínar. Alls kyns útgáfur af Pepe fóru að verða til og 4chan-notendur voru fljótlega farnir að teikna eigin útgáfur af froskinum. Tíu árum síðar var Pepe enn þá í notkun á internetinu en eins og ýmislegt sem er grínast með á 4chan var Pepe löngu sloppinn þaðan út og kominn í umferð hér og þar – Pepe var orðinn að allsherjar meme-i, meðal annars hafa Katy Perry og Nicki Minaj notað hann á Twitter – 4chan notendum til mikils ama.

**Pepe og Alt-right hreyfingin**

Ef það er eitthvað sem notendur 4chan hafa gaman af þá er það að „trolla“ og fljótlega fór Pepe að skarta hakakrossinum, myndir tóku að birtast af honum í útrýmingarbúðum og hann almennt farinn að vera settur í hatursfullt samhengi. Líklega var þetta gert til að láta fræga fólkið og aðra sem voru að misnota (að mati 4hcan) Pepe líta illa út. Fljótlega var Pepe þó kominn í mikla notkun hjá stuðningsfólki Trumps og öðrum úr hinni svokölluðu „Alt-right“ hreyfingu sem notaði hann til að tjá skoðanir sínar sem oft vilja vera ansi hatursfullar. Pepe var skyndilega kominn með hár eins og Trump og básúnaði skoðanir frambjóðandans og hans stuðningsmanna. Donald Trump Jr., sonur Trumps, póstaði meme-inu meira að segja á Instagram-síðu sína og var gagnrýndur harðlega fyrir.

Það má telja líklegt að stuðningsmenn Trumps og 4chan-notendur hafi orðið nokkuð ánægðir með það þegar Hillary sjálf beindi athyglinni að þeim með því að taka Pepe, af öllum hlutum, fyrir, enda er það í eðli þessara hópa að sækjast eftir því að fá frægt fólk, og þá sérstaklega fólk sem þeim líkar illa við, til að sýna viðbrögð – það er lokamarkmið þess að „trolla“.

Matt Furie, sem upphaflega teiknaði Pepe, er þó ekki jafn ánægður. Hann hefur komið fram í viðtölum þar sem hann segist vera stuðningsmaður Hillary Clinton og hefur töluverðar áhyggjur af uppgangi Alt-right hreyfingarinnar. Hann hefur þó ekki áhyggjur af notkun hreyfingarinnar á Pepe og telur að það sé bara tímabundið enda sé karakterinn saklaus og skemmtilegur í eðli sínu.

stefanthor@frettabladid.is

## ORÐABÓK

**4chan**

4chan er spjallborð á internetinu þar sem notendur njóta nafnleyndar. Spjallborðinu er skipt upp í alls kyns svæði þar sem flest milli himins og jarðar er rætt. Spjallborðið tengist að því er virðist nánast öllu sem á sér stað á internetinu, bæði góðu og slæmu, þó að hið slæma virðist oft vera meirihlutinn – enda er ýmislegt mögulegt í skjóli nafnleyndar.

**Meme**

Í stutti máli er internet-meme athæfi, hugmynd, frasi eða einhvers konar mynd, texti, myndband sem dreifist um internetið og líkt er eftir og sett í alls kyns útgáfur hér og þar. Góð dæmi um þekkt meme sem náðu meðal annars dreifingu hér á landi eru að planka og Harlem Shake.

**Troll**

Sá sem trollar er oftast að reyna að byrja rifrildi eða einhvers konar leiðindi með því að senda frá sér móðgandi fullyrðingar eða annað í þeim dúr og er markmiðið yfirleitt það að reita fólk til reiði og skemma umræðu.



# FRÁBÆR BÍLL

# ENN BETRI DÍLL

## TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016




**AÐEINS KR.**
**1.990**
ÞÚSUND

**Með veglegum kaupauka**

**26 ÞÚS. Á MÁNUÐI***

**KAUPAUKI**
**AÐ VERÐMÆTI**
**KR.**
**200.000**
FYLGIR **ÖLLUM** BÍLUM

- √ NÝJAR ÁLFELGUR
- √ NÝ VETRARDEKK
- √ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

## LÍTIÐ NOTAÐIR TOYOTA YARIS ÁRGERÐ 2016 **

Á AÐEINS 1.990 ÞÚSUND KR.
MEÐ VEGLAEGUM KAUPAUKA

- √ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ***
- √ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
- √ TIL Í ÝMSUM LITUM
- √ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
- √ GÓÐ ENDURSALA
- √ TÖKUM BÍLA UPPÍ
- √ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

* Miðað við 20% útborgun
** Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km
*** Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki.
Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 28.09.16 – 04.10.16




**1** **Bókin um Baltimore fjölskylduna**
Joël Dicker




**2** **Sykurpúðar í morgunverð**
Dorothy Koomson




**3** **Hjónin við hliðina**
Shari Lapena




**4** **Íslandsbók barnanna**
Margrét Tryggvad. / Linda Ólafsd.




**5** **Vögguvísa**
Carin Gerhardsen




**6** **Lifðu til fulls**
Júlía Magnúsdóttir




**7** **Dalalíf - Tæpar leiðir**
Guðrún frá Lundi




**8** **Fórnarlamb án andlits**
Stefan Ahnhem




**9** **Norma**
Sofi Oksanen




**10** **Skúli Skelfir - Draugar**
Francesca Simon

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson



Davíð Þór Katrínarson fer með hlutverk í sýningunni Ræman sem frumsýnd verður í Borgarleikhúsinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það taka mér allir mjög vel

**Davíð Þór Katrínarson** leikari þreytir frumraun sína á sviði Borgarleikhússins í sýningunni Ræman eftir Annie Baker. Davíð Þór útskrifaðist frá Stella Adler Academy of Acting & Theatre í Los Angeles síðasta haust og segir námið hafa verið krefjandi og skemmtilegt.

Ég ákvað að fara í prufu hjá Borgarleikhúsinu fyrir hlutverk í sýningunni Ræman, eftir Annie Baker. Það var svo í byrjun maí sem ég fékk símtal um að ég hefði fengið hlutverkið,“ segir Davíð Þór Katrínarson, nýútskrifaður leikari frá Stella Adler Academy of Acting & Theatre í Los Angeles, spurður út í það hvernig það kom til að hann fékk eitt aðalhlutverkið í stórri sýningu í Borgarleikhúsinu.

Um er að ræða sýningu sem fjallar um þrjá starfsmenn í gömlu „költ“ bíói, sem vinna við það að sópa gólfin, selja miða og kveikja á kvikmyndavélinni fyrir sýningar. Launin eru lág, andrúmsloftið rafmagnað og samskiptin á milli þeirra endurspegla kaldranalegan veruleika. En hver og einn elur með sér draum um betra líf og oft getur raunveruleikinn skákað heimi kvikmyndanna allhressilega.

„Ég leik Andrés, einn af þremur starfsmönnum sem vinnur í „költ“ bíói, hann hefur endalausan áhuga á kvikmyndum svo það er óhætt að segja að þetta sé draumastarf fyrir hann. Andrés er mikil tilfinningavera, en er þó feiminn og hlédrægur náungi,“ segir Davíð og bætir við að allir karakterarnir hafi sýna kosti og galla, þetta sé skemmtileg og fyndin saga en á sama tíma frekar dramatísk.

Ræman er vel skrifað og hjartnæmt leikrit eftir ungt bandarískt leikskáld sem hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og í Evrópu. Höfundurinn, hin 34 ára Annie Baker, hlaut bandarísku Pulitzer-verðlaun fyrir besta leikritið árið 2014. Dóra Jóhannsdóttir leikstýrir verkinu en þetta mun einnig vera hennar fyrsta leikstjóraverk, í atvinnuleikhúsi.

„Það er mikil áskorun að koma inn í svona stórt hlutverk stuttu eftir útskrift. Undirbúningurinn hefur gengið vel, en frá því ég fékk handritið í hendurnar hef ég verið að undirbúa mig smám saman. Það þýðir ekkert annað, þegar maður leikur á móti eins miklum fagmönnum og koma að sýningunni.

Hjörtur Jóhann Jónsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir fara með hlutverk hinna starfsmanna bíósins en þau eru bæði mjög reynd og hafa bæði unnið til verðlauna fyrir hlutverk sín á fjölum leikhússins.

„Það er frábært að vinna með þeim, ég get lært heilan helling af þeim, og þau eru virkilega góð í því sem þau eru að gera. Það taka mér allir vel, og ég hef fundið fyrir því að starfsandinn í Borgarleikhúsinu er virkilega góður,“ segir Davíð spenntur fyrir vinnunni sem fram undan er.

**gudrunjona@frettabladid.is**

### ÞEKKTIR LEIKARAR ÚR STELLA ADLER ACADEMY



Fjöldi þekktra leikara hefur stundað nám í Stella Adler Academy of Acting & Theatre í Los Angeles en meðal þeirra þekktustu eru:

**Robert De Niro**
**Marlon Brando**
**Mark Ruffalo**
**Salma Hayek**
**Sydney Pollack**
**Candice Bergen**
**Benicio Del Toro**
**Martin Sheen**



**ÉG LEIK ANDRÉS, EINN AF ÞREMUR STARFSMÖNNUM SEM VINNUR Í „KÖLT“ BÍÓI, HANN HEFUR ENDALAUSAN ÁHUGA Á KVIKMYNDUM SVO ÞAÐ ER ÓHÆTT AÐ SEGJA AÐ ÞETTA SÉ DRAUMASTARF FYRIR HANN.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

DOMINO'S-DEILDIN 2016–2017

# Keyrum þetta í gang

**Biðin er loksins á enda og bestu lið landsins tilbúin í átökin í Domino's-deildinni. Domino's er stoltur aðalstyrktaraðili besta körfubolta landsins. Sjáumst á vellinum!**

PIPAR\TBWA · SÍA




KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KONUR | GRINDAVÍK–KEFLAVÍK 8. okt. kl. 16:30 | STJARNAN–SKALLAGRÍMUR 8. okt. kl. 16:30 | SNÆFELL–NJARÐVÍK 9. okt. kl. 19:15 | HAUKAR–VALUR 9. okt. kl. 19:15 | VALUR–SNÆFELL 11. okt. kl. 19:15 |
| KARLAR | ÍR–SNÆFELL 6. okt. kl. 18:00 | GRINDAVÍK–ÞÓR Þ. 6. okt. kl. 18:00 | KR–TINDASTÓLL 7. okt. kl. 20:05 | ÞÓR A.–STJARNAN 7. okt. kl. 18:00 | NJARÐVÍK–KEFLAVÍK 7. okt. kl. 18:15 |




KEFLAVÍK–HAUKAR
12. okt. kl. 19:15

SKALLAGRÍMUR–GRINDAVÍK
12. okt. kl. 19:15

NJARÐVÍK–STJARNAN
12. okt. kl. 19:15

HAUKAR–SKALLAGRÍMUR
7. okt. kl. 20:00

DOMINO'S DEILDIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Skynsamleg stjórnmál

Síðar í þessum mánuði göngum við til kosninga. Ekki er laust við að fiðringur fari um mörg okkar. Við teljum okkur trú um að nú sé hægt að gera betur en síðast. Við ætlum ekki að falla fyrir sömu ódýru og innantómu loforðunum í þetta skipti. Einn flokkurinn lofar í stefnuskrá að standa vörð um kristin gildi og viðhorf. Það er skynsamlegt og örugglega vel ígrundað. Að fylgjast með guðleysinu vaxa allt í kring um okkur undanfarið, með alls kyns skuggalegum afleiðingum, hefur nefnilega verið hrollvekjandi.

Konur vaða nú uppi með frekju og yfirgang. Allir vita hins vegar að konan á að halda sér saman á meðan maður hennar hefur orðið. Ef kona vill fræðast, þá skal hún spyrja karl sinn heima fyrir, ekki úti á torgum. Konur skulu vera undirgefnar. Þetta er ekki flókið. Nýja testamentið er skýrt hvað þetta varðar. Kristur tók líka fram að börn sem ansa foreldrum sínum með skætingi skuli líflátin. En þessum kristnu gildum virðumst við hafa gleymt í öllu guðleysinu.

Nýja testamentið minnist líka á svívirðilegar girndir mannfólksins. Bæði hafa konur breytt eðlilegum mökum í óeðlileg og eins hafa karlar hætt eðlilegum mökum með konum og brunnið í losta hver til annars. Guð dæmir þá réttilega og segir að allir, sem slíkt fremja, séu dauðasekir. Það er gott að fylkja þjóðhollra ætli að standa vörð um þessi gildi. Rúsínan í pylsuendanum er svo loforð þeirra um að hafna öllum trúarbrögðum sem eru andstæð íslensku stjórnarskránni. Þetta kallar maður vel ígrundaða og heilbrigða stefnuskrá.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

4BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

LEIKJADEILDIN OKTÓBER VEISLA

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2

HAUST TILBOÐ

NÝTT BLAÐ

Stútfullt blað af hausttilboðum sem hjálpa þér að skipuleggja heimilið og fegra.

Skoðaðu blaðið á byko.is

LJÓS OG PERUR 25% AFSLÁTTUR

**GLAS** 8x10 cm, grænt, bleikt eða blátt. **585kr** 41122049-51

**SKÁL** 12x10 cm, græn, bleik eða blá. **855kr** 41122052-4

**KANNA** 14x19 cm, græn, bleik eða blá. **2.295kr** 41122055-7

**POTTUR** 28x28 cm, 3,8 l með loki. **5.735kr** 41114370 Almennt verð: 8.195 kr.

HAUST TILBOÐ

Tilboð gilda til 24. október eða á meðan birgðir endast.

ALLT Í RÖÐ OG REGLU

**JÁRNHILLA** WORK 180x100x30cm, 5 hillur, hámark 150 kg. **4.995kr.** 38910093 Almennt verð: 7.995 kr.

**GEYMSLUBOX** með loki, 10, 28, 48, 64, 75 eða 110 l. Verð frá: **625kr** 58099920-29 Almennt verð: 895 kr.

**GEYMSLUBOX** með loki, 31 l. **1.535kr** 423779301 Almennt verð: 2.195 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

**HÖGGBORVÉL** 500-RE, 500 W, 13 mm sjálfherðandi patróna. **6.995kr.** 74860500 Almennt verð: 9.895 kr.

**STINGSÖG** 500 W. SDS kerfi. **8.395kr.** 74862660 Almennt verð: 11.995 kr.

BOSCH

**BÚTSÖG** PCM-8, 1200W, 216 mm. **24.995kr.** 74862008 Almennt verð: 34.995 kr.

FLOKKAÐU RUSLIÐ Á EINFALDAN HÁTT

Auðveldaðu ruslflokkunina með frábærum tunnum sem hafa mislit lok. Hver flokkur hefur sinn lit.

**FLOKKUNARTUNNUR** Margar gerðir. Verð frá: **2.495kr.** 58150401-21

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN